18–19



Ábyrg matvælaframleiðsla – Ísland og heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna

22



Munum sjá mikla nýsköpun í landbúnaði

32–33



Það er þjóðin sem á að láta þetta sig varða, ekki einstakir hagsmunaaðilar

Bændablaðið

11. tölublað 2018 • Fimmtudagur 7. júní • Blað nr. 516 • 24. árg. • Upplag 32.000 • Vefur: bbl.is



Aðalheiður Elma Andradóttir og Nína Vala Ásgeirsdóttir, nemendur í Mýrarhúsaskóla á Seltjarnarnesi, fóru í heimsókn með skólafélögum sínum að bænum Miðdal í Kjós í fyrri viku. Þar sáu vinkonurnar þessa yndislegu kettlinga sem þær voru mjög hugfangnar af. Sjá fleiri myndir úr heimsókninni á bls. 7.

Mynd / HKr.

Þýskir bændur:

Vara við óheftum innflutningi

Fyrir skömmu voru kúabændurnir Hermann og Sigrid Dempfle frá Rott í Bæjaralandi, rétt sunnan við München í Þýskalandi, stödd hér á landi. Þau vara Íslendinga við óheftum innflutningi á landbúnaðarafurðum.

„Samkeppni milli afurðastöðva í Evrópusambandinu felst aðallega í að geta selt afurðirnar til verslana og úr landi á eins lágu verði og hægt er og það bitnar á bændum. Evrópusambandið selur meðal annars mikið af landbúnaðarafurðum til Afríku á verði sem þarlendir bændur geta ekki keppt við og grefur þannig undan matvælaframleiðslu þar.

Það sama á eftir að gerast á Íslandi verði innflutningur á landbúnaðarvörum óheftur. Íslendingar fá hugsanlega matinn aðeins ódýrari en það eru bændur í Evrópusambandinu sem munu bera kostnaðinn og milliliðirnir sem munu græða.“

Salan á kjöti á Íslandi er í vaxandi mæli innfluttar landbúnaðarafurðir og hafa bændur af þessu miklar áhyggjur. Búist er við að sá innflutningur muni aukast til muna vegna nýs tollasamnings við ESB. Í fyrra var heildarsalan á alifuglakjöti 9.530 tonn og þar af nam innflutningur um 11%. Heildarsalan á svínakjöti var 6.269 tonn og þar af var innflutningur rúm 23%. Af nautakjöti voru seld 4.603 tonn og þar af nam innflutningur um 18%.

– Sjá nánar á bls. 2 og 8

Slakað á eftirliti með notkun sýklalyfja þrátt fyrir vitneskju um ört vaxandi fjölda dauðsfalla vegna sýklalyfjaónæmis:

Áform ESB um eftirlit með lyfjamengun þynnt út vegna viðskiptahagsmuna

– Karl G. Kristinsson, yfirlæknir sýkla- og veirufræðideildar Landspítalans, segir þetta gríðarleg vonbrigði

Evrópusambandið dregur úr eða hættir við áform um að takast á við mengun af völdum sýklalyfja þrátt fyrir vaxandi hræðslu við sýklalyfjaónæmi.

Viðskiptahagsmunir er helsta ástæða þess að hætt er við eftirlitið. Gríðarleg vonbrigði, segir Karl G. Kristinsson, yfirlæknir sýkla- og veirufræðideildar Landspítalans og prófessor í veirufræði við Háskóla Íslands.

Samkvæmt frétt The Guardian hefur Evrópusambandið hætt við að auka eftirlit með lyfjanotkun býla og starfsemi lyfjafyrirtækja sem snýr að notkun, framleiðslu og förgun á sýklalyfjum.

Gríðarleg vonbrigði

Karl G. Kristinsson, yfirlæknir sýkla- og veirufræðideildar Landspítalans og prófessor í veirufræði við Háskóla Íslands, segir að þetta séu honum mikil vonbrigði.

„Þetta málefni hefur verið rætt reglulega á fundi samnorrænnar „One Health“-nefndar um sýklalyfjaónæmi á vegum Norrænu ráðherranefndarinnar. Mögulega verða Norðurlöndin að beita sér í þessu máli og eða að sýna gott fordæmi með því að ganga lengra en Evrópusambandið. Það er þó ekki víst að slíkt standist reglur ESB, og því eru þessar fréttir vonbrigði.“

Um 700 þúsund dauðsföll vegna sýklalyfjaónæmis

Upphaflega gerði hugmyndin ráð fyrir því að eftirlitið myndi draga úr hættu á mengun vegna lyfja sem væri fleygt en ekki fargað samkvæmt reglum. Í dag er talið að um 700 þúsund manns látist árlega á heimsvísu vegna baktería sem hafa myndað með sér ónæmi fyrir sýklalyfjum. Helsta ástæða sýklalyfjaónæmis baktería er of- eða misnotkun á sýklalyfjum og vegna lyfja sem ekki er fargað á réttan hátt.

Spáir hruni í lækningum

Ástandið er svo alvarlegt að Sally Davis, yfirmaður heilbrigðismála á Bretlandseyjum, hafur sagt að ef ekkert verði að gert gætu sýklalyf orðið ónothæf í náinni framtíð og að hrun verði í lækningum þar sem ekki verður hægt að eiga við einföldustu sýkingar.

Tíu milljón dauðsföll til 2050


Í skýrslu sem gefin var út árið 2014 og kallast Antimicrobial Resistance: Tackling a crisis for the health and wealth of nations og unnin var fyrir breska forsætisráðuneytið segir að allt að 10 milljón manns geti látist árlega á heimsvísu til 2050 vegna sýklalyfjaónæmis og að kostnaðurinn vegna þess geti orðið ríflega 100 milljón pund, sem jafngildir um 14 þúsund milljónum íslenskra króna.

Áform um eftirlit þynnt út

Samkvæmt upplýsingum sem The Guardian segist hafa undir höndum hafa áform um eftirlit með notkun, framleiðslu og förgun sýklalyfja verið dregin verulega saman eða hætt við þau að fullu. */VH*

– Sjá nánar á bls. 10

FRÉTTIR



Garður í Eyjafirði:

Kýrnar skvettu úr klaufunum

Kýrnar á bænum Garði í Eyjafjarðarsveit gripu tækifærið fegins hendi þegar þeim var hleypt út í fyrsta sinn á þessu sumri síðastliðinn föstudag.











Viðtökur enda góðar utandyra, sól og blíða og nýsprottið grasið grænt og safaríkt. Orðatiltækið að skvetta úr klaufunum átti vel við þegar kýr tóku á rás úr fjósi og niður á tún. Alls eru um 140 kýr í Garði, en á efri hæð fjóssins er Kaffi Kú, þar sem gestum gefst færi á að njóta veitinga og fylgjast í leiðinni með daglegu lífi íbúa fjóssins. Gestir og gangandi fylgdust af áhuga með þegar kúm var hleypt út og í tilefni dagsins var boðið upp á frískandi og ískalt sítrónute og roastbeef samloku að bíta í með.

Myndir og texti / MÞÞ



Hafliði Halldórsson, framkvæmdastjóri Kokkalandsliðsins og Guðný Steinsdóttir, markaðsstjóri MS, handsala samning um stuðning MS.

Ísey skyr styður kokkalandsliðið

Ísey skyr er nýr bakhjarl íslenska Kokkalandsliðsins en samningur þess efnis var undirritaður á dögunum.

Kokkalandsliðið er skipað færasta matreiðslufólki landsins og fram undan er sjálf Heimsmeistarakeppnin í matreiðslu sem haldin verður í Lúxemborg í lok nóvember. Liðið leggur mikla áherslu á sérvalið íslenskt gæða hráefni og mun liðið á næstu mánuðum ljúka þróun á keppnisréttum sínum þar sem íslenskur þorskur, íslenskt lambakjöt og Ísey skyr verða í aðalhlutverkum. Mjólkursamsalan er stoltur styrktaraðili íslenska Kokkalandsliðsins og óskar hópnum góðs gengis við undirbúninginn fram að keppni.

Íslenskt lamb er orðið verndað afurðaheiti

Íslenskt lambakjöt er fyrsta og eina skráða íslenska afurðaheitið samkvæmt lögum nr. 130/2014 um vernd afurðaheita sem vísa til uppruna, landsvæðis eða hefðbundinnar sérstöðu.

Ásamt notkun á heitinu fylgir heimild til að nota sérstakt íslenskt auðkennismerki í markaðssetningu. Það þýðir að íslenskt lambakjöt er nú verndað afurðaheiti í 30 löndum í Evrópu. Þetta er í samræmi við samning á milli Íslands og Evrópusambandsins um gagnkvæma verndun afurðaheita sem tók gildi 1. maí síðastliðinn.

Neysluvenjur á kjöti hafa gjörbreyst á Íslandi á síðustu 34 árum:

Alifuglakjöt er langvinsælasta kjötafurðin með 9.530 tonna sölu 2017

– þar á eftir kemur lambakjöt með 6.976 tonn og svínakjöt fylgir fast á eftir með 6.265 tonn

Könnun Gallup á neysluvenjum erlendra ferðamanna á Íslandi sem birt var í síðasta Bændablaði vakti mikla athygli. Komið hefur fram hörð gagnrýni á að í tölunum er ekki tekið tillit til neyslu á alifuglakjöti sem hefði mögulega getað breytt myndinni. Þegar rýnt er í Hagstofutölur sést að innanlandssala á kindakjöti 2017 var 6.976 tonn, en 9.530 tonn af alifuglum og þar af nam innflutningur 1.398 tonnum.

Engin leið er að segja nákvæmlega til um hver neysla erlendra ferðamanna hefur verið á innlendu alifuglakjöti vegna þess að 11% af heildarsölunni er innflutt kjöt. Ekki frekar en hver neyslan hefur verið á innlendu nautakjöti eða svínakjöti.

Könnun Gallup sýndi að 57% erlendra ferðamanna hafi smakkað lambakjöt, en 41,7% nautakjöt og 25,3% svínakjöt. Alifuglakjöt var hins vegar ekki inni í dæminu. Könnunin gefur samt ágætar vísbendingar um hvað ferðamenn vilja upplifa.

Í könnuninni má greina hvað ferðamenn vilja helst smakka, en hún segir samt ekkert um magnið sem neytt er. Þá er heldur ekki sjálfgefið að alifuglakjöt hefði endilega skorað hátt miðað við spurninguna sem lögð var fram, jafnvel þótt alifuglakjöt gæti verið oftast á diski ferðamanna. Ástæðan er einfaldlega sú staðreynd að alifuglakjöt er orðið algengasti hversdagsmaturinn um allan heim. Ferðamenn nefna því líklega fremur í svona könnun upplifun sína af því að prófa eitthvað nýtt, heldur en að lýsa magni þess sem neytt er.

Gjörbreytt neyslumynstur

Neysla Íslendinga á kjötafurðum hefur gjörbreyst á undanförnum áratugum samkvæmt gögnum Hagstofu Íslands. Árið 1983 neyttu landsmenn t.d. 45,3 kg af kindakjöti



Af alifuglakjöti var innanlandsframleiðslan 9.697 tonn árið 2017, en flutt voru inn 1.398 tonn. Mynd / HKr.

að meðaltali á hvert mannsbarn á ári. Sú tala var komin niður í 19,5 kg árið 2015. Á sama tíma stökk neysla á alifuglakjöti úr 4,3 kg í 27,6 kg á mann á ári og á svínakjöti úr 4,3 kg í 21 kg á mann. Þá fór nautakjötsneyslan úr 8,8 kg í 14,1 kg. Hrossakjötsneyslan dróst hins vegar saman úr 3,2 kg á mann í 1,6 kg.

Miðað við neysluþróun undanfarna áratugi á Íslandi með stóraukinni neyslu á alifugla- og svínakjöti, má leiða líkum að því að neysla erlendra ferðamanna sé í samræmi við það. Þannig að erlendir ferðamenn sem á annað borð borða lambakjöt gætu mögulega verið að neyta um 40% meira af alifuglakjöti en lambakjöti meðan þeir dvelja hér og um 8% meira af svínakjöti. Slík tölfræðinálgun er þó æði varasöm.

Samantekt um kjötneyslu á íbúa hætt 2015

Tölur um kjötneyslu á hvern íslenskan ríkisborgara nær ekki lengra en til 2015. Samkvæmt upplýsingum frá Hagstofu sáu menn engan tilgang í að halda slíkri samantekt áfram þar sem ferðamenn sem hingað streymdu voru þá farnir að hafa mikil áhrif á neyslutölurnar hér innanlands. Ekki var því mögulegt að greina hvort neytendurnir voru íslenskir eða erlendir ríkisborgarar. Væntanlega hlýtur það sama að gilda um neyslu á öðrum vörum eins og áfengi. Heildarsala á áfengi á Íslandi í dag gefur þannig alls ekki rétta mynd af neyslu alkóhóls á hvern íbúa landsins.

Sundurgreining á neyslu erfið vegna innflutnings

Þótt auðvelt væri að greina með slembiúrtakskönnun hversu margir erlendir ferðamenn neyttu íslensks lambakjöts, þar sem nær enginn innflutningur hefur verið á lambakjöti, þá er ekki sömu sögu að segja af öðrum kjöttegundum. Vaxandi innflutningur hefur verið á alifuglakjöti, svínakjöti og nautakjöti undanfarin ár.

Innflutningur 0% af kindakjötssölunni

Samkvæmt tölum Hagstofu Íslands var flutt inn 1 tonn af kindakjöti á árunum 2012, 2013 og 2016. Á árinu 2017 var enginn innflutningur á kindakjöti. Það ár var kindakjötsframleiðslan rúm 10.619 tonn samkvæmt tölum Búnaðarstofu MAST. Innanlandssalan nam 6.976 tonnum og flutt voru út 3.162 tonn. Birgðir í árslok námu 5.751 tonni.

Innflutningur 11% af alifuglasölunni

Af alifuglakjöti var innanlandsframleiðslan 9.697 tonn árið 2017, en flutt voru inn 1.398 tonn. Heildarsalan var 9.530 tonn og þar af nam innflutningur líklega um 11%. Er þá miðað við að 754 tonna birgðir í árslok skiptist jafn á milli innlendrar framleiðslu og innflutnings.

Innflutningur 23% af svínakjötssölunni

Af svínakjöti var innanlandsframleiðslan 6.265 tonn árið 2017, en flutt voru inn 1.449 tonn. Heildarsalan var 6.269 tonn og þar af var innflutningur rúm 23%. Flutt voru út 5 tonn og birgðir í árslok voru því engar.

Innflutningur 18% af nautakjötssölunni

Af nautakjöti voru framleidd 4. 614 tonn á árinu 2017, en flutt voru inn 853 tonn. Heildarsala var 4.603 tonn og þar af var innflutningur um 18%. Birgðir í árslok voru 33 tonn.

Innflutningur 0% af hrossakjötssölunni

Af hrossakjöti voru framleidd 1.061 tonn á árinu 2017. Innflutningur var enginn en heildarsala 641 tonn. Þá voru flutt út 414 tonn af hrossakjöti og birgðir í árslok voru 64 tonn.

/HKr.



Núna er tilvalið að tryggja sér góða vél á **sértilboði**

Kr. 2.690.000 +vsk.
Verð áður kr. 3.115.000 +vsk.

Lely Hibiscus 815 rakstrarvél

Tæknilega framúrskarandi vél þar sem gæði og góð þjónusta er í fyrirrúmi

Aðrar Lely heyvinnuvélar

Hisbiscus Rakstrarvélar		Vinnslubreidd	Fjöldi arma	Þyngd	Verð án vsk.
GH0104	Hibiscus 425 S - Lyftutengd	3,2 - 4,25	11	705	990.000 kr.
GH0107	Hibiscus 455 S - Lyftutengd	3,5 - 4,55	11	765	1.050.000 kr.
GH0105	Hibiscus 485 S - Lyftutengd	3,8 - 4,75	13	845	1.250.000 kr.
GH0201	Hibiscus 715 CD	6,75 - 7,05	10	1760	2.589.000 kr.
GH0217	***Hibiscus 815 CD Vario***	***7,45 - 7,95***	***11***	***2080***	***2.690.000 kr.***
					Verð áður 3.115.000 kr.

Miðjuhengdar Splendimo Sláttuvélar		Vinnslubreidd	Fjöldi diska / hnífa á disk	Þyngd	Verð án vsk.
GS0601	Splendimo 240 Classic	2,4	6 / 2	555	990.000 kr.
GS0701	Splendimo 280 Classic	2,8	7 / 2	585	1.146.000 kr.
GS0801	Splendimo 320 Classic	3,2	8 / 2	670	1.250.000 kr.
GS0702	Splendimo 280 M (540rpm)	2,8	7 / 2	750	1.394.000 kr.
GS0802	Splendimo 320 M (540rpm)	3,2	8 / 2	805	1.533.000 kr.
GS0902	Splendimo 360 M (540rpm)	3,6	9 / 2	845	1.644.000 kr.
GS0901	Splendimo 360 M (1000rpm)	3,6	9 / 2	845	1.644.000 kr.
GS0808	Splendimo 320 MC (1000rpm)	3,2	8 / 2 knosari	995	2.055.000 kr.
	Framsláttuvélar				
GS0719	Splendimo 300 FS (1000rpm)	3	7 / 2	630	1.467.000 kr.
GS0804	Splendimo 320 F (1000rpm)	3,2	8 / 2	815	1.509.000 kr.
GS0806	Splendimo 320 FC (1000rpm)	3,2	8 / 2 knosari	1060	2.335.000 kr.
	Sláttuvéla-fiðrildi				
GS1602	Splendimo 900 M - 3 sláttuvélar	8,85	2 x 8 / 16	2500	5.115.000 kr.

Lotus heyþyrlur		Vinnslubreidd	Armar	Þyngd	Verð án vsk.
GL0201	Lotus 300 Combi - Lyftutengd	3	2 x 8	330	568.000 kr.
GL0405	Lotus 520 Stabilo - Lyftutengd	5,2	4 x 6	715	1.095.000 kr.
GL0403	Lotus 600 Stabilo - Lyftutengd	6	4 x 8	830	1.363.000 kr.
GL0601	Lotus 675 Stabilo - Lyftutengd	6,75	6 x 6	960	1.550.000 kr.
GL0602	Lotus 770 Stabilo - Lyftutengd	7,7	6 x 6	1030	1.622.000 kr.
GL0814	Lotus 900 Profi - Dragtengd	9	8 x 6	2200	2.996.000 kr.
GL0813	Lotus 1020 Profi - Dragtengd	10,2	8 x 7	2330	3.283.000 kr.
GL1002	Lotus 1250 Profi - Dragtengd	12,5	10 x 7	3000	4.360.000 kr.

Lely Welger rúlluvél	Verð án vsk.
Welger Tornado RPC 245 25 hnífa	9.890.000 kr.

Verð eru miðuð við gengi EUR 123

Aðeins 3 Hibiscus 815 vélar í boði á þessu sértilboði

Lely hibiscus rakstrarvélar eru áreiðanlegar og sterkar vélar.


Feikna sterkt drif og öflugir armar gera vélanar mjög gangöruggar og þær þola mikið álag og mikla notkun

Lely rakstrarvélar er auðvelt að stilla og þær skila múgum sem einkar auðvelt er að rúlla upp úr

2 ára verksmiðjuábyrgð er á öllum Lely heyvinnuvélum







Allar Lely heyvinnuvélar eru afgreiddar samsettar

VB LANDBÚNAÐUR
Lely center Ísland

farming innovators

LELY

Krókhálsi 5F • 110 Reykjavík • Sími: 414-0000 • Baldursnes 2 • 603 Akureyri • Sími: 464-8600

FRÉTTIR



Útskriftarnemar 2018 úr Landbúnaðarháskóla Íslands á Hvanneyri. Mynd / Auður Ósk Sigurþórsdóttir.

Brautskráning frá Landbúnaðarháskóla Íslands 2018:

Rebekka Rún Helgadóttir dúxaði á búfræðiprófi

Brautskráning nemenda á búfræðibraut og á háskólabrautum Landbúnaðarháskóla Íslands fór fram í Hjálmakletti í Borgarnesi 1. júní. Alls útskrifuðust 28 nemendur af búfræðibraut.

Rebekka Rún Helgadóttir dúxaði á búfræðiprófi með einkunnina 9,13. Hún hlaut jafnframt viðurkenningu fyrir góðan árangur í sauðfjárrækt sem og nautgriparækt.

Sæmundur Sveinsson, rektor LbhÍ, flutti ræðu og óskaði nemendum velfarnaðar í framtíðinni. Jóhannes Torfason, bóndi á Torfalæk II, tækifærisræðumaður Öndvegisdeildar - 50 ára búfræðikandídata, hélt ræðu fyrir hönd útskriftarnema 1968.

Elvar Friðriksson hlaut verðlaun fyrir góðan árangur í bútæknigreinum og góðan árangur í hagfræðigreinum. Hann fékk einnig verðlaun fyrir frábæran árangur fyrir lokaverkefni á búfræðiprófi. Jóhannes Geir Gunnarsson hlaut verðlaun fyrir góðan árangur í námsdvöl.

Tólf með BS-próf í búvísindum

Þá var einnig útskrifað á háskólabrautum. 12 nemendur útskrifuðust með BS-próf í búvísindum. Verðlaun fyrir góðan árangur á B.S.-prófi í búvísindum hlaut Bjarni Sævarsson með einkunnina 9,12.

Fjórir með BS-próf í náttúru- og umhverfisfræði

Fjórir nemendur luku BS-prófi í náttúru- og umhverfisfræði. Julia Carolina Bos hlaut verðlaun fyrir frábæran námsárangur á BS-prófi á brautinni með einkunnina 9,23.

Fjórir nemendur luku BS-prófi í skógfræði og landgræðslu

Fjórir nemendur luku BS-prófi í skógfræði og landgræðslu. Jakob Wayne Robertson hlaut verðlaun fyrir góðan árangur á landgræðslulínu og Sigríður Hrefna Pálsdóttir hlaut verðlaun fyrir góðan árangur á BS-prófi á skógfræðilínu. Sigríður hlaut einnig verðlaun fyrir góðan árangur í námskeiðinu plöntunotkun.

Sjö nemendur með BS-próf í umhverfisskipulagi

Þá útskrifuðust sjö nemendur með BS-próf í umhverfisskipulagi. Esther Thaagaard Andreasen hlaut verðlaun fyrir góðan árangur á BS-prófi á brautinni sem og fyrir góðan árangur í skipulagsfögum.

Julia Carolina Bos hlaut verðlaun fyrir frábæran árangur fyrir lokaverkefni á BS-prófi með einkunnina 9,4 sem og verðlaun fyrir bestan árangur á BS-prófi við LbhÍ vorið 2018 með einkunnina 9,23.

Þrír luku M.S.-prófi í rannsóknartengdu einstaklingsmiðuðu meistaranámi

Þrír nemendur luku M.S.-prófi í rannsóknartengdu einstaklingsmiðuðu meistaranámi, Guðríður Baldvinsdóttir lauk prófi í skógfræði, Gunnar Reynisson í hestafræði og Jón Hjalti Eiríksson lauk prófi í búvísindum og hlaut hann jafnframt verðlaun fyrir frábæran árangur á MS-prófi við LbhÍ með einkunnina 9,44.

Einn með MS-próf í skipulagsfræðum

Einn nemandi lauk MS-prófi í skipulagsfræðum, Þórður Már Sigfússon, og hlaut hann viðurkenningu frá Skipulagsfræðingafélagi Íslands.

24 útskrifuðust úr Reiðmanninum

Á degi íslenska hestsins 1. maí sl. útskrifuðust 24 nemendur af námskeiðaröðinni Reiðmaðurinn í endurmenntunardeild LbhÍ.

Tónlistaratriði við brautskráninguna voru í höndum þeirra Evu Margrétar Jónudóttur og Ágústar Gests Guðbjargarsonar útskriftarnema 2018. Um undirleik sáu þau Anna Sólrún Kolbeinsdóttir og Jón S. Snorri Bergsson.

Tuttugu og einn útskrifaðist af garðyrkjubrautum LbhÍ

– Helle Laks dúxaði í bóklegu skrúðgarðyrkjunámi með 9,75, Jóhann Böðvar Skúlason með hæstu meðaleinkunn úr bóklegu og verklegu

Brautskráning nemenda af garðyrkjubrautum við Landbúnaðarháskóla Íslands fór fram í Hveragerðiskirkju 26. maí sl. Alls var 21 nemandi brautskráður.

Sjö í garðyrkjuframleiðslunámi

Sjö luku bóklegum hluta í garðyrkjuframleiðslu en námið er þannig upp sett að nemandi klárar tvö ár bókleg á Reykjum í Ölfusi og tekur svo verklegt nám innan greinarinnar.

Fjórtán í skrúðgarðyrkju

Níu nemendur luku bóklegu námi í skrúðgarðyrkju og fimm útskrifuðust sem skrúðgarðyrkjufræðingar en það nám er löggild iðngrein.

Í garðyrkjuframleiðslu hlutu þrír nemendur viðurkenningu.

Þröstur Þórsson hlaut viðurkenningu fyrir hæstu einkunn á garð- og skógarplöntulínu með 9,61.

Íris Grétarsdóttir hlaut viðurkenningu fyrir hæstu einkunn af línu lífrænnar ræktunar matjurta með einkunnina 9,59.

Í ylrækt var Ingvari Þorsteinssyni færð viðurkenning fyrir bestan árangur með einkunnina 9,20.

Jóhann Böðvar Skúlason fékk viðurkenningu fyrir hæstu meðaleinkunn útskrifaðra nema úr bóklegu og verklegu námi á skrúðgarðyrkjubraut en meðaleinkunn hans var 8,6.



Útskriftarnemar af garðyrkjubrautum við Landbúnaðarháskóla Íslands á Reykjum í Hveragerði ásamt kennurum. Mynd / Auður Ósk Sigurþórsdóttir.

Helle Laks fékk viðurkenningu fyrir hæstu einkunn úr bóklegu skrúðgarðyrkjunámi eða 9,75. Hún var einnig dúx skólans að þessu sinni.

Sæmundur Sveinsson, rektor LbhÍ, og Guðríður Helgadóttir, forstöðumaður starfs- og endurmenntunardeildar og staðarhaldari á Reykjum, fluttu ávörp og óskuðu nemendum til hamingju með daginn.

Við athöfnina söng Einar Clausen tvö lög við undirleik Jóns Kristófers Arnarsonar.



Nýja 6-serían frá DEUTZ-FAHR

DEUTZ- FAHR Agrotron vélarnar eru þekktar fyrir gæði og endingu og gefa ekkert eftir í heyskapnum.
Eigum til afgreiðslu öflugar og vel búnar 6 cylindra Deutz Fahr Agrotron dráttarvélar beint í heyskapinn.
Henta vel við allar rúllusamstæður og í öll almenn landbúnaðarstörf.

Dæmi um vél sem er til afgreiðslu af lager: **DEUTZ-FAHR Agrotron 6165 RC-shift**

6 strokka, 6 lítra DEUTZ mótor, 164 hö, 699 Nm	Rúmgott og glæsilegt hús með loftkælingu
Sjálfskiptur ZF gírkassi, 5 gírar, 6 milligírar	Mótorbremsa
Vökvavendigír með stillanlegu átaki	4 tvívirkar vökvasneiðar (8 stútar) með stillanlegu flæði
Aðgerðaminni	Vökvayfirtengi
Fjaðrandi ökumannshús	50 km/klst akstursþraði við lágan snúning
50 km/klst akstursþraði við lágan snúning	Vökvaútskjótanlegur krókur
120 l/min load sensing dæla	Lyftigeta á afturbeisli 9.700 kg
Power Beyond vökvatengi fyrir rúllusamstæður	

Frambúnaður með aflúrtaki. Lyftigeta frambúnaðar 4.100 kg.
Rafstýrð STOLL FZ50.1 samlit ámoksturstæki með 3ja sviði, rafstýrðum dempara, vökvaskóflulás og 2,40 m Heavy Duty skóflu

Bændur og verktakar hafið samband við sölumenn okkar og leitið tilboða, verðin eru betri en þig grunar þessa dagana.

ÞÓR HF

REYKJAVÍK:	AKUREYRI:	Vefsíða og netverslun:
Krókháls 16	Baldursnes 8	www.thor.is
Sími 568-1500	Sími 568-1555	

Bændablaðið
– Málgagn bænda og landsbyggðar –

Bændablaðið kemur út 24 sinnum á ári. Því er dreift ókeypis á yfir 400 stöðum á landinu og á öll lögbýli landsins.
Lesendur geta einnig gerst áskrifendur að blaðinu og fengið það sent heim í pósti gegn greiðslu. Árgangurinn kostar þá kr. 10.500 með vsk. (innheimt í tvennu lagi). Ársáskrift fyrir eldri borgara kostar 5.250 með vsk.

Heimilisfang: Bændablaðið, Bændahöll við Hagatorg, 107 Reykjavík.
Sími: 563 0300 – **Fax:** 562 3058 – Kt: 631294–2279
Bændablaðið er í eigu Bændasamtaka Íslands.

Ritstjóri: Hörður Kristjánsson (ábm.) hk@bondi.is – **Sími:** 563 0339 – **Rekstur og markaðsmál:** Tjörvi Bjarnason tjorvi@bondi.is – **Blaðamenn:** Margrét Þ. Þórsdóttir mth@bondi.is – Sigurður Már Harðarson smh@bondi.is – Vilmundur Hansen vilmundur@bondi.is – **Auglýsingastjóri:** Guðrún Hulda Pálsdóttir ghp@bondi.is – **Sími:** 563 0303 – **Netfang auglýsinga: augl@bondi.is** – **Vefur blaðsins: www.bbl.is** – **Netfang blaðsins:** (fréttir og annað efni) er **bbl@bondi.is**
Frágangur fyrir prentun: Anna Kristín Ólafsdóttir – Prentun: Landsprent ehf. – Upplag: sjá forsíðu – Dreifing: Landsprent og Íslandspóstur. ISSN 1025-5621

SKOÐUN

Rangt gefið

Það er og hefur verið rangt gefið í peningamálum landsins um langt árabil. Það er því fagnaðarefni að þeir sem fara fyrir framkvæmd peningastefnunnar, Seðlabankinn sjálfur, skuli nú vera búinn að viðurkenna að þessi gjörningur sé rangur.

Hagræðingarnefnd hefur verið að störfum í Seðlabankanum um nokkurt skeið til að skoða hvað betur megi fara í peningamálastefnunni sem þar er iðkuð. Nú leggur nefndin til í skýrslu sem ber heitið „Framtíð íslenskrar peningastefnu“ að völd Seðlabankans verði aukin og að húsnæðisliðurinn verði tekinn út úr verðbólgumarkmiði. Reyndar eru færðar fram 11 tillögur um endurbætur á peningastefnunni.

Það er fullt tilefni til að hrósa skýrsluhöfundunum Ásgeiri Jónssyni, Ásdísi Kristjánsdóttur og Illuga Gunnarssyni fyrir að hafa komist að þessari niðurstöðu. Samt má alveg halda því fram að það þurfti enga nefnd til að komast að þessum sannleika. Skýrsluhöfundar segja réttilega:

„Sérhver peningastefna hefur kosti og galla. Það skiptir ekki höfuðmáli hvaða stefna er valin – heldur að farið sé eftir þeim leikreglum sem hvert fyrirkomulag krefst á hverjum tíma.“

Einmitt það, af hverju í ósköpunum hafa stjórnvöld og Seðlabankinn þá valið að fara ekki að leikreglum? Fyrir hvern eða hverja hefur peningastefnan verið rekin? Er það fyrir þjóðina eða hefur það verið fyrir einstaka hagsmunahópa?

Varðandi völd Seðlabankans, t.d. er lýtur að peningaútgáfu, þá hefðu menn einfaldlega átt að fara að lögum um Seðlabankann í stað þess að afsala sér í raun með aðgerðarleysi þeim völdum til viðskiptabankanna. Þeir hafa komist upp með að búa til innistæðulausa rafmynt til að gambla með um langt árabil og rakað til sín peningum úr samfélaginu á fölskum forsendum og um leið gert peningastjórn Seðlabankans vita máttlausa.

Í einni af 11 tillögum nefndarinnar er komist að þessari merkilegu staðreynd sem fjölmargir hafa bent á í gegnum tíðina.

„Á Íslandi er málum svo háttað að ríflega fjórðung vísitölu neysluverðs má rekja til húsnæðisverðs. Þetta getur valdið óheppilegri skörun á milli markmiða um verðstöðugleika annars vegar og fjármálastöðugleika hins vegar. Ekki aðeins fyrir þær sakir að Seðlabankinn þurfi að beita stýrivöxtum til þess að hafa hemil á húsnæðisverði sem hefur 25% í verðbólgumarkmiði bankans heldur hafa vextir bankans mjög takmörkuð áhrif á húsnæðisverð sökum þess að vaxtaleiðni hérlendis frá stýrivöxtum yfir til lengri verðtryggðra vaxta er afar veik og tölfræðilega ómarktæk.“

Árum saman hefur verið vitað að þetta er í ósamræmi við framkvæmd peningastefnu í öllum okkar viðskiptalöndum og skrúfar upp verðbólgu. Þannig hefur þessi eini liður haft hundruð milljarða af almenningi og fyrirtækjum á liðnum árum og gert venjulegt launafólk að þrælum bankanna. Var m.a. bent á þetta ósamræmi í þessum dálki í síðasta Bændablaði og vísað í tölur Eurostat.

Það versta varðandi framkvæmd útreiknings á neysluvísitölunni á Íslandi er að hún hefur stórskaðað allan almenning á Íslandi. Þannig hefur fjöldi fólks misst aleigu sína vegna þess að rangur vísitöluútreikningur hefur í tengslum við verðtryggingu skrúfað upp skuldastöðu fólks. Margir hafa líka bugast í baráttunni við þetta óréttlæti og ákveðið í kjölfarið að yfirgefa þessa jarðvist. Þetta er grafalvarlegt mál og snýst ekki bara um einhvern leik að tölum, heldur fólk af holdi og blóði. Ábyrgð þeirra sem stýrt hafa þessum ósóma er því óhugnanlega mikil. */HKr.*

Sauðfjárbændur benda á lausnir

Oddný Steina Valsdóttir
formaður LS
oddny@bondi.is



Bændur er sú stétt í landinu sem býr í hvað nánustu sambýli við náttúruna. Sauðfjárbændur fengu svo sannarlega að finna fyrir því í nýliðnum maímánuði þegar sauðburður stóð yfir. Veðrið lék við bændur og búalið á sumum landsvæðum á meðan á öðrum svæðum landsins var kulda- og vætutíð nánast allan maímánuð. Það er ekki á okkar valdi að stýra veðrinu, en líkt og endranær er það okkar verkefni að semja okkur að duttlungum náttúrunnar og spila sem best úr stöðunni á hverjum tíma.

Erindi mitt með þessum pistli er þó ekki að tala um veðrið. Fyrir hönd Landssamtaka sauðfjárbænda (LS) langar mig að fara yfir stöðu greinarinnar sem mjög hefur verið til umræðu undanfarin misseri. Á aðalfundi Landssamtaka sauðfjárbænda, sem haldinn var í byrjun apríl, var ályktað um mikilvæg mál sem snerta sauðfjárræktina og framtíð greinarinnar.

Sláturleyfishafa bíða stórar áskoranir

Fundurinn ályktaði um lagaumhverfi afurðageirans og hvatti til þess að það verði skoðað. Það er mjög mikilvægt að tilhögun slátrunar og vinnslu verði með sem hagkvæmustum og skilvirkustum hætti. Þar verður að ríkja heilbrigð og virk samkeppni en henni er ekki til að dreifa þegar bændur eru læstir inni hjá einni afurðastöð eins og nú er raunin. Það er nauðsynlegt að þessi hlekkur í virðiskeðjunni geti gegnt sínu hlutverki sem best. Skilað frá sér vandaðri vöru af metnaði, í fullum gæðum, á sem hagkvæmastan hátt. Það eru stórar áskoranir sem þessi geiri stendur frammi fyrir.

Harðnandi samkeppni

Ásamt harkalegri niðursveiflu á erlendum lambakjötsmörkuðum sem skollið hefur á bændum af fullum þunga, stöndum við frammi fyrir harðnandi samkeppni við innfluttar matvörur. Þær eru oft og tíðum framleiddar við mun slakari kröfur en gengur og gerist hérlendis. Við verðum að hafa afurðafyrirtæki sem hafa burði til að aðgreina þá vöru sem við framleiðum með skýrum hætti frá, annars og jafnvel þriðja flokks vöru, sem flutt er inn og stillt upp í rekkum verslana við hlið þeirrar gæðavöru sem við framleiðum. Þar verða frumframleiðendur einnig að leggja lóð á vogarskálar. Smásalinn á að búa við sterkt aðhald og öflugt regluverk. Neytendur eiga heimtingu á að fá augljósa og skýra valmöguleika þar sem ekki er reynt að blekkja og blanda saman rusli og gæðum.

Sóknarfæri innan afurðageirans

Afurðafyrirtækin þurfa að geta tekist á við sveiflur og aukna samkeppni. Þessum fyrirtækjum verður einnig að búa umhverfi þar sem þau geta sótt fram. Þau verða að hafa möguleika á að tileinka sér nýjustu tækni og reka markaðsstarf á forsendum okkar framleiðsluhátta og styrkleika. Þau verða að standa með þeirri framleiðslu sem við stundum. Í grunninn er hráefnið frábært og heilnæmt. Framleiðslan er almennt innt af hendi af alúð fyrir skepnunum og landinu, það er verðmætt og að því eigum við að hlúa. Það eru mikil sóknarfæri fólgin í skilvirkari ferlum innan afurðageirans þar sem minnka má sóun til muna til hagsbóta fyrir umhverfið, neytendur og bændur. Það t.d. blasir við að víða er hægt að spara, s.s. í flutningum, launakostnaði og fleiri þáttum. Í þær aðgerðir á að ráðast sem allra, allra fyrst.

Jafnvægi þarf að nást

Aðalfundur LS ályktaði einnig um frystingu gæðastýringar- og býlisgreiðslna með það fyrir augum að aflétta framleiðsluþrýstingi. Stjórn samtakanna hefur unnið að frekari útfærslu á þessari ályktun. Við höfum lagt áherslu á að þessar greiðslur verði frystar um ákveðinn tíma eða þar til jafnvægi kemst á framleiðslu og eftirspurn en þó verði tekið sérstakt tillit til nýliða í greininni. Sú aðgerð myndi strax aflétta framleiðsluspennu, ásamt því að einhverjir framleiðendur gætu valið þá leið að færa sig að hluta yfir í önnur verkefni á sínum bújörðum, t.d. heimavinnslu afurða eða landbótaaðgerðir. Þá höfum við mælt með að eldri bændum verði gefin sértæk útleið úr greininni fyrir þá sem það kjósa.

Hverjar eru framleiðsluhorfur?

LS gerðu könnun á meðal sauðfjárbænda þar sem spurt var út í áætlanir bænda varðandi framleiðslumagn næsta árs. Samkvæmt þeirri könnun sér ekki fram á mikla breytingu í ásetningi næsta vetrar, eða um 1% fækkun, en u.þ.b. 10% bænda sögðust óákveðnir gagnvart ásetningi næsta vetrar. Við höfum lagt áherslu á að mikilvægt sé að hrinda þessum aðgerðum sem allra fyrst í framkvæmd og er það sérstaklega mikilvægt í ljósi þessara niðurstaðna. Bændur verða að hafa einhvern fyrirsjáanleika en eins og oft hefur verið bent á undanfarin misseri eru framleiðsluferlar langir. Til þess að ná þessu fram þarf samkomulag um nauðsynlegar breytingar á samningum milli ríkis og bænda og aðgerðir í framhaldinu. Það er orðið aðkallandi að taka þetta samtal og fara í aðgerðir.

Sveiflujöfnun þarf að koma til

Þá hefur stjórn samtakanna lagt mikla áherslu á að við endurskoðun samninga sé hugað að verkfærum til að taka á sveiflum. Verkfærum sem til framtíðar geta bæði tekið á framleiðsluhliðinni og söluhliðinni. Gagnvart framleiðsluhliðinni má sjá fyrir sér að í sauðfjársamningi sé innbyggður farvegur fyrir fjármagn til að tempra framleiðslumagn. Valfrjálsa hvata til fækkunar sem megi virkja þegar þannig árar. Gagnvart söluhliðinni þarf að formfesta verkfæri sem getur tekist á við sveiflur á mörkuðum hvort sem það er gagnvart innanlandssölu eða erlendum mörkuðum. Við höfum bent á markaðsstöðugleikasjóð sem mögulega leið í þeim efnum. Slíkur sjóður yrði fjármagnaður af greininni sjálfri og alfarið á forræði hennar. Það má a.m.k. öllum vera ljóst að ef slík verkfæri hefðu verið til staðar væri löngu búið að grípa til þeirra. Fullyrða má að skellurinn hefði ekki orðið jafn harður. Það er nauðsynlegt fyrir greinina að geta sjálf tekist á við sviptingar á borð við þær sem hér hafa dunið yfir og þurfa ekki að treysta á viðbrögð hins opinbera.

Lífvænlegt framleiðsluumhverfi

Sauðfjárræktin býr ekki við hömlur eða stýringu, framleiðsla og verðlagning er frjáls á öllum stigum. Sauðfjárræktin sem slík hefur ekki skjól af tollvernd. Gleymum því ekki að um árabil hafa íslenskir bændur framleitt sína frábæru og hreinu vöru á sambærilegu verði og kollegar erlendis. Tækifærin eru því sannarlega okkar ef sköpuð eru eðlileg skilyrði. Á fyrrnefndum aðalfundi LS greindi ráðherra frá því að hann hafi óskað eftir að samráðshópur um endurskoðun búvörusamninga myndi hraða vinnu vegna endurskoðunar á starfsskilyrðum sauðfjárræktar. Jafnframt að tillögur hópsins yrðu tilbúnar fyrir stjórnvöld og BÍ innan nokkurra vikna. LS beindi ályktunum aðalfundarins inn í samráðshópinn að beiðni ráðherra. Ekkert bólar þó enn á tillögum og ekki hefur tekist að hraða vinnu gagnvart mikilvægustu þáttum til breytinga þrátt fyrir umleitanir LS þar um. Ríkið setur atvinnugreinum landsins ramma. Á hinu opinbera hvílir sú ábyrgð að gæta þess að hann sé lífvænlegur.

Hér hafa verið raktar helstu breytingar sem Landssamtök sauðfjárbænda telja mikilvægastar. Það er mikilvægt að tapa ekki fókus á verkefninu. Við verðum að ráðast í brýnustu aðgerðir núna strax.

ÍSLAND ER LAND ÞITT



Ægissíðufoss í Ytri-Rangá er nokkrum kílómetrum fyrir neðan þorpið Hellu. Fossinn er þekktur veiðistaður í ánni og laxastigi er við vesturbakka árinnar. Fossinn er tignarlegur allt árið um kring og rennsli í honum er nokkuð jafnt allt árið, enda Ytri-Rangá bergvatnsá og helst að vöxtur komi í ána í leysingum á vorin.
Mynd / Hörður Kristjánsson

LÍF & STARF



Krakkarnir úr Mýrarhúsaskóla á Seltjarnarnesi voru fljótir að komast í vinskap við kálfana í Miðdal í Kjós. Myndir / HKr.

Skólaheimsókn í Miðdal

Í Miðdal í Kjós taka ábúendurnir Guðmundur Davíðsson og Svanborg Anna Magnúsdóttir á móti fjölda barna úr leikskólum og grunnskólum af höfuðborgarsvæðinu á hverju vori. Í fyrri viku voru þar krakkar úr Mýrarhúsaskóla á Seltjarnarnesi sem skemmtu sér greinilega vel.

Tilgangurinn með slíkum heimsóknum er að kynna krökkunum lífið í sveitinni og leyfa þeim að komast í nána snertingu við dýrin. Hafa nokkrir bændur boðið upp á slíkt í fjölmörg ár og hefur það vakið mikla lukku. Krökkunum úr Mýrarhúsaskóla þótti greinilega mikið til koma, en fyrst tók á móti þeim tíkin á bænum sem virtist óþreytandi að gantast við krakkana.

Þegar inn í gripahúsin kom var það kiðlingur, geitur og kindur með nýborin lömb sem fönguðu athyglina og afar sætir kettlingar. Þar innaf var fjósið og vöktu kýrnar, kálfar og ekki síður einn hestur sem þar var í stíu mikla athygli. Kepptust börnin við að reyta hey í kýrnar sem virtust hæstánægðar með heimsókn barnanna.

Ekki spillti fyrir að þetta var einn af sárafáum sólardögum sem komið hafa á suðvesturhorni landsins í maí. /HKr.









Bærinn Miðdalur í Kjós.

MÆLT AF MUNNI FRAM

203

Mikil blessun fylgir því jafnan þegar kosningar eru afstaðnar. Þó verða stundum eftirmál illvíg og gremja í geði. Um mann sem ólmur vildi komast í hreppsnefnd orti **Halldór H. Snæhólm**:

Enginn þokki eða trú
að þér lokkar hylli.
Þriggja flokka þú ert hjú,
þeirra brokkar milli.

Á uppgangstíma ungra nasista í Reykjavík urðu róstur all tíð. **Jakob Thorarensen** orti:

Dýran bið ég Drottinn þess
-dugi enn hans kraftur:
Göring, Hitler, Göbbels, Hess,
geri að skítnum aftur.

Á árinu 1937 geisaði kosningahríð milli Hannesar á Hvammstanga og **Skúla Guðmundssonar**. Um þau róstur kvað Sveinn Hannesson frá Elivogum:

Alltaf flykkjast fleiri menn
Framsóknar á prikið.
En hundrað vantar Hannes enn.
Helvíti er það mikið.

Sveinn orti einnig þegar **Bjarni Frímannsson** á Efri-Mýrum féll í kosningum fyrir **Árna á Geitaskarði**:

Völdum háum heldur enn
hélugrái karlinn.
Skelli fá oft montnir menn,
Mýrarpáfi er fallinn.

María Maack lenti í hörðum deilum við Ágúst á Hofi á landsfundi flokks þeirra. Jón á Akri orti af því tilefni:

María í meydómi,
mjúk er í sínu lofi,
en hún hefur ofnæmi
fyrir Ágústi á Hofi.

Maður nokkur gerðist flaumósa mjög á framboðsfundi. Fáir hlýddu orðræðu hans utan einn sem opinmynntur mændi upp á frambjóðandann. **Freysteinn Gunnarsson** orti:

Situr einn og segir frá,
sveitast við að ljúga.
Annar hlustar hrifinn á,
hamast við að trúa.

Um pólitíkina almennt orti **Bjarni frá Gröf**:

Pólitíkin alveg óð
er á milli vina.
Það er eins og önnur þjóð
eigi stríð við hina.

Löngu fyrir tíma kjararáðs fjölluðu alþingismenn sjálfir um kaup sitt og kjör. Brá svo við einhverju sinni, að full samstaða náðist í þingsal um launahækkun. Þá kvað **Jón Benediktsson** frá Breiðabóli:

Þingmannanna þroski vex,
það er svei mér gaman.
Um eigin laun varð ekkert pex,
allir stóðu saman.

Karl Jónsson kvað þessa vísu á pólitískum átakafundi þar sem tókust á **Árni Jóhannsson**, sýsluskrifari á Seyðisfirði, og **Skafti**, **ritstjóri Austra**:

Veslaðist upp í vorkuldum
Valtýskan á Fossvöllum,
eftir því sem af'henni dró
Árni grét en Skafti hló.

Lokavísan verður varla talin pólitísk. Vísan er eftir ónefndan bankamann, (hér þarf að gæta bankaleyndar) en viðskiptavinur bankans hafði fengið ótrúlegan bunka ýmissa blaða til undirritunar í tengslum við sitt peningavafstur. Viðskiptamaðurinn hafði orð á þessu við bankamanninn hvurju gegndi slíkur bunki blaða. Bankamaðurinn orti þá þessa frábæru vísu og sendi Bændablaðinu:

Alls kyns gögnum á mann hlaðið,
allt um bankann nú ég veit.
Hann er þykkri en Bændablaðið
bunkinn sem að tölvan skeit.

Umsjón:
Árni Geirhjörtur Jónsson
kotabyggð1@gmail.com



FRÉTTIR

Þýskir kúabændur óánægðir með afnám mjólkurkvóta í CAP landbúnaðarkerfi Evrópusambandsins 2015:

Verð til bænda hefur staðið í stað frá 1991

– segja kúabændurnir Hermann og Sigrid Dempfle frá Rott í Bæjaralandi og vara við óheftum innflutningi á landbúnaðarvörum

Þýskir kúabændur sem staddir voru hér á landi fyrir skömmu segjast öfunda íslenska mjólkurframleiðendur af kvótakerfinu. Að þeirra sögn hefur hagur mjólkurframleiðenda innan Evrópusambandsins versnað síðan mjólkurframleiðsla þar var gefin frjáls.

Fyrir skömmu voru kúabændurnir Hermann og Sigrid Dempfle frá Rott í Bæjaralandi, rétt sunnan við München í Þýskalandi, stödd hér á landi. Hermann og Sigrid eru með 160 mjólkandi kýr og leggja stund á lífræna mjólkurframleiðslu. Hermann er auk þess í stjórn Bændasamtaka Bæjaralands og í stjórn stjórnmálaflokks sem berst fyrir sjálfstæði Bæjaralands.

Bændablaðið tók Hermann og Sigrid tali og forvitnaðist um stöðu mjólkur- og lífrænnar mjólkurframleiðslu og landbúnaðar í heild í Þýskalandi og löndum Evrópusambandsins.

Verð til framleiðenda hefur staðið í stað frá 1991

Hermann segir að verð til framleiðenda landbúnaðarvara hafi nánast staðið í stað í Evrópusambandinu frá 1991 en á sama tíma hafi allt annað og ekki síst aðföng til matvælaframleiðslu hækkað mikið.

„Árið 1991 var bændum lofað að stefnt yrði að því að halda verði á landbúnaðarvörum stöðugu. Það loforð hefur haldið hvað varðar afurðaverð til bænda en allt annað hefur hækkað gríðarlega.

Samkeppni milli afurðastöðva í Evrópusambandinu felst aðallega í að geta selt afurðirnar til verslana og úr landi á eins lágu verði og hægt er og það bitnar á bændum. Evrópusambandið selur meðal annars mikið af landbúnaðarafurðum til Afríku á verði sem þarlendir bændur geta ekki keppt við og grefur þannig undan matvælaframleiðslu þar.

Það sama á eftir að gerast á Íslandi verði innflutningur á landbúnaðarvörum óheftur. Íslendingar fá hugsanlega matinn aðeins ódýrari en það eru bændur í Evrópusambandinu sem munu bera kostnaðinn og milliliðirnir sem munu græða.“

Hermann og Sigrid segja að framleiðsla á mjólk hafi verið kvótabundinn í löndum Evrópusambandsins til ársins 2015 þegar hún var endanlega gefin frjáls.

„Ástandið hefur versnað að okkar mati síðan þá og í dag eru það stóru mjólkurbúin og verslanirnar sem ráða verðinu og bændur hafa ekkert um það að segja og hvað þá neytendur.“

Því hefur verið fleygt fram að staða bænda í Evrópu hafi versnað talsvert eftir að Rússar settu viðskiptabann á landbúnaðarvörur frá löndum Evrópusambandsins. Hermann segir að hann hafi ekki fundið fyrir afleiðingum bannsins að neinu ráði.



Hermann og Sigrid Dempfle, lífrænir kúabændur í Bæjaralandi. Mynd / HKr.

„Í dag er framleiðsla seld áfram til Rússlands í gegnum Sviss og Tyrkland.“

Aukin framleiðsla stendur undir auknum kostnaði

„Ástæðan fyrir því að bændur standa enn í lappirnar er sú að framleiðslan hefur aukist og bændur hafa hagrætt í rekstrinum eins og hægt er. Auk þess sem þeir fá framleiðslustyrki, einn frá Evrópusambandinu og annan frá þýska ríkinu, og landbótagreiðslur sem eru ákveðin upphæð á hektara. Þrátt fyrir það er nú svo komið að afurðaverð til bænda með styrkjum dugar vart lengur fyrir framleiðslukostnaði.“

Hermann segir að dæmi séu um að afurðastöðvar hafi lokkað bændur til að fara út í fjárfestingar til að auka framleiðsluna með því að bjóða þeim hærri greiðslur. Síðan hafa þeir lækkað greiðslurnar aftur eftir að bændurnir voru búnir að auka framleiðsluna og sátu uppi með aukinn kostnað.

Hærri greiðslur fyrir lífræna mjólk

Á mælikvarða lífrænnar mjólkurframleiðslu í Evrópu er bú Hermanns og Sigrid fremur stórt.

„Framleiðendur lífrænnar mjólkur í Þýskalandi fá ríflega helmingi meira fyrir mjólkina en aðrir mjólkurframleiðendur og það er ástæðan fyrir því að reksturinn gengur hjá okkur,“ segir Sigrid.

Sterk staða lífrænnar framleiðslu

„Markaðsleg staða lífræns landbúnaðar í Bæjaralandi er sterk og markaðurinn stöðugur þrátt fyrir að vera einungis 4% af heildarmarkaðinum í Þýskalandi. Lagaleg staða lífrænnar framleiðslu í Þýskalandi er skýr og í raun skýrari en þegar kemur að annarri mjólkurframleiðslu,“ segir Hermann.

„Lágmarksreglur um hvað flokkast sem lífræn framleiðsla koma frá höfuðstöðvum Evrópusambandsins í Brussel en þar að auki getur hvert og eitt land innan Evrópusambandsins aukið við reglurnar og þær eru talsvert strangari í Þýskalandi en reglurnar frá Brussel gera ráð fyrir.“ */VH*



Sýningin „Konur í landbúnaði í 100 ár“ opnuð á Hvanneyrarhátíð 7. júlí

Í tilefni af 100 ára fullveldisafmæli Íslands verður sýning um þátt kvenna í landbúnaði síðustu 100 árin sett upp í Halldórsfjósi á Hvanneyri.

Sýningin er samstarfsverkefni Landbúnaðarsafns Íslands, Landbúnaðarháskóla Íslands og Kvenfélagsins 19. júní sem einnig á afmæli í ár en þetta fjölmennasta kvenfélag Borgarfjarðar fyllir nú 80 árin.

Sýningin hefur hlotið styrki úr Fullveldissjóði, Uppbyggingarsjóði Vesturlands og frá atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu. Opnunardagur sýningarinnar verður á Hvanneyrarhátíð þann 7. júlí næstkomandi og mun sýningin standa út sumarið.

Sýningunni er ætlað að varpa ljósi á mikilvægan og fjölbreyttan þátt kvenna í landbúnaði en sá þáttur hefur oft farið dult í umræðunni um íslenskan landbúnað í gegnum árin. Á sýningunni verða myndir og frásagnir sem gera störfum og stöðu kvenna skil yfir þetta tímabil og er stefna vinnuhópsins sem stendur að sýningunni að leggja áherslu á borgfirskar sögur þó aðrar séu að sjálfsögðu velkomnar líka. Því leitar vinnuhópurinn nú til Borgfirðinga og brottfluttra:

Hefur þú áhugaverða og landbúnaðartengda sögu að segja af þér, mömmu, ömmu, frænku eða vinkonu frá árunum 1918–2018?

Átt þú mynd(ir) af konum úr fjölskyldunni eða vinahópnum frá þessum tíma sem tengjast umfjöllunarefni sýningarinnar? Ef svo er þá tekur vinnuhópurinn fegins hendi við hvers lags upplýsingum, gögnum og ábendingum. Hægt er að hafa samband við Ragnhildi Helgu, safnstjóra Landbúnaðarsafnsins, á netfangið ragnhildurhj@lbhi.is, við Álfheiði Sverris, fulltrúa Landbúnaðarháskóla Íslands í vinnuhópnum, á netfangið alfheidursverris@lbhi.is eða við Önnu Heiðu Baldursdóttur, sýningarstjóra, á netfangið ahb9@hi.is.

Norðlenska hefur greitt sauðfjárbændum ríflega 5% uppbót fyrir sauðfjárafurðir

Norðlenska hefur tvívegis uppfært verðskrá vegna sauðfjár sem slátrað var haustið 2017, fyrst um 3% í febrúar síðastliðnum og í lok maí um 2,3%, en afkoma sölu sauðfjárafurða á tímabilinu gaf tilefni til uppfærslu verðsins.

Sauðfjárbændur hafa því fengið ríflega 5% uppbót á það verð sem kynnt var á liðnu hausti. Næsta endurskoðun á verðskrá er fyrirhuguð í ágúst og er vegna sölu á öðrum ársfjórðungi.

„Við höfum haft þá stefnu síðan í haust að verði gerðar breytingar á þeirri verðskrá sauðfjárinnleggs sem kynnt var fyrir sláturtíðina 2017 þá munu þær breytingar byggjast á aðstæðum sem hafa raungerst – þ.e. við munum ekki gera breytingar á verðskránni vegna væntinga um að aðstæður verði betri heldur en óttast er, heldur vegna þess að



aðstæður hafa í raun verið betri en það sem óttast var,“ segir Ágúst Torfi Hauksson, framkvæmdastjóri Norðlenska.

Uppfært verð fyrir það innlegg sem þegar er selt

Hann segir að þegar ákvörðun var tekin um verðskrá fyrir sauðfjárinnlegg síðasta haust hafi legið fyrir að ef afurðasala yrði betri en menn þá óttuðust yrði verðskrá endurskoðuð í því ljósi.

„Það hefur líka legið fyrir að vegna þeirrar óvissu sem fylgir miklu birgðahaldi á sauðfjárafurðum er það vilji fyrirtækisins að uppfæra verðskrá einungis fyrir þann hluta innleggs sem hefur verið seldur á hverjum tíma,“ segir Ágúst Torfi.

Endurskoðað aftur síðsumars og í haust

Norðlenska greiddi sauðfjárbændum leiðréttingu á verð í febrúar, sem nam 3% ofan á allt innlegg haustsins 2017. Við endurskoðun á verðskrá í liðnum mánuði var svigrúm til hækkunar upp á 2,3% vegna sölu á fyrsta ársfjórðungi þessa árs. Næsta endurskoðun verður að áliðnu sumri og fjórða og síðasta endurskoðun verðskrár verður í haust, október nóvember eða þegar allt kjöt ársins 2017 hefur verið selt. */MÞÞ*

Norðlenska birtir nýja verðskrá fyrir nauta- og nautgripakjöt:

Lækkun vegna verri afkomu í sölu og vinnslu nautakjöts

Ný verðskrá samkvæmt EUROP mati hefur verið birt á vef Norðlenska. Um er að ræða verulega breytingu á uppbyggingu verðskrár frá því sem var enda hefur fjöldi matsflokka aukist mjög.

Sú verðskrá sem nú fellur úr gildi var gefin út seint í apríl í fyrra.

Harðnandi samkeppni við innflutt kjöt

Frá því að síðasta verðskrá var sett fram hafa ýmsar breytingar orðið á markaði fyrir nautakjöt



en samkeppni hefur harðnað umtalsvert á þessu rúma ári, ekki síst samkeppni við innflutt kjöt. Afleiðingin hefur verið sú að afkoma af sölu og vinnslu nautakjöts hefur verið að falla á tímabilinu og ekki hefur tekist að koma kostnaðarhækkunum út í afurðaverð í þeim mæli sem þyrfti til að geta viðhaldið verði til bænda.

Hin nýja verðskrá felur því í sér lækkun á meðalverði til innleggjenda, en vegna hins nýja mats þá er það breytilegt milli bænda, eftir mati innleggs, hveru mikil lækkunin er. */MÞÞ*

SAMSUNG

Gott úrval af gæðavörum

Verið velkomin í Lágmúla 8



Kæliskápur 202cm
RB36J8035SR

Stál. Heildarrými: 357 lítrar. Kælirými: 247 lítrar. Frystirými: 110 lítrar. Mál B-H-D í mm: 595 x 2017 x 597

Verð: 149.900,-



Tvöfaldur Kæliskápur
RS7567THCSR

Stál. Heildarrými: 532 lítrar. Kælirými: 361 lítrar. Frystirými: 171 lítrar. Twin Cooling, aðskilin kælikerfi. Klakavél. Mál B-H-D í mm: 912 x 1789 x 754.

Verð: 189.900,-



Tvöfaldur Kæliskápur
RH56J6917SL

Stál. Heildarrými: 555 lítrar. Kælirými: 376 lítrar. Frystirými: 179 lítrar. Klakavél. Twin Cooling, aðskilin kælikerfi.
Mál B-H-D í mm: 912 x 1794 x 732.

Verð: 279.900,-



Tvöfaldur Kæliskápur
RFG23UERS1

Stál. Heildarrými: 520 lítrar. Kælirými: 396 lítrar. Frystirými: 124 lítrar.Twin Cooling, aðskilin kælikerfi. Klakavél. Mál B-H-D í mm: 908 x 1774 x 774.

Verð: 289.900,-



WF70 Þvottavél
7 KG. 1400 SN.
Eco Bubble
Verð 59.900,-



DV70 Þurrkari
7 KG. barkarlaus þurrkari.
Varmadæla í stað elements.
Verð 89.900,-

Við seljum eingöngu SAMSUNG með kolalausum mótor með 10 ára ábyrgð

ecobubble™ TECHNOLOGY

HVAÐ ER ECO BUBBLE?
Leysir upp þvottaduft undir þrýstingi og myndar kvoða, svo duftið leysist upp á um það bil 15 mín, í stað 30-40 ella.



WW80 Þvottavél
8 KG. 1400 SN.
Eco Bubble
Verð 69.900,-



DV80 Þurrkari
8 kg barkarlaus þurrkari.
Varmadæla í stað elements.
Verð 109.900,-

Uppþvottavél í sérflokki með Waterwall tækni





Framhlið úr burstuðu stáli / Stillingar ofan á hurð, blár litur / Tekur 14 manna stell / 7 þvottakerfi / Starttímaseinkun / Orkunýtni A++ / Orkunotkun á ári (kWst) : 266 / Hljóðlát aðeins 41db / Stillanleg efrigrind / Grind efst fyrir hnífapör með sérstökum "FLEX" bakka / 2 þvottaarmar + "WATERWALL" / Stærð (h x b x d): 817 x 598 x 575 mm

Verð 134.900,-

Örbylgjuofnar af betri gerðinni

SAMSUNG MS23-F301EAS



Örbylgjuofn
Keramik-emeleraður að innan
Verð kr. 18.900,-

SAMSUNG MS28J5255UB



Örbylgjuofn
Keramik-emeleraður að innan
Verð kr. 27.900,-

ORMSSON
LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800

LOKAÐ LAUGARDAGA Í SUMAR

SAMSUNG SETRIÐ

NÚ TIL HÚSA Í LÁGMÚLA 8

ORMSSON	ORMSSON	KS	SR BYGG	ORMSSON	PENNINN	ORMSSON	ORMSSON	ORMSSON	GEISLI	TÆKNIBORG	OMNIS	BLÓMSTURVELLIR
KEFLAVÍK	ÞRISTUR-ÍSAFIRÐI	SAUÐÁRKRÓKI	SIGLUFIRÐI	AKUREYRI	HÚSAVÍK	VÍK -EGILSSTÖÐUM	PAN-NESKAUPSSTAÐ	ÁRVIRKINN-SELFOSSI	VESTMANNAEYJUM	BORGARNESI	AKRANESI	HELLISSANDI
SÍMI 421 1535	SÍMI 456 4751	SÍMI 455 4500	SÍMI 467 1559	SÍMI 461 5000	SÍMI 464 1515	SÍMI 4712038	SÍMI 477 1900	SÍMI 480 1160	SÍMI 481 3333	SÍMI 422 2211	SÍMI 433 0300	SÍMI 436 6655

FRÉTTIR



Ærin Sanda Gunna er ein af 22 fjórlembunum á Efri-Fitjum í Víðidal.
Mynd / Gréta Brimrún Karlsdóttir.

Frjósemi í Húnaþingi vestra:

175 þrílembur á Efri-Fitjum í Víðidal

Frjósemi á bænum Efri-Fitjum í Víðidal í Húnaþingi vestra hefur verið ótrúlega mikil í sauðburðinum í vor og það sem af er sumri.

Á bænum eru 880 fjár en 22 af þeim voru fjórlembur, 5 voru fimmlembur og 179 voru þrílembur. „Sauðburðurinn gekk mjög vel og frjósemin var með allra besta móti, ég man varla eftir svona mikilli frjósemi áður hjá okkur," segir Gréta Brimrún Karlsdóttir, sauðfjárbóndi á bænum, en hún og maður hennar, Gunnar Þorgeirsson, reka myndarlegt fjárbú á Efri-Fitjum. Gunnar og Gréta eru bæði Vestur-Húnvetningar, hann ólst upp á bænum en Gréta er frá Harastöðum í Vesturhópi. Þau keyptu jörðina af foreldrum Gunnars 1994. Auk þess að vera með sauðfé eru þau að rækta hross með góðum árangri. */MHH*



Frá Blönduósi. Mynd / HKr.

Fyrsta skóflustunga að gagnaveri á Blönduósi

Fyrirhugað er að reisa nýtt gagnaver við Svínvetningabraut á Blönduósi undir starfsemi hýsingarfyrirtækisins Borealis Data Center ehf.


BDC North ehf. ætlar að byggja og reka húsið en félagið verður í eigu Ámundakinnar ehf. og Borealis Data Center.

Fyrstu skóflustunguna sem tekin var nýverið tóku vaskir aðilar sem komið hafa að verkefninu með ýmsum hætti í mörg ár en þeir eru Björn, Arnar Þór, Guðmundur Haukur og Ásmundur Einar.

Um 900 manns búa á Blönduósi, en helstu atvinnuvegir þar tengjast landbúnaði, iðnaði, verslun, þjónustu og ferðaþjónustu. Aðstæður fyrir rekstur gagnavers á Blönduósi þykja ákjósanlegar, fremur kalt loftslag, svæðið er snjólétt og þar er ekki hætta á náttúruhamförum, lóð á svæðinu var tilbúin og til reiðu en það sem mestu skipti var aðgangur að grænni orku frá Blöndu.

Sveitarstjórn Blönduósbæjar hafði áður samþykkt með fyrirvara að leggja fram 15 milljónir króna í húsnæði vegna gagnavers á Blönduósi.

Fyrirvari sá sem sveitarstjórn setur fyrir samþykkt sinni er að þessar 15 milljónir króna verði sem aukið hlutafé í Ámundakinn ehf. og ráðist verði í byggingu á því húsnæði eins og fram kemur í gögnum sem lögð voru fram á fundinum. Jafnframt er það skilyrði samþykktar sveitarstjórnar að Ámundakinn ehf. taki þátt í stofnun fasteignafélags um byggingu á húsnæði fyrir gagnaver Blönduósi og áðurnefnd aukning á hlutafé verði notuð sem framlag til þess. */MÞÞ*



Með mikilli sýklalyfjanotkun við framleiðslu á landbúnaðarafurðum og við meðhöndlun sjúklinga þróast ofurbakteríur sem venjuleg sýklalyf ráða ekki við. Þetta er nú talið valda dauða 700 þúsunda manna í Evrópu á ári og fer dánartíðnin ört vaxandi. Er því spáð að fjöldi látinna á ári af þessum orsökum verði orðinn 10 milljónir á heimsvísu árið 2050 með tilheyrandi kostnaðarauka fyrir heilbrigðiskerfið. Á þessu súluriti sést að lyfjanotkunin í landbúnaði er langminnst meðal Evrópuríkja í Noregi og á Íslandi, en mest í þeim ríkjum sem við kaupum helst kjöt frá.

ESB hættir við aukið lyfjaeftirlit vegna viðskiptahagsmuna

Evrópusambandið dregur úr eða hættir við áform um að takast á við mengun af völdum sýklalyfja vegna viðskiptahagsmuna. Þetta er gert þrátt fyrir vaxandi tíðni sýklalyfjaónæmis sem veldur nú dauða um 700.000 einstaklinga í heiminum á ári, þar af um 30.000 í Evrópu.

Karl G. Kristinsson, yfirlæknir sýkla- og veirufræðideildar Landspítalans og prófessor í veirufræði við Háskóla Íslands, segir að þetta séu honum mikil vonbrigði.

„Þetta málefni hefur verið rætt reglulega á fundi samnorrænnar „One Health" nefndar um sýklalyfjaónæmi á vegum Norrænu ráðherranefndarinnar. Mögulega verða Norðurlöndin að beita sér í þessu máli og eða að sýna gott fordæmi með því að ganga lengra en Evrópusambandið. Það er þó ekki víst að slíkt standist reglur ESB, og því eru þessar fréttir vonbrigði."

Meðal hugmynda sem fallið hefur verið frá er að lögð verði áhersla á að taka upp umhverfisviðmiðanir sem draga eiga úr mengandi áhrifum sýklalyfjanotkunar. Einnig hefur verið fallið frá hugmynd sem gerði ráð fyrir að eftirlit yrði haft með framleiðslu lyfjanna á heimsvísu og mengunar af hennar völdum.

Hefðu hugmyndirnar fengið hljómgrunn hefðu þær gert eftirlitsmönnum frá Evrópusambandinu kleift að heimsækja lyfjaverksmiðjur í Asíu og Afríku þar sem grunur leikur á alvarlegri umhverfismengun vegna framleiðsluhátta og slakra umhverfiskrafna.



Karl G. Kristinsson, yfirlæknir sýkla- og veirufræðideildar Landspítalans, hefur miklar áhyggjur af að dregið verði úr áformum um aukið eftirlit með sýklalyfjaframleiðslunni. Mynd / VH

Látið undan þrýstingi alþjóðlegra lyfjafyrirtækja

Í fréttinni segir að helsta ástæða þess að þetta ákvæði var fellt út sé að það hefði getað haft hamlandi áhrif á viðskipti Evrópusambandsins og Indlands með lyf sem þar eru framleidd.

Fjöldi alþjóðlegra lyfjafyrirtækja hefur flutt framleiðslu sína til Indlands og rannsóknir sýna að lyfjamengun í ám á Indlandi í námunda við verksmiðjurnar er tvisvar sinnum meiri núna en á síðasta áratug. Dæmi eru um að styrkur sýklalyfja í grunnvatni í námunda við lyfjaverksmiðjur sé meiri en í blóði sjúklinga sem eru að taka inn viðkomandi sýklalyf.

Gagnlaus tilmæli

Talsmenn ýmissa samtaka, sem láta sig áhrif sýklalyfjaónæmis varða, segjast vera furðu lostnir vegna



Sýklalyfjaónæmar bakteríur valda sífellt meiri usla meðal mannfólksins. Sífellt dýrara verður fyrir heilbrigðiskerfið að berjast við smit af völdum slíkra baktería.

ákvörðunar Evrópusambandsins um að slá af kröfum sínum í ljósi þess hversu mengun af völdum sýklalyfja er alvarleg.

Ákvæði sem gerði lyfjafyrirtækjum skylt að mæla og deila upplýsingum um losun sýklalyfja í frárennslisvatni við lyfjaframleiðslu og sýklalyfjaónæmum örveirum og sýklalyfja í saur og þvagi dýra við verksmiðjubúskap.

Þetta er gert þrátt fyrir að fjöldi vísindamanna hafi bent á skort á rannsóknum af þessu tagi og áhrif losunarinnar í lýðheilsu.

Bent er á að ákvæði í eftirlitsdrögunum þar sem góðfúslegum tilmælum er beint til framleiðenda og notenda sýklalyfja að huga betur að umhverfismálum sé gersamlega gagnslaus.

Lyfjafyrirtækin eyða milljörðum í „lobbýisma"

Vinna við reglur um lyfjamengun hefur dregist í þrjú ár og segja gagnrýnendur niðurstöðunnar að hún beri greinileg merki þess að lyfjaframleiðendur hafi mikil áhrif á hana. Áætlað er að stóru lyfjafyrirtækin í heiminum hafi varið upp í um 40 milljón pundum, um 5,7 milljörðum íslenskra króna, í „lobbýisma" og til að auka aðgengi sitt að ráðamönnum árið 2015.

Talsmenn Evrópusambandsins hafa neita að tjá sig um innihald upplýsinganna sem The Guardian hefur undir höndum. */VH*

HÖFÐI FASTEIGNASALA

Suðurlandsbraut 52
108 Reykjavík
Sími 533 6050
Faxnr. 533 6055
www.hofdi.is


Runólfur Gunnlaugsson
viðsk.fr.
lögg. fast.


Ásmundur Skeggjason
lögg. fast.


Brynjar Baldursson
sölufulltrúi


Jóhann Friðgeir Valdimarsson
sölufulltrúi


Kristinn Tómasson
viðsk.fr. MBA
lögg. fast.

Fyrir fólk á fasteignamarkaði

Fosshóll - Gistihús við Goðafoss



Gistihúsið Fosshóll stendur við þjóðveg 1 við náttúruperluna Goðafoss. Þar hefur verið rekin gisti- og veitingasala frá árinu 1927. Á Fosshóli eru 23 herbergi í þremur byggingum sem rúma samtals yfir 50 gesti. Veitingarstaður er í aðalbyggingunni og tekur um 60 manns í sæti. Húsakostur er alls 997 fm og almennt í góðu ástandi, innan sem utan. Eignarland er um 7,4 hektarar við þjóðveg 1. Einnig fylgja rúmlega 50 hektarar af erfðafestulandi. Rekstur hefur gengið vel undanfarin ár og skilað góðri afkomu. Herbergjanýting hefur verið mjög góð og fjölga mætti herbergjum verulega. Með opnun Vaðlaheiðarganga styttist vegalengdin til Akureyrar til muna og um möguleikar á heilsársstarfsemi aukast. Hér er í boði mjög áhugaverður kostur sem býr yfir óþrjótandi möguleikum. Hér má sjá myndband frá staðnum : https://youtu.be/97k1cKhXmzo

Verð 170 m. **Nánari upplýsingar veitir Brynjar s: 698 6919**

Erum að keyra út plasti þessa dagana


POWER STRETCH




BAL'ENSIL

TamaNet™ 4500m
EDGE to EDGE™

Edge to Edge 4500 m - lengstu netrúllur í heimi
- Í einni rúllu eru yfir 500 heyrúllur



Frábært verð á rúlluplasti

PLAST

Power Stretch 75 cm svart	8.890 kr. án vsk.
Power Stretch 75 cm hvítt	8.950 kr. án vsk.
Rani 50 cm hvítt/ljósgrænt	7.550 kr. án vsk.
Rani 75 cm svart	8.950 kr. án vsk.
Rani 75 cm hvítt/ljósgrænt	9.100 kr. án vsk.
Bal'ensil 75 cm hvítt/ljósgrænt	9.960 kr. án vsk.

RÚLLUNET

Tama 1,23x3600 m	27.900 kr. án vsk.
Tama 1,23x4500 m	32.900 kr. án vsk.

Greiðslukjör til haustsins.

Búvís
2006-2016
Akureyri · Sími 465 1332
www.buvis.is

FRÉTTIR

Glimrandi gangur hjá Vilko á Blönduósi

Hagnaður hefur verið af rekstri Vilko ehf. undanfarin tvö ár, í fyrra skilaði rekstur-inn 1,2 milljóna króna hagnaði og árið á undan 1,6 milljónum króna.



Pökkun hjá Vilko í nýu húsnæði sem flutt var í september 2017.

Vilko hefur farið í gegnum mikið breytingarskeið undanfarin ár, en fyrirtækið flutti í stærra húsnæði þar sem hið eldra uppfyllti engan veginn þá þörf sem Vilko var komin í. Í fyrra flutti Vilko því starfsemi sína í gamla MS húsið, en miklar og kostnaðarsamar breytingar voru gerðar á húsinu til að mæta þörfum Vilko.

Nýr vélbúnaður og vottanir

Samhliða flutningi fjárfesti Vilko í fullkomnum vélbúnaði til hylkjunargerðar og kryddáfyllingar á árinu. Síðastliðið ár einkenndist af uppbyggingu á eigin framleiðslu og innri skipulagsvinnu. Vilko er nú komið með ýmsar vottanir, s.s. Tún vottun og öll aðstaða er til fyrirmyndar fyrir matvælaframleiðslu. Lengi má þó gott bæta og áfram verður unnið að smávægilegum lagfæringum í húsinu.

Fram kemur í tilkynningu frá félaginu að eigendur og starfsfólk horfi bjartsýn fram á veginn, Vilko ætli sér stærri hluti í framtíðinni.

Á gömlum merg

Fyrirtækið Vilko stendur á gömlum merg. Það var stofnað í Kópavogi árið 1969 en árið 1986 keypti Kaupfélag Húnvetninga framleiðsluna og flutti starfsemina á Blönduós.

Árið 2000 var fyrirtækið gert að hlutafélagi sem er í eigu Ámundarkinnar ehf., Ó. Johnson & Kaaber ehf., sveitarfélaganna í Austur-Húnavatnssýslu sem og nokkurra starfsmanna og einstaklinga.

Vel þekkt vörumerki

Vilko-vörurnar þekkja flestir, heilu kynslóðir landsmanna hafa verið aldir upp á súpum, grautum, vöfflum, kökum og fleira góðgæti sem framleitt er undir merkjum Vilko.

Vilko á einnig vörumerkið Prima sem er mest selda kryddlína á Íslandi. Prima kryddtegundirnar eru um 100 talsins í öllum stærðum og gerðum af pakkningum.

Hluthafar í Vilko ehf. eru 20 og starfsmenn 8 en starfsmönnum mun fjölga nokkuð á næstu mánuðum.

/MÞÞ



Á myndinni má sjá Þorstein Inga Sigfússon, forstjóra NMÍ og Svein Aðalsteinsson, stjórnarformann HfSu, skrifa undir samninginn. Fyrir aftan frá vinstri eru Karl Friðriksson forstöðumaður og Sigríður Ingvarsdóttir, framkvæmdastjóri NMÍ, Gunnar Þorgeirsson, formaður Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga og Olga Lísa Garðarsdóttir, skólameistari Fsu. Mynd / MHH

Fjölbrautaskóli Suðurlands opnar FabLab smiðju í haust

Nýlega skrifuðu forsvarsmenn Háskólafélag Suðurlands (HfSu) og Nýsköpunarmiðstöð Íslands (NMÍ) undir samning sem felur í sér samstarf og styrk við FabLab smiðju sem verið er að setja upp í Fjölbrautaskóla Suðurlands (FSu) á Selfossi.

Samningurinn er til þriggja ára og leggur áherslu á faglegt samstarf um innra starf smiðjunnar og samstarf FabLab smiðja hér á landi.

Samningurinn kemur í kjölfar undirskriftar FSu, Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga (SASS), Héraðsnefndar Árnesinga og HfSu um samkomulag um uppsetningu og rekstur smiðjunnar. Þessa dagana er verið að vinna í að fjármagna tækjakaup fyrir smiðjuna og þar eiga stóran þátt sunnlensk fyrirtæki auk Atorku sem er félag atvinnurekenda á Suðurlandi, en þau leggja til meginþorra þess fjármagns sem þarf til þess að fjármagna tækjakaupin.

„Við stefnum á að opna smiðjuna í haust en tilgangur hennar er að þjálfa sköpunargáfu einstaklinga og hjálpa þeim að hrinda hugmyndum í framkvæmd með því að hanna, móta og framleiða hluti með aðstoð stafrænnar tækni. Með uppsetningu og rekstri smiðjunnar opnast hvetjandi umhverfi til nýsköpunar, menntunar og þróunar í héraðinu en auk nemenda í FSu og grunnskólum svæðisins, munu fyrirtæki og almenningur hafa aðgang að smiðjunni," segir Olga Lísa Garðarsdóttir, skólameistari Fsu. Magnús St. Magnússon hefur verið ráðinn sem umsjónarmaður smiðjunnar.

/MHH

107 uppskriftir bárust í keppni um þjóðlega rétti:

Harðfisksúpa, fjallagrasa-brulee og nesti smaladrengsins unnu til verðlauna

Harðfisksúpa var hlutskörpust í vali í hugmyndasamkeppninni „Þjóðlegir réttir á okkar veg" sem Matarauður Íslands stóð fyrir á dögunum. Eliza Reid forsetafrú afhenti verðlaun til þátttakenda á uppskeruhátíð sem haldin var í nýjum húsakynnum Mathallarinnar á Granda mánudaginn 28. maí sl. Gestum bauðst að smakka á réttunum sem voru hver öðrum betri. Veitingastaðir um allt land munu á næstunni velja einn rétt til þess að setja á matseðilinn hjá sér.

Alls bárust 107 hugmyndir og uppskriftir af þjóðlegum réttum en keppnin var opin og öllum frjálst að senda inn tillögur. Það gætti ýmissa grasa, allt frá njólasúpu, grasystingi og grjúpáni í skemmtilega útfærða samtímarétti. Algengustu hugmyndirnar án uppskriftar voru kótelettur í raspi, plokkfiskur og útgáfur af lúxuspylsum, ýmist með fiski eða kjöti.

Matarkörfur í verðlaun

Nemendur í Hótel- og veitingaskólanum útfærðu hugmyndirnar í samvinnu við sína kennara. Dómnefnd mat svo árangurinn en efstu fimm vinningshafarnir fengu veglegar matarkörfur ásamt því sem vinsælasti rétturinn í netkosningu fékk verðlaun

Vinningshafar

1. sæti. Harðfisksúpa.
Baldur Garðarsson.
2. sæti. Íslenskt ramen,
rófunúðlukjötsúpa.
Hafliði Sævarsson.
3. sæti. Brauðsúpa.
Anna Lára Pálsdóttir.
4. sæti. Rófugrautur.
Helga Jóna Þorkelsdóttir.
5. sæti. Nesti smaladrengsins.
Hafsteinn Hjartarson.

Fjallagrasa-brulee vinsælt

Vinsælasti rétturinn samkvæmt netkosningu var Fjallagrasa-brulee sem kúabóndinn og fyrrum þingmaðurinn, Jóhanna María Sigmundsdóttir, átti heiðurinn af.

Vinningar voru ekki af verri endanum, stútfullar gjafakörfur af matvörum frá Beint frá býli, Mjólkursamsölunni og flugmiði frá Air Iceland Connect fyrir fyrsta sætið.

Safna matarminningum

Samhliða söfnun uppskrifta óskaði Matarauður Íslands eftir skriflegum matarminningum. Þær er hægt að senda áfram inn í gegnum vefsíðuna mataraudur.is.



Sigurður Daði Friðriksson matreiðslumeistari sýnir Elizu Reid forsetafrú úrval þjóðlegra rétta sem bárust í samkeppnina. Myndir / TB



Troðfylltir ástarpungar voru sérlega girnilegir.



Baldur Garðarsson fékk fyrstu verðlaun fyrir harðfisksúpu.



Eliza Reid afhenti Jóhönnu Maríu Sigmundsdóttur kúabónda verðlaun fyrir vinsælasta réttinn, fjallagrasa-brulee.

Landbúnaðarsýning lofar góðu

Undirbúningur undir stórsýninguna Íslenskur landbúnaður 2018, sem haldin verður í Laugardalshöllinni dagana 12.-14 október í haust, gengur afar vel að sögn sýningarhaldara. Þegar hafa tæplega áttatíu sýningaraðilar tilkynnt þátttöku.

Að sögn Ólafs M. Jóhannessonar, framkvæmdastjóra Ritsýnar sf., sem heldur sýninguna, er nær fullskipað í útisvæði og inni í Laugardalshöllinni eru fáir básar eftir.

„Við erum þessa dagana að klára að selja þau hólf sem eftir eru. Það er mikill áhugi hjá sýnendum og greinilegt að það er gróska í landbúnaðinum í dag. Við búumst við miklum fjölda í Laugardalinn í haust, bæði bændum að sjálfsögðu og öðrum áhugasömum um nútíma landbúnað og íslensk matvæli. Félagsmenn Bændasamtakanna fá allir boðsmiða á sýninguna og við munum einnig bjóða upp á vandaða fyrirlestradagskrá," segir Ólafur.



Ólafur M. Jóhannesson.

ÍSLENSKUR LANDBÚNAÐUR - 2018 -

Tímarit Bændablaðsins kemur út samhliða sýningunni

Í tilefni sýningarinnar verður Tímarit Bændablaðsins gefið út í hátíðarútgáfu, glanstímarit í A4-broti sem verður dreift til allra bænda landsins og á sýningunni sjálfri. Ritið mun innihalda upplýsingar um sýnendur ásamt viðtölum við bændur, kort af sýningarsvæðinu og fleira.

Sláðu til!

Mikið úrval af sláttuvélum, sláttutraktorum, sláttuorfum, hekkklippum, róbótum og keðjusögum.

WOLF Garten

ECHO



Sláttuvélar
Bensín, rafhlöðu og rafmagns

frá kr **16.900**



Sláttutraktorar
Með og án safnkassa

frá kr **329.000**



Sláttuorf
Bensín og rafmagns

frá kr **4.990**



Hekkklippur
Topp gæði frá Echo

frá kr **56.990**



Slátturóbótar
Frábær nýjung.
Algjörlega sjálfvirkur

frá kr **125.000**



Keðjusagir
Bensín og rafmagns

frá kr **29.900**

JÖTUNN
VÉLAR · VERSLUN · VARAHLUTIR

Austurvegur 69 - 800 Selfoss // Lónsbakki - 601 Akureyri // Sólvangi 5 - 700 Egilsstaðir // Sími 480 0400 // jotunn@jotunn.is // www.jotunn.is

---

Njarðarnes 4

STEINSMIÐJA AKUREYRAR

Njarðarnes 4

FRÍR FLUTNINGUR Á LEGSTEINUM UM ALLT LAND

Mikið úrval legsteina á minnismerki.is

Tilboð
111
41x60 cm frá sökkli



66 cm sökkull
GRÁR - 125 þúsund með grafskrift

Tilboð
111
41x60 cm frá sökkli



66 cm sökkull
Svartur - 135 þúsund með grafskrift

Tilboð
113
41x60 cm frá sökkli



66 cm sökkull
GRÁR - 125 þúsund með grafskrift

Tilboð
113
41x60 cm frá sökkli



66 cm sökkull
Svartur - 135 þúsund með grafskrift

minnismerki.is s: 466 2800 / 899 9370 sala@minnismerki.is

FRÉTTIR



Boltaurriði úr Þingvallavatni en þeir hafa verið að gefa sig núna á Þingvöllum í byrjun sumars.

Góð veiði á Þingvöllum

Kaldárhöfði við Þingvallavatn og Úlfljótsvatn er nýjasta svæðið í flóru Fish Partner. Um er að ræða fjölbreytt svæði sem er fornfrægt stórurriðasvæði og mjög sterkt bleikjusvæði.

Kaldárhöfði er syðsta veiðisvæðið í Þingvallavatni og nyrsta svæðið í Úlfljótsvatni. Svæðið nær frá Sprænutanga í Þingvallavatni í norðri og að landamörkum við Efri-Brú við Úlfljótsvatn í suðri.

„Svæðið á sér langa veiðisögu og var sennilega besta urriðasvæði í Þingvallavatni fyrir tíma virkjana í Sogi. Með vaxandi veiði á urriða í vatninu verður spennandi að fylgjast með veiðinni á Kaldárhöfða á næstunni. Veiðin hefur verið góð það sem af er, flottir fiskar," segir Gunnar Örn Peter.

Hluti svæðisins er í Úlfljótsvatni og er það svæði bæði þekkt fyrir stóra urriða og nóg af bleikju. Urriðaveiðin er einkum góð nyrst í vatninu og út af hólmanum en bleikjuveiðin er góð á öllu svæðinu. Veitt er á sex stangir frá 1. maí–10. júní en tíu stangir frá 11. júní–31. ágúst.

Laxveiðin að byrja á fullu

Það var fallegt við Laxá í Kjós er við kíktum þar við í vikunni en laxinn er mættur í hana eins og fleiri laxveiðiár þessa dagana.

„Ég sá nokkra laxa í ánni fyrir skömmu," sagði Bubbi Morthens, en svo gerði stórrigningar og laxinn forðaði sér ofar í ána.



Staðan við Laxá í Kjós fyrir nokkrum dögum síðan, áin flott og laxinn mættur. Mynd / María Gunnarsdóttir

Laxinn hefur sést víða í Langá á Mýrum, Laxá í Leirársveit, Norðurá og Elliðaánum enda stytt-ist að veiðin byrji á fullu. Fyrstu árnar eru að opna, Straumarnir, Norðurá og Blanda, en veiðin er byrjuð í Þjórsánni og þar hafa veiðst einhverjir tugir af löxum. „Jú, laxinn er mættur og það hafa veiðst nokkrir, flottir fiskar," sagði Stefán Sigurðsson er við spurðum um stöðuna. Allt er að komast á fleygiferð.

KÆLI- & FRYSTI-BÚNAÐUR



KLEFAR
Kæli- & frystiklefar í miklu úrvali.
Vottaðir gæðaklefar með mikla reynslu á Íslandi. Einfaldir í uppsetningu.



HILLUR
fyrir kæli- & frystiklefa.
Mikið úrval og auðvelt að setja saman. Sérhannaðar fyrir matvæli.

Hafðu samband í síma 587 1300 og við sérsníðum lausn sem hentar þér!

KAPP ehf
VÉLA-KÆLI & RENNIVERKSTÆÐI
Miðhraun 2 | 210 Garðabær | Sími 587 1300 | kapp@kapp.is | www.kapp.is



Veiðimenn við Deildará á Sléttu. Vatnslitamynd eftir Ragnar Hólm.

Allt saman tilfinning og túlkun

Gunnar Bender
gunnarbender@gmail.com

Ragnar Hólm Ragnarsson er kunnur fyrir skrif sín um fluguveiði. Fyrir röskum áratug gaf hann út bókina „Fiskar & menn" sem fjallaði um ýmsa afkima veiðinnar. Hann er annar ritstjóra veftímaritsins Flugufrétta en skrifar að auki fyrir blöð og tímarit, til að mynda Sportveiðiblaðið.

Á síðasta ári ræddi Bændablaðið við Ragnar um samtvinnun veiða og vatnslita en nú hefur hann tvinnað þetta enn betur saman með því að vatnslita veiðimenn. Vatnið er Ragnari hugleikið. Hann veiðir úr því fiska og málar úr því myndir. „Vatnslitirnir verða sífellt fyrirferðarmeiri í lífi mínu á kostnað vatnafiskanna," sagði Ragnar Hólm þegar við hittum hann á Akureyri í síðustu viku.

„Auðvitað hef ég enn þá gaman af því að veiða fisk á flugu en það er ekki síður gaman að veiða þokkalega vatnslitamynd. Ég hef verið mest í landslaginu en nú er ég farinn að blanda aðeins inn í það veiðimönnum."



Ragnar Hólm í veiði með dóttur sinni, Aðalheiði Önnu, núna í vor.

− Ertu þá með pensilinn á lofti þegar vinirnir veiða?

„Nei, það er sjaldnast hægt því menn fara hratt yfir og færa sig ótt og títt þannig að ljós og skuggar breytast hratt á fígúrunum. Ég hef frekar gert þetta þannig að leggjast kannski í grasið og horfa á félagana, reynt að sjá fyrir mér mótífið og síðan tek ég nokkrar myndir og miða við þær þegar ég mála um kvöldið eða einhvern tímann síðar."

− Eru veiðimenn þekkjanlegir á myndunum?

„Nei, það vona ég ekki. Enda hef ég engan áhuga á því að mála smáatriðin. Ég er líklega impressjónisti fram í fingurgóma. Ég reyni að fanga tilfinningu, hreyfingu og hughrif. Það eru aðrir í því að taka ljósmyndir af veiðimönnum og veiðigræjum. Ég er meira í stemningunni, litbrigðum vatnsins, íhygli veiðimannsins."

− Hefur þér þá ekki dottið í hug að mála þekkta veiðistaði?

„Einhvern tímann þegar ég var unglingur fór ég með föður mínum í Langá á Mýrum og litaði myndir af nokkrum þekktum veiðistöðum þar með pastelkrít. Það voru ágætar myndir sem foreldrar mínir eiga uppi á vegg. Ég held að þær séu fjórar eða fimm. Og nýlega skoraði útséður veiðimaður á mig að mála vatnslitamyndir af helstu veiðistöðum í þekktustu laxveiðiám landsins og selja ríkum útlendingum.

Gallinn er bara sá að þótt mér þyki gaman að selja eina og eina mynd þá er þetta enginn bisness hjá mér – þetta er ástríða líkt og fluguveiðin. Ég mála það sem kveikir í mér en fæ hálfgert kvíðakast ef ég er beðinn að mála ákveðið mótíf. Þetta er allt saman tilfinning og túlkun beint frá hjartanu."



Málin rædd við tjörnina sem var full af fiski. Mynd / María Gunnarsdóttir

Veiðin byrjuð kringum 20. júní

Það er blankalogn út Eyjafjörðinn og einn og einn fugl á vappi. Við erum að taka stefnuna út á Grenivík en ákváðum að koma aðeins við hjá honum Gunnari Blöndal, sem er með veiðitjarnir við Ystu-Vík.

Þar geta veiðimenn veitt og það er alltaf nóg af fiski hjá Gunnari, en veiðin byrjar ekki fyrr en kringum 20. júní. Veiðimenn verða að bíða þótt það sé erfitt. Víkurlax heitir fyrirtækið hjá honum og það verður boðið upp á veiði á regnboga og bleikju.

„Sæll," er það fyrsta sem Gunnar segir og hann er kampakátur.

„Ég var að slátra svolítið af fiski áðan, alltaf eitthvað að gera hérna. En veiðin byrjar ekki fyrr en kringum 20. júní hérna hjá mér. Það verður nóg af fiski þegar veiðin byrjar. Þetta eru fjölmörg ár sem ég hef verið hér og þetta er alltaf jafn gaman en mest veiðin er í júlí og ágúst."

− En varstu sjálfur að veiða mikið hérna áður?

„Já, það er rétt, en þegar maður fór í þetta fiskeldisdæmi datt alveg niður áhuginn á veiði. Maður veiddi víða og mikið en svona er þetta bara. Stangveiðin er skemmtileg. Eitt tekur þó við af öðru," segir Gunnar og sýnir okkur tjörn þar sem nóg er af fiski, fleiri hundruð. Mikið langaði mann að taka eitt kast en það er ekki í boði. Gunnar heldur áfram að gera verkin, en við María ljósmyndari látum okkur hverfa. Svona er þetta bara.

FASTEIGNASALAN TORG
Áb. Sigurður Gunnlaugsson lfs.

KRAFTUR – TRAUST – ÁRANGUR


Fasteignasalan TORG Garðatorgi 5 210 Garðabær www.fasttorg.is

Til sölu rekstur Sláturhús Vesturlands 300 Borgarnesi.

39.900.000,-



Sigurður
Fasteignasali
898 6106




Félagið er með hagstæðan 10 ára leigusamning um húsnæðið að Brákarbraut 19, Borgarnesi, c.a. 465fm.
Félagið er með leyfi fyrir slátrun á eftirfarandi gripum; Sauðfé, geitur, svín, nautgripir, hross og folöld.
Eftir eru tæp 10 ár af leyfi til slátrunar. Allur búnaður fylgir með í kaupunum, lausamunir svo og þau tæki sem eru naglföst. Nýbúið er að fara yfir tækjabúnað. Félagið er með 10 ára hagstæðan húsaleigusamning, með forkaupsrétti.

Nánari uppl. veitir Sigurður Gunnlaugsson, lgfs í síma 898-6106, netfang sigurdur@fstorg.is

STRÚKTÚR



Vegna frábærra undirtektar á sýningunni Verk og Vit þá langar okkur að halda áfram og vera með sumartilboð á eftirtöldum hússtærðum í Z strúktúr. Öll húsin eru með 40 mm PIR einingar á þaki og veggjum, tveimur gönguhurðum og einni iðnaðarhurð á gafli. Aðal-, burðarvirkis- og sökkulteikningar eru innifaldar. Ef þetta hentar ekki þá skoðum við málið með þér.



10 x 20 m vegghæð 3 m	Kr: 6.170.000 m/vsk	M2 = 30.850
11 x 25 m vegghæð 3 m	Kr: 7.900.000 m/vsk	M2 = 28.727
12 x 30 m vegghæð 3,5 m	Kr: 9.900.000 m/vsk	M2 = 27.500
16 x 30 m vegghæð 3,5 m	Kr: 12.500.000 m/vsk	M2 = 26.042

STRÚKTÚR ehf | Stangarhyl 7 | 110 Reykjavík | www.struktur.is | struktur@struktur.is | Sími: 588 6640

STEKKUR

Hæg viðkoma hjá skötu

Á miðunum umhverfis landið hafa fundist 15 tegundir af ættbálki skatna. Algengastar eru skata (Raja batis), tindaskata (R. radiata), hvítskata (R. lintea), skjótta skata (R. hyperborea) og Maríuskata (Bathyraja spinicauda).

Meðal sjómanna er algengt að nota samheitið náskata yfir allar skötur nema skötu og tindaskötu. Hins vegar er einnig til sérstök tegund sem heitir náskata og veldur það stundum ruglingi. Eiginlegar skötur (R. batis) geta náð allt að 2,5 metrum á lengd og orðið um 100 kíló að þyngd. Þær eru auðgreindar frá öðrum tegundum á því að neðra borðið er grátt og oft með hríslóttum blásvörtum rákum.

Líf byrjaði í sjónum

Haf eða sjór þekur 71% af yfirborði jarðar. Selta sjávar er um 3,5%. Talið er að allt líf hafi hafist í vatni en sumar lífverur byrjuðu síðar að færa sig upp á yfirborðið og af þeim er talið að líf á yfirborðinu sé komið.

Þörungar til manneldis

Aldagömul hefð er fyrir að nýta þörunga til manneldis í Japan, Kína og Kóreu. Þörungar eru ríkir af steinefnum, snefilefnum og vítamínum. Sem dæmi um matvæli má nefna sushi, wasabi, nori og kombu. Söl og marinkjarni eru vel þekkt fæða hérlendis.

Þörungar eru einnig notaðir í fóður, lífeldsneyti og í húðvörur.

Rostungar við Ísland

Rostungar (Odobenus rosmarus), helst ungir brimlar, eiga það til að heimsækja Ísland þótt slíkt sé sjaldgæft en rostungar tilheyra flokki hreifadýra eins og selir. Leifar rostungsbeina og tanna hafa fundist víða um land og stundum langt frá landi og þykja benda til þess að mikið hafi verið af rostungi hér á ísöld og fyrir landnám. Síðast sást rostungur eða rosmhvalur eins og þeir eru stundum kallaðir á Íslandi í Ófeigsfirði á Ströndum í ágúst 2008. Sá var brimill og vó um hálft tonn og hafði skriðið milli 30 og 40 metra upp á land en drapst skömmu eftir að hann fannst.

Furðuleg ævisaga áls

Fullvaxnir Evrópuálar hrygna í Þanghafinu út af Mexíkóflóa. Ekki hefur tekist að staðsetja hrygningarstöðvarnar nákvæmlega og enn hefur engin hrognafull hrygna eða hrogn fundist í sjó en talið er að hrygningin fari fram í febrúar til apríl á 400 til 700 metra dýpi.

Hvalur í Jónsbók

Í Jónsbók er langur bálkur um hvali og hvalnytjar. Þar er m.a. kveðið á um að ef hval sem í er hvaljárn eða spjót rekur beri að skipta honum milli landeiganda, eiganda járnsins og fátækra. Spjótveiðar voru stundaðar á hvölum á miðöldum en spjótið samanstóð af tréskafti og haus eða hvaljárni. Ólíkt skutlunum var engin taug í hvaljárnunum og því ekki möguleiki á að draga hvalinn á land eða tryggja sér skrokkinn með öðrum hætti. Hvalveiðimennirnir urðu að bíða þess að hvalurinn dræpist úr blóðeitrun og treysta því að skrokkinn ræki dögum eða jafnvel vikum seinna. Því voru hvaljárnin merkt eigendum sínum, mörkin voru þinglýst, og hlaut eigandi merkts járns skotmannshlutann sem var helmingur hvalsins. */VH*

HLUNNINDI & VEIÐI

Mala gull úr nýjum nytjastofni



Kjartan Stefánsson
kjartanst@simnet.is

Segja má að Íslendingar hafi dottið í lukkupottinn þegar makríll fór að venja komur sínar í íslenska lögsögu á fyrsta áratug þessarar aldar. Nemur útflutningverðmæti makrílafurða nú um og yfir 20 milljörðum á ári.

Síðustu árin hefur makríllinn gengið í auknum mæli á Íslandsmið á sumrin og fram á haust. Makríll hefur oft áður sýnt sig hér við land á hlýviðraskeiðum en að þessu sinni bárum við gæfu til að nýta hann. Auknar göngur makríls hingað eru taldar tengjast stækkun stofnsins, hlýnun sjávar og fæðuframboði á hefðbundum ætisslóðum.

Fjöldi áskorana

Árið 2006 fór makríllinn að veiðast sem meðafli við síldveiðar í flotvörpu úti fyrir Austurlandi. Það ár veiddu íslensk skip rúm 4 þúsund tonn af makríl. Íslendingar sáu sér leik á borði og árið 2007 var farið að veiða makríl í beinni sókn. Einnig var því hagað þannig að sem mest fengist af makríl sem meðafli við síldveiðar.

Þessi nýja „búgrein“ hafði í för með sér krefjandi áskoranir á fjölmörgum sviðum. Þróa þurfti veiðarnar, yfirstíga erfiðleika í vinnslu afurða, finna markaði fyrir afurðirnar, koma á stjórnkerfi fyrir veiðarnar og síðast en ekki síst að fá rétt Íslendinga til makrílveiða viðurkenndan á alþjóðavettvangi en um er að ræða sameiginlegan nytjastofn sem skip margra Evrópuþjóða hafa veitt í áraraðir.

Veiðarnar gengu vel

Íslendingar voru fljótir að ná tökum á makrílveiðum. Árið 2007 fór makrílaflinn í 36 þúsund tonn og stóra stökkið kom 2008 en þá veiddust 112 þúsund tonn. Uppsjávarskipið Huginn VE ruddi brautina í beinum veiðum.

Hæst fór aflinn í 173 þúsund tonn 2014 og á síðasta ári veiddum við 165 þúsund tonn. Leyfilegur heildarafli íslenskra skipa í makríl á árinu 2018 er tæp 135 þúsund tonn.

Veitt umfram ráðgjöf

Makríllinn er uppsjávarfiskur og finnst víða í Norður-Atlantshafi. Hrygningarsvæðið er allt frá hafinu vestur af Spáni og langt norður eftir, jafnvel til Íslands. Mjög stór hluti makrílsins hrygnir vestur af Bretlandi og Írlandi.

Makríllinn er veiddur í verulegu magni. Lengst af var heildarfli allra veiðiþjóða 600 til 700 þúsund tonn á ári en hefur aukist mjög síðustu 10 árin. Árið 2014 fór aflinn í tæpar 1,4 milljónir tonna. Helstu veiðiþjóðir eru Bretar og Norðmenn. Mörg undanfarin ár hefur verið veitt verulega umfram ráðgjöf Alþjóðahafrannsóknaráðsins.

Deilt um makrílinn

Stjórn makrílveiða, eins og veiðum úr öðrum deilistofnum, er þannig háttað að hlutaðeigandi strandríki eiga að koma sér saman um heildarafla og skiptingu hans á milli veiðiþjóða. Það hefur ekki alltaf gengið þrautalaust. Árið 2010 var Ísland loks viðurkennt sem strandríki varðandi makríl og hleypt að samningaborðinu um stjórn veiðanna. Þar voru fyrir á fleti ESB, Noregur og Færeyjar. Þótt við hefðum fengið viðurkenningu á rétti til veiðanna voru hin strandríkin ekki tilbúin að veita okkur sanngjarna sneið af kökunni.



Árið 2006 fór makríllinn að veiðast sem meðafli við síldveiðar í flotvörpu úti fyrir Austurlandi. Það ár veiddu íslensk skip rúm 4 þúsund tonn af makríl.



Eins konar gullgrafaraæði ríkti á fyrstu árum makrílveiða. Skipin kepptust við að moka makrílnum upp til að ná sem mestri aflareynslu þannig að þau stæðu vel að vígi ef og þegar makríll yrði settur í kvóta.

Því hefur Ísland, líkt og aðrar þjóðir í raun, ákveðið sína hlutdeild einhliða. Þess má geta að Rússar hafa einnig veitt makríl í gegnum tíðina í úthafinu en Rússland er ekki strandríki.

Árið 2014 náðist samkomulag um nýtingu makrílsins á milli ESB, Noregs og Færeyja án aðkomu Íslands. Í þeim samningi eru aðeins skilin eftir 15,6% fyrir Ísland, Rússland og Grænland. Ísland mótmælti þessum gjörningi harðlega. Samningafundir í makríldeilinu síðan þá hafa engu skilað. Væntanlega mun útganga Breta úr ESB flækja málin enn frekar.

Árin 2011 til 2013 var veiðihlutfall Íslands í makríl nokkuð stöðugt, eða um 16,5%, en lækkaði síðan þegar Grænlendingar hófu veiðar í lögsögu sinni. Ísland hefur síðustu árin miðað kvótasetningu sína við um 16-17% hlutdeild í heildarmakrílkvótanum í Norður-Atlantshafi.

Stór hluti stofnsins hér á sumrin

Rök Íslendinga í makríldeilunni eru þau að makríll veiðist í miklum mæli á Íslandmiðum eins og fram er komið. Rannsóknir hafa einnig sýnt að verulegur hluti makrílstofnsins heldur sig hér á sumrin. Í alþjóðlegum makrílleiðangri sumarið 2016 mældist til dæmis tæpt 31% af heildarvísitölu stofnsins í íslenskri lögsögu. Merki þess að makríll hafi hrygnt í íslenskri lögsögu hafa einnig fundist.

Síðast en ekki síst étur makríllinn óheyrilegt magn af lífmassa hér sem hleypur á nokkrum milljónum tonna og spikfitnar á því.

Eins konar gullgrafaraæði

Í fyrstu voru makrílveiðar frjálsar meðan íslensku skipin voru að ná tökum á veiðunum og verið var að sýna fram á að makríll væri veiðanlegur í íslenskri lögsögu.

Einskonar gullgrafaraæði ríkti á fyrstu árum makrílveiða. Skipin kepptust við að moka makrílnum upp til að ná sem mestri aflareynslu þannig að þau stæðu vel að vígi ef og þegar makríll yrði settur í kvóta. Leiddi það til þess að langstærstur hluti aflans fór í vinnslu fiskimjöls en makríll er sem kunnugt er hinn besti matfiskur. Voru Íslendingar réttilega gagnrýndir á alþjóðavettvangi fyrir þessa umgengni um sjávarauðlindina. Í þessu samhengi er rétt að taka fram að vinnsluskipið Hákon EA lagði frá upphafi megináherslu á að vinna makríl til manneldis um borð.

Yfir 160 milljarða útflutningsverðmæti

Verksmiðjur í landi voru í fyrstu ekki í stakk búnar til að vinna makríl til manneldis svo nokkru næmi. Þeir erfiðleikar voru yfirunnir á fáum árum og má segja að þar hafi greinin staðið sig vel með dyggum stuðningi vísindmanna hjá Matís.

Íslensku fyrirtækin náðu einnig góðum árangri í markaðssetningu á makrílafurðum. Makríllinn hefur skilað gríðarlegum verðmætum í þjóðarbúið. Frá 2006 til 2017 hafa útflutningsverðmæti makrílafurða numið samtals yfir 160 milljörðum króna. Árið 2014, svo dæmi sé tekið, námu útflutningsverðmæti makríls tæpum 24 milljörðum sem eru tæp 10% af útfluttum sjávarafurðum það ár.

Pottar en ekki kvóti

Fljótlega fóru stjórnvöld að setja reglur um makrílveiðar íslenskra skipa. Árið 2010 var leyfilegum heildarafla skipt niður á skip sem skapaði skilyrði fyrir betri samstillingu veiða og vinnslu. Ekki leið á löngu þar til makríllinn var nær eingöngu tekinn til manneldisvinnslu.

Þótt heildarafla hafi verið skipt niður á skip var ekki farin hefðbundin leið innan kvótakerfisins að hvert skip fengi aflahlutdeild miðað við veiðireynslu síðustu þriggja ára. Stjórnvöld bjuggu til nýtt og flókið kerfi sem var og er enn umdeilt. Í meginatriðum er kerfið þannig að leyfilegum heildarafla er skipt niður í fjóra misstóra potta eða útgerðarflokka eftir mismunandi leiðum. Þrír pottar eru fyrir stærri skip og báta en einn fyrir smábáta.

Í upphafi giltu einnig strangar reglur um framsal veiðiheimilda í makríl og um veiðiskyldu.

Flæði milli potta

Hömlum á framsali aflaheimilda í makríl hefur nú verið aflétt að verulegu leyti sem og veiðiskyldu. Hefur það leitt til þess að pottakerfið hefur riðlast og veiðiskipum fækkað umtalsvert, eins og sjá má í umfjöllun hér á eftir. Nú er farið með aflaheimildir í makríl hvað varðar flutning milli skipa innan ársins að miklu leyti eins og gert er í kvótakerfinu þótt fjórir aðskildir pottar séu enn við lýði að forminu til. Makríllinn flæðir nánast frjálst milli skipa og báta innan hvers potts og milli potta hjá stærri skipum og bátum. Er þar í mörgum tilvikum um að ræða flutning aflaheimilda milli skipa í eigu sömu útgerða en einnig leigu til óskyldra aðila.

Uppsjávarskipin með stærstan hlut

Stærsta pottinum, kringum 70% af heild, er úthlutað til sérhæfðra uppsjávarskipa samkvæmt aflareynslu á fyrstu árum makrílveiða. Um 20 uppsjávarskip veiddu makríl á síðasta ári og er það svipaður fjöldi og undanfarin ári. Nú er svo komið vegna tilflutninga að uppsjávarskipin veiða yfir 85% af makrílnum.

89 skip með úthlutun en 4 á veiðum

Frystiskip eru í sérstökum potti og heimildum þar er skipt jafnt á skip eftir stærðarflokkum. Hlutdeild þeirra í heildarúthlutun er tæp 26%. Um helmingur af heimildum frystiskipa var fluttur til uppsjávarskipanna á síðasta ári. Þá fékk 21 frystiskip úthlutun en aðeins 4 stunduðu veiðar.

Bátar og ferskfisktogarar eru í þriðja pottinum. Þar er einnig úthlutað jafnt á skip eftir stærðarflokkum. Lítið hefur komið í hlut hvers og eins skips í gegnum árin því potturinn er ekki stór, rúm 5% af heild, en skipin fjölmörg. Árið 2014 stunduðu 58 skip veiðar úr þessum potti. Á síðasta ári fengu 66 skip úthlutun en ekkert þeirra veiddi sínar heimildir. Þær voru fluttar á önnur skip, einkum uppsjávarskip. Bátur, sem hefur litla sem enga reynslu af makrílveiðum, hefur til dæmis getað sótt um og fengið heimildir í þessum potti í þeim eina tilgangi að leigja þær frá sér.

Í þessum tveimur pottum fengu sem sagt samtals 89 skip úthlutun í fyrra en einungis 4 skip stunduðu veiðar.

Frá ólympískum veiðum til kvóta

Smábátar eru frumkvöðlar við veiðar á makríl hér við land á handfæri. Fjórði potturinn er helgaður þeim. Í fyrstu var aflaheimildum ekki skipt niður á báta heldur mátti hver og einn veiða eins mikið og hann gat innan heildartakmarkana, svokallaðar ólympiskar veiðar. Árið 2015 var handfærapotturinn settur í kvóta. Veiðiheimildum var úthlutað á bát í samræmi við aflareynslu á ákveðnu árabili. Í ár fær handfærapotturinn um 4% af heild. Auk þess hafa verið tekin frá 2 þúsund tonn sem handfærabátum stendur til boða að leigja til sín. Árið 2014 stunduðu 120 smábátar veiðarnar en þeim hefur fækkað vegna kvótasetningar. Á síðasta ári voru þeir 50 að tölu.

Tveir flokkar virkir

Af þessari upptalningu má sjá að makrílveiðar eru að þróast þannig að aðeins tveir útgerðarflokkar eru fullkomlega virkir, þ.e. uppsjávarskipin og smábátar. Mörgum finnst tímabært að horfast í augu við staðreyndir og setja makríllinn í kvóta með sömu reglum og gilda fyrir aðrar veiðar helstu nytjastofna. Um þetta atriði er þó deilt eins og svo margt annað í stjórn fiskveiða.

STORMUR EHF
Kletthálsi 15 • Sími 577 1717



SPORTSMAN
570 TOURING SP
2.050.000 kr.-

SPORTSMAN 6X6
BIG BOSS 570 LE
2.650.000 kr.-

RZR 64”
XP TURBO
4.050.000 kr.-

GENERAL 1000 EPS
Deluxe
3.750.000 kr.-

WWW.STORMUR.IS

SLÖKKTU Á LETINNI OG KVEIKTU Á HÖRKUTÓLINU



Sumarauki að verðmæti 350.000 kr. fylgir!

Mitsubishi L200 4x4 er fullkomin blanda fólks- og pallbíls. Hann er byggður á heilli grind, með hátt og lágt drif, dráttargetu upp á 3.1 tonn og 450 Nm togkraft. **Nú fylgir 350.000 kr. sumarauki með öllum nýjum Mitsubishi bílum keyptum hjá HEKLU.** Slökktu á letinni og kveiktu á hörkutólinu í þér með nýjum L200. Hlökkum til að sjá þig!

Mitsubishi L200 4x4
Verð frá:
5.190.000 kr.

FIMM ÁRA ÁBYRGÐ HJÁ HEKLU 5

MITSUBISHI MOTORS
FYRIR HUGSANDI FÓLK

5 ára ábyrgð fylgir fólksbílum HEKLU að uppfylltum ákvæðum ábyrgðarskilmála. Þá er að finna á www.hekla.is/abyrgd

HEKLA · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is
Umboðsmenn um land allt: Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ · BVA Egilsstöðum

AUÐLINDIR & UMHVERFISMÁL

Ábyrg matvælaframleiðsla - Ísland og heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna:

Matvælaframleiðsla á Íslandi og sjálfbærnimarkmið Sameinuðu þjóðanna

Markmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun sem samþykkt voru á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna 2015 boða fjölbreyttar framfarir á heimsvísu.

Markmiðin, sem eru sautján, snúa að samfélaginu í víðasta skilningi, má þar nefna framleiðsluhætti, notkun á orku, samvinnu, útrýmingu á fátækt og hungri, og eiga að tryggja góða heilsu og vellíðan. Samstarfsvettvangur um Matvælalandið Ísland efndi til ráðstefnu um ábyrga matvælaframleiðslu og heimsmarkmið SÞ fyrir skömmu.

Meðal gesta á ráðstefnunni var Serana Brown, framkvæmdastjóri verkefnis um sjálfbæra þróun hjá KPMG á alþjóðavísu. Erindi hennar kallaðist The Sustainable Development Goals: Opportunities for the Icelandic Food Industry.



Serana Brown, framkvæmdastjóri verkefnis um sjálfbæra þróun hjá KPMG á alþjóðavísu, hélt erindi á ráðstefnu Matvælalandsins Íslands um ábyrga matvælaframleiðslu og heimsmarkmið SÞ fyrir skömmu. Mynd / TB

Bakgrunnur í endurskoðun og þróunaraðstoð

Serean Brown vann sem endurskoðandi á alþjóðasviði hjá KPMG í tíu ár og starfaði meðal annars á Bretlandseyjum, Hong Kong og Ástralíu áður en hún hóf að vinna að hjálpar- og þróunarstörfum í löndunum sunnan Sahara. Í Kenía, Suður-Súdan, Tansaníu og Fílabeinsströndinni starfaði hún að hluta til með bændum við þróun landbúnaðar.

„Reynsla mín af þróunarstarfi í Afríku samfærði mig um að þrátt fyrir að hjálparsamtök séu víða að vinna frábært grasrótarstarf þarf meira til að hægt sé að leysa þau vandamál sem mannkynið stendur frammi fyrir. Ég tel að nauðsynlegt sé að virkja viðskiptaheiminn í auknum mæli til góðs og sem jákvætt afl í heiminum til að leysa þessi aðsteðjandi vandamál. Ég sneri því aftur til KPMG til að nýta reynslu mína af viðskiptum og þróunarstarfi.

Vinna við gerð sjálfbærni markmiða Sameinuðu þjóðanna og að auka vitund fólks og fyrirtækja á málefnunum og tækifærunum sem þeim tengjast hefur verið stórkostleg," segir Serena.

Væntingar um samfélagslega ábyrgð fyrirtækja

Serana segir að væntingar stjórnvalda, fjárfesta og neytenda um að fyrirtæki, bæði stór og smá, leggi sitt af mörkum til að auka sjálfbærni í heiminum séu miklar. „Það er ekki nóg fyrir fyrirtæki að segjast ætla að vinna að sjálfbærnimarkmiðum Sameinuðu þjóðanna heldur er ætlast til að starf þeirra sé gagnsætt og að hægt sé að fylgjast með því að þau standi við sitt.

Kannanir sýna að einungis 62% neytenda treystir matvælafyrirtækjum, 56% telja að tekjur fyrirtækja sem eingöngu hagnaðardrifin eigi eftir að dragast saman og 60% neytenda telur að stjórnarmenn fyrirtækja séu fremur drifnir áfram af græðgi en samfélagslegri ábyrgð.

Í dag er það þannig að upplýsingar berast hratt og því nánast ómögulegt að hlaupa í felur með það sem er gert. Fyrirtækin vita þetta og þau vita einnig að illt umtal kemur sér mjög illa fyrir þau. Stjórnendur fyrirtækja vita einnig að það er þeim í hag að standa við markmiðin og helst að fá á sig orð um að vera í forustu þegar kemur að sjálfbærri þróun."

Breytingar og landbúnaður á Íslandi

„KPMG á Íslandi er að skoða á hvaða hátt loftslagsbreytingar, fólksflutningar og fleiri þættir munu hafa áhrif á landbúnað á Islandi. Starfsmenn fyrirtækisins hafa meðal annars ferðast um landið og tekið bændur tali og skoðað ólíkar sviðsmyndir sem tengjast landbúnaði á Íslandi og þeim breytingum sem eru í vændum á heimsvísu.

Ísland er í forustu þegar kemur að upprunamerkingum og ábyrgum fiskveiðum í heiminum og landið ætti að leggja metnað sinn í að vera það áfram. Íslendingar eru einnig framarlega þegar kemur að notkun endurnýjanlegra orkugjafa. Jafnrétti á Íslandi er einnig mikið en í sumum tilfellum má gera meira til að virkja konur á landsbyggðinni og gera störf þeirra verðmætari.

Mér skilst að neysla á unnum matvælum á Islandi sé minni en víða annars staðar og það er kostur og eitthvað sem ætti að viðhalda. Reyndar er það svo að víða í heiminum eru neytendur farnir að gera kröfur um að matvæli séu minna unnin og að minna sé af íblöndunarefnum í þeim.

Eftirspurn í fisk, óunnið kjöt og grænmeti hefur aukist og kannanir benda til að aukningin eigi eftir að verða meiri í framtíðinni."

Selena segir að lokum mikilvægt að fólk líti á sjálfbærnimarkmið SÞ út frá nærumhverfi sínu og vinni út frá því. „Einstaklingar og fyrirtæki eiga að skoða hvað hægt er að gera til að leggja sitt á vogarskálarnar til að bæta heiminn og gera hann betri til framtíðar og fyrir komandi kynslóð." /VH

Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun:

Framkvæmdaáætlun í þágu mannkynsins, jarðarinnar og hagsældar

Í mars 2018 stóð yfir kynningarherferð um Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun sem samþykkt voru 2015. Markmiðin boða framfarir á öllum helstu sviðum samfélagsins á heimsvísu og því miðar herferðin að því að greina frá nokkrum góðum fréttum úr framtíðinni, gangi markmiðin eftir.

Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun er framkvæmdaáætlun í þágu mannkynsins, jarðarinnar og hagsældar. Með henni er einnig leitast við að stuðla að friði um gjörvallan heim og þar með auknu frelsi. Ljóst er að útrýming fátæktar í öllum sínum myndum og umfangi, að með talinni sárafátækt, er stærsta verkefnið á heimsvísu og ófrávíkjanlegt skilyrði fyrir sjálfbærri þróun.

Öllum til hagsbóta

Öll lönd og allir haghafar munu, í gegnum samstarfsverkefni, hrinda þessari áætlun í framkvæmd. Við ásetjum okkur að losa mannkynið undan ánauð fátæktar og að græða jörðina og auka öryggi hennar. Við einsetjum okkur að stíga afgerandi skref til breytinga sem nauðsynleg eru í því skyni að koma veröldinni á braut sjálfbærni og auka viðnámsþol hennar.

Markmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbærrar þróunar eru 17 og undirmarkmiðin 169 undirmarkmið.



Með markmiðunum er leitast við að byggja á þúsaldarmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna og ljúka því sem ekki náðist með þeim. Með markmiðum er leitast við að tryggja öllum mannréttindi og ná fram kynjajafnrétti og efla vald kvenna og stúlkna. Þau eru



Markmið númer eitt er að útrýma fátækt.

samþætt og órjúfanleg og mynda jafnvægi milli hinna þriggja stoða sjálfbærrar þróunar: hinnar efnahagslegu, félagslegu og umhverfislegu.

Markmið og undirmarkmið þeirra munu örva aðgerðir næstu fimmtán ár á afgerandi sviðum fyrir mannkynið og jörðina.

Markmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbærrar þróunar eru 17 og undirmarkmiðin 169 undirmarkmið.

Meginmarkmið SÞ um sjálfbæra þróun



1. Útrýma fátækt í allri sinni mynd alls staðar.
2. Útrýma hungri, tryggja fæðuöryggi og bætta næringu og stuðla að sjálfbærum landbúnaði.
3. Stuðla að heilbrigðu líferni og vellíðan fyrir alla frá vöggu til grafar.
4. Tryggja jafnan aðgang allra að góðri menntun og stuðla að tækifærum allra til náms alla ævi.
5. Jafnrétti kynjanna verði tryggt og völd allra kvenna og stúlkna efld.
6. Tryggja aðgengi að og sjálfbæra nýtingu, allra á hreinu vatni og salernisaðstöðu.
7. Tryggja öllum aðgang að öruggri og sjálfbærri orku á viðráðanlegu verði.
8. Stuðla að viðvarandi sjálfbærum hagvexti og arðbærum og mannsæmandi atvinnutækifærum fyrir alla.
9. Byggja upp viðnámsþolna innviði fyrir alla, stuðla að sjálfbærri iðnvæðingu og hlúa að nýsköpun.
10. Draga úr ójöfnuði innan og á milli landa.
11. Gera borgir og íbúðasvæði öllum mönnum auðnotuð, örugg, viðnámsþolin og sjálfbær.
12. Sjálfbær neyslu- og framleiðslumynstur verði tryggð.
13. Grípa til bráðra aðgerða gegn loftslagsbreytingum og áhrifum þeirra.
14. Vernda og nýta hafið og auðlindir þess á sjálfbæran hátt í því skyni að stuðla að sjálfbærri þróun.
15. Vernda, endurheimta og stuðla að sjálfbærri nýtingu vistkerfa á landi, sjálfbærnistjórnun skógarauðlindarinnar, berjast gegn eyðimerkurmyndun, stöðva jarðvegseyðingu og endurheimta landgæði og sporna við hnignun líffræðilegrar fjölbreytni.
16. Stuðla að friðsælum og sjálfbærum samfélögum fyrir alla menn, tryggja öllum jafnan aðgang að réttarkerfi og byggja upp skilvirkar og ábyrgar stofnanir fyrir alla menn á öllum sviðum.
17. Styrkja framkvæmd og blása lífi í alþjóðlegt samstarf um sjálfbæra þróun. */VH*



Við ásetjum okkur að losa mannkynið undan ánauð fátæktar og að græða jörðina og auka öryggi hennar. Við einsetjum okkur að stíga afgerandi skref til breytinga sem nauðsynleg eru í því skyni að koma veröldinni á braut sjálfbærni og auka viðnámsþol hennar. Mynd /TB



FRÉTTASKÝRING

Búast má við að stóraukið framboð af nautakjöti frá Ameríku vegna þurrka keyri niður heimsmarkaðsverð:

Óheftur innflutningur á ódýru kjöti gæti stórskaðað íslenska kjötframleiðslu

– Talað um hrun í nautakjötsviðskiptum í Bandaríkjunum vegna offramboðs – möguleg ógnun við fæðuöryggi íslensku þjóðarinnar



Hörður Kristjánsson
hk@bondi.is

Vísbendingar eru um að umskipti séu í uppsiglingu í nautgriparækt í Bandaríkjunum vegna loftslagsbreytinga. Nautgripaeldi hefur verið að aukast allt fram undir þetta, en tíðari þurrkar virðast vera að leiða til aukinnar slátrunar og stóraukins framboðs af kjöti á næstu misserum.

Markaðssérfræðingar hafa í gegnum tíðina bent á hættuna af því ef þjóðir eru ekki sjálfbærar hvað varðar matvælaframleiðslu fyrir íbúa sína. Árum saman hefur verið hamrað á þessu, m.a. af Matvæla- og landbúnaðarstofnun Sameinuðu þjóðanna (FAO). Ef það kemur til stóraukins framboðs, eins og nú virðist vera að gerast varðandi nautakjöt í Ameríku, þá mun verð hríðfalla. Neytendur kunna að fagna slíku í stundargleði, en sú gleði kann að breytast í martröð á ótrúlega skömmum tíma.

Hrun á nautakjötsmarkaði

Á fjármálasíðu Bloomberg má sjá að fjárfestar eru búnir að missa trúna á nautgriparæktinni í Bandaríkjunum í framvirkum samningum. Ástæðan er fyrirsjáanlegt offramboð á kjöti vegna samdráttar bænda í greininni. Kemur það í kjölfar mikillar fjölgunar nautgripa á fóðrunarstöðvum allt fram í nóvember á síðasta ári. Í þeim mánuði jókst ásetningin um 14%.

Má sjá að væntingar fjárfesta þann 9. apríl sl. hafa lækkað um rúmlega 80% síðan í nóvember 2017 og er þar talað um nautgripahrun (Cattle Collapse). Við lokun markaða 9. apríl hafði stöðutaka í nautakjötsviðskiptum lækkað um 26% frá því í lok mars. Samkvæmt tölum U.S. Commodity Futures Trading Commission, höfðu viðskipti með nautakjöt í apríl ekki verið lægri síðan í október 2016. Viðskipti með nautgripi á fæti sýna líka sömu þróun, þar hefur verð verið að snarlækka.

Í apríl var nautakjöt í framvirkum samningum til afgreiðslu í júní verðlagt á 97,074 cent fyrir pund af kjöti (0,45 kg). Það þýðir að kílóverðið var komið niður í 2,1 dollara, eða um 226 íslenskar krónur miðað við gengi 1. júní.

Því er nú spáð að bandarískir bændur muni taka kálfa fyrr úr fóðrun en venja er til og senda í sláturhús til að fækka í stofninum. Það þýðir aukið framboð af kjöti. Það þýðir líka að meðalvigt sláturgripa mun lækka um 8 til 10%.

Skortur og verðhækkanir munu fylgja tímabundnu offramboði

Vegna lægri tollmúra víða um lönd flæðir ódýra kjötið hindrunarlítið í viðskiptum á milli landa. Það getur haft mjög neikvæð áhrif á innlenda nautgriparækt í viðkomandi ríkjum og neikvæðri keðjuverkun. Bændur ráða þá ekki við samkeppnina, gefast upp og farga bústofni sínum. Það þýðir enn meira framboð á verðlitlu kjöti um tíma og gjaldþrot í greininni. Þegar birgðir ódýra kjötsins svo loks tæmast verður búið að skaða innanlandsframleiðslu í viðkomandi ríkjum það mikið að greinin getur ekki brugðist við. Þannig getur samdráttur í nautgripaeldi leitt til kjötskorts á markaði, allavega í tvö ár eða meira og stórfelldrar hækkunar á kjötverði. Ef ekki verður hafður hemill á innflutningi til landa eins og Íslands, gæti afleiðingin orðið sú að ekki verður hægt að mæta eftirspurn þegar kjötframboðið minnkar. Hvorki með innflutningi né innlendri framleiðslu. Það þýðir að fæðuöryggi þjóðarinnar yrði mögulega ógnað. Þessi sviðsmynd hefur oft verið dregin upp af sérfræðingum í milliríkjaviðskiptum, en jafn harðan skotin niður af hagsmunaaðilar í innflutningi. Nú eru komnar fram vísbendingar um að slíkt ástand kunni að vera í uppsiglingu ef ekki verði varlega farið. Hér á landi er auk þess búið að opna gáttir með nýlegum tollasamningi við Evrópusambandið.

Bandaríkin eru langstærst í nautakjötsframleiðslunni

Bandaríkin eru langstærsti nautakjötsframleiðandi heimsins með rétt tæplega 12,1 milljón tonna á síðasta ári samkvæmt tölum landbúnaðarráðuneytis Bandaríkjanna (USDA). Það er 19,63% af heimsframleiðslunni. Næstir í röðinni eru Brasilíumenn með 9,5 milljónir tonna og 15,43% hlutdeild. Þá koma Evrópusambandslöndin með tæplega 7,9 milljónir tonna og 12,79% hlutdeild og Kína með tæplega 7,1 milljónir tonna og 11,48% markaðshlutdeild.

Þess má geta að í Evrópu eru þýskir bændur öflugustu nautakjötsframleiðendurnir og framleiddu þeir 1,1 milljón tonna af nautakjöti 2017. Þar af voru 378.000 tonn seld úr landi. Þá voru 12 milljónir kúa á 146.600 bæjum innan ESB landa á síðasta ári.

Fjölbreytileikinn í þýskri nautgripaframleiðslu er mjög mikill og eru þeir með yfir 40 tegundir nautgripa á bak við sína framleiðslu samkvæmt upplýsingum German Meat. Þar eru Fleckvieh og Braunvieh vinsælustu tegundirnar í suðurhluta Þýskalands, en þýskar Holstein kýr eru algengastar í Norður-Þýskalandi.

Þess má einnig geta að nautakjötsframleiðslan er ekki stærsti kjötgeirinn í ESB-löndunum. Þar er svínakjötsframleiðslan öflugust með yfir 22 milljónir tonna og um 51% hlutdeild á kjötmarkaði. Þá kemur alifuglakjötið sem er um 13 milljónir tonna og með um 30% hlutdeild og síðan nautakjötið með tæplega 8 milljónir tonna og 17% hlutdeild af kjötmarkaðnum.

Heimsframleiðsla á kjöti í 63 milljónir tonna

Spáð er að heimsframleiðsla á nauta- og kálfakjöti aukist um 2% á þessu ári og verði 63 milljónir tonna. Einkum er um að ræða aukna framleiðslu í Brasilíu, Argentínu og Bandaríkjunum. Vegna þurrka slátra bændur fleiri gripum en ella. Aukin kjötframleiðsla í Brasilíu er einnig drifin af stærri skrokkum og meiri fallþunga en áður, samkvæmt skýrslu landbúnaðarráðuneytis Bandaríkjanna frá því í apríl 2018.

Aukið framboð eykur spennu á mörkuðum

Þurrkar í Argentínu hafa neytt bændur til að fara fyrr með gripi til slátrunar sem eykur enn á framboðið. Svipaða sögu er að segja frá Ástralíu, þar sem óhagstætt veðurfar hefur leitt til þess að hagabeit er léleg. Þetta mun leiða til aukins kjötframboðs um sinn en erfiðara verður síðan að byggja upp hjarðirnar að nýju. Það mun þýða hækkandi verð á kjötmörkuðum þegar fram í sækir.

Útflutningur þjóða á nauta- og kálfakjöti er talinn verða um 5% meiri á þessu ári en í fyrra og nema í heild um 10,5 milljónum tonna. Aukningin mun einkum koma frá Brasilíu, Argentínu og Bandaríkjunum. Viðskiptabann Rússa á Brasilíu mun auka framboð og spennu á öðrum mörkuðum. Líklegt er að menn reyni að leita nýrra markaða í Asíu til að forðast frekari verðlækkanir en orðið er.

Þurrkar í Bandaríkjunum leiða til aukins kjötframboðs

Á vefsíðu Farm Journal var fjallað um málið í lok mars og sagt að þurrkar séu að draga úr vexti í nautgriparækt. Þann 1. janúar sl. voru 94,3 milljónir nauta og kálfa í Bandaríkjunum sem er 1% aukning frá fyrra ári. Þá voru 31,7 milljónir holdakúa í landinu, sem er mesti fjöldi síðan 2008. Þetta er fyrir utan mjólkurkúastofninn.

„Það er að draga úr vextinum í greininni og það lítur út fyrir að við höfum þegar náð toppnum," segir Randy Blach, forstjóri CattleFax.

Frá 2015 hafa 2,4 milljónir nautgripa bæst við stofninn. Það voru merki um góða tíð, sagði John Nalivka, stjórnarformaður Sterling Marketing. „En nú er farið að fjara út."

Miklir þurrkar voru í Bandaríkjunum í haust og fram á vetur, einkum í Texas, Oklahoma og Kansas og náðu til nær allra ríkja við Mexíkóflóa og upp til landamæranna að Kanada. Þurrkarnir náðu til

Nautakjötsframleiðsla 2017

Hlutfall helstu framleiðsluríkja af 61.583.000 tonna framleiðslu

Sæti	Ríki	2017	% hlutfall af heimsframl.
1	Bandaríkin	12.086.000	19,63%
2	Brasilía	9.500.000	15,43%
3	Evrópusambandið	7.875.000	12,79%
4	Kína	7.070.000	11,48%
5	Indland	4.250.000	6,90%
6	Argentína	2.760.000	4,48%
7	Ástralía	2.065.000	3,35%
8	Mexíkó	1.910.000	3,10%
9	Pakistan	1.780.000	2,89%
10	Tyrkland	1.700.000	2,76%
11	Rússland	1.310.000	2,13%
12	Kanada	1.160.000	1,88%
13	Suður-Afríka	885.000	1,44%
14	Kólumbía	825.000	1,34%
15	Nýja-Sjáland	610.000	0,99%
16	Parúgvæ	610.000	0,99%
17	Úrúgvæ	605.000	0,98%
18	Japan	460.000	0,75%
19	Kasakstan	435.000	0,71%
20	Úkraína	390.000	0,63%
21	Egyptaland	360.000	0,58%
22	Suður-Kórea	285.000	0,46%
23	Hvíta-Rússland	277.000	0,45%
24	Chile	220.000	0,36%
25	Víetnam	219.000	0,36%
26	Perú	210.000	0,34%
27	Filipseyjar	210.000	0,34%
28	Íran	200.000	0,32%
29	Nígaragúa	155.000	0,25%
30	Sviss	141.000	0,23%
31	Alsír	140.000	0,23%
32	Venesúela	115.000	0,19%
33	Angóla	113.000	0,18%
34	Dómeníska lýðveldið	100.000	0,16%
35	Costa Ríga	78.000	0,13%
36	Ísrael	75.000	0,12%
37	Guatemala	72.000	0,12%
38	Sádí-Arabía	60.000	0,10%
39	Hondúras	50.000	0,08%
40	Líbanon	48.000	0,08%
41	Malasía	28.000	0,05%
42	Óman	27.000	0,04%
43	Jórdanía	23.000	0,04%
44	El Salvador	20.000	0,03%
45	Bosnía	16.000	0,03%
46	Sameinaða arabíska furstad.	16.000	0,03%
47	Líbía	9.000	0,01%
48	Kongó	8.000	0,01%
49	Taiwan	7.000	0,01%
50	Hong Kong	6.000	1,00%
51	Makedónía	5.000	0,01%
52	Kuwait	3.000	0,00%
53	Gabon	1.000	0,00%
	Samtals	61.583.000	

Heimild: FAS/USDA - Magn í tonnum



Kýr í útieldi fóðraðar í Kaliforníu.



Fóðrunarstöð nautgripa í Brasilíu.

nautgriparæktarhéraðanna og jukust enn í vetur. Innan þessa svæðis eru 14 ríki þar sem um 60% nautgripahjarðanna er alinn.

Þurrkarnir í haust og vetur hafa þegar haft áhrif á kjötframleiðsluna sem hefur aukist verulega með tilheyrandi verðfalli á kjöti. Bændur hafa ekki getað treyst á gresjurnar eins og áður og hafa þurft að grípa til kostnaðarsamrar fóðrunar og velja fremur þann kost að fækka í stofninum og slátra. Í janúar voru þannig 1,14 milljónir gripa á fóðurstöðvum sem er það mesta sem sést hefur síðan 2012.


Spáð metframboði af nautakjöti á Bandaríkjamarkaði

John Nalivka segir að slátrun og kjötframleiðsla verði 6% meiri á þessu ári miðað við 2017. Bandarískt nautakjötsiðnaðurinn skilaði 745 pundum af nautakjöti á hverja kú á árinu 2017. Nú er gert ráð að fyrir að hún aukist um 4% og fari í 774 pund á hverja kú. Það eru í heild rúmlega 24,5 milljarðar punda eða rúmlega 11 milljónir tonna af nautakjöti sem streyma inn á kjötmarkaðinn. Reyndar segir landbúnaðarráðuneyti Bandaríkjanna að metframleiðsla verði á nautakjöti þar í landi 2018 og að hún fari í 12,6 milljónir tonna.

Spáð metútflutningi á nautakjöti frá Bandaríkjunum

Nautakjötsútflutningur frá Bandaríkjunum í fyrra var sá næstmesti í sögunni, eða 1.263.456 tonn. Fyrstu þrjá mánuði þessa árs jókst nautakjötsútflutningurinn úr 216.075 tonnum í 240.726 tonn frá sama tímabili í fyrra, eða um 11%. Þá var einnig um 10% aukning á útflutningi ýmissa nautakjötsafurða og nam sá útflutningur samanlagt 394.420 tonnum fyrstu þrjá mánuði ársins. Samkvæmt spá landbúnaðarráðuneytis Bandaríkjanna mun verða metútflutningur á nautakjöti í ár og að hann muni aukast um 10% og nema 1,4 milljónum tonna.

Helstu kaupendur eru Japanir, Kóreubúar, Kínverjar og Mexíkóbúar samkvæmt tölum Kjötútflutningssamtaka Bandaríkjanna (U.S. Meat Export Federation). Evrópusambandið sem slíkt hefur samkvæmt sömu upplýsingum dregið úr nautakjötsinnflutningi frá Bandaríkjunum um 19% á meðan Þjóðverjar hafa aukið innflutninginn á nautakjöti um 23% og nautakjötsafurðum um 20%. Auk þess hefur svínakjötsútflutningurinn aukist um 5% þótt dregið hafi úr útflutningi annarra svínaafurða.



Helstu innflutningslönd nautakjöts til ESB-ríkjanna.

Flytja líka út kindakjöt

Þótt fáir Íslendingar viti af því þá flytja Bandaríkjamenn út kindakjöt og sauðfjárafurðir þó í litlum mæli sé. Þannig fluttu þeir út 526 tonn af kindakjöti fyrstu þrjá mánuði þessa árs, þar af 37 tonn til ríkja Evrópusambandsins og 21 tonn til Bretlands. Er það nokkuð sérstakt þar sem breskum bændum hefur gengið illa að markaðssetja sitt eigið kindakjöt. Ekki er að sjá að bandarískt kindakjöt hafi þó verið flutt til Íslands.

Tollmúrar við Kína kunna að auka þrýsting á öðrum mörkuðum

Landbúnaðarráðuneyti Bandaríkjanna segir að hækkandi tollar kunni að hafa áhrif á útflutning Bandaríkjamanna á kjöti. Er það væntanlega afleiðing af stefnu Donalds Trump forseta í viðleitni hans til að hefta innflutning með það að markmiði að auka innanlandsframleiðslu. Í sumum tilvikum verður þessu svarað með hærri tollum á bandarískar kjötvörur sem gætu hækkað úr 24,3% í 50,7%. Það útilokar bandarískan útflutning nema framleiðendur séu tilbúnir að taka á sig skellinn sem gæti leitt til gjaldþrota í greininni. Einnig eykur þetta þrýsting um sölu á öðrum mörkuðum.

Kjötinnflutningur til Bandaríkjanna hefur aukist um 3%

Hafa verður í huga að Bandaríkin hafa líka flutt inn mikið af nautakjöti og öðrum kjöttegundum. Samkvæmt tölum landbúnaðarráðuneytis Bandaríkjanna hefur orðið 3% aukning á kjötinnflutningi milli ára. Á tólf mánaða tímabili nemur hann 726.542 þúsund tonnum. Mest kemur frá Kanada, Ástralíu, Nýja-Sjálandi og Mexíkó.

96% aukning á kjötinnflutningi frá Íslandi

Til gamans má geta þess að 96% aukning hefur verið á kjötinnflutningi frá Íslandi á síðustu 12 mánuðum. Það mun þó sennilega ekki setja bandaríska kjötmarkaðinn á hliðina því innflutningurinn á íslenska kjötinu jókst einungis úr 17 tonnum í 34 tonn samkvæmt tölum USDA.

Nautakjötsneysla á heimsvísu er um 6,6 kg á mann

Meðalneysla á nautakjöti á heimsvísu er sögð vera 6,6 kg á hvert mannsbarn á ári. Í Bandaríkjunum og í Brasilíu er nautakjötsneyslan mun meiri, eða að meðaltali um 0,5 kg á viku. Það gerði 26 kg á mann að meðaltali á ári 2014. Hún var 14,1 kg á mann á Íslandi árið 2015. Þar við bætist kjötneysla af öðrum dýrum, eins og lambakjöt, svínakjöt og alifuglakjöt. Bandaríkjamenn hafa síðan verið að draga mjög úr neyslu á nautakjöti, eða um 19%, ef marka má tölur Natural Resourges Defense Council (NRDC).





CONOR HAUGSUGUR

EIGUM TIL MJÖG VEL ÚTBÚNAR HAUGSUGUR

Conor

GRÆNA
12,500 lítra tankur
Dæla 11,000 lítra
Dekk 30,5R32 BKT690
Sjónpípa á tank
Niður tekinn öxull
Drifskaft með tvöföldum lið
Áfyllibúnaður 6”
Extra innport 6”
43” baklúga

GALVANISERUÐ
12,500 lítra tankur
Dæla 13,500 lítra
Dekk 850/50-30,5
Sjónpípa á tank
Niður tekinn öxull
Drifskaft með tvöföldum lið
Áfyllibúnaður 8”
Extra innport 6”
43” baklúga





Allar nánari upplýsingar hjá sölumönnum okkar.

VB LANDBÚNAÐUR ehf. VB Agriculture ltd.
www.VBL.is
REYKJAVÍK Krókháls 5F 110 Reykjavík Sími: 414-0000
AKUREYRI Baldursnes 2 603 Akureyri Sími: 464-8600

SS Síðan 1907

Hrossabændur - hestamenn!

Vantar hross til slátrunar á næstu vikum.

Hækkað verð.

Forðist biðlista í haust.

Sláturpantanir í síma 480 4100.

Sláturfélag Suðurlands
Selfossi



Finnbogi Magnússon segir að í Landbúnaðarklasanum gefist fyrirtækjum og einstaklingum tækifæri á að taka þátt í spennandi starfi og stuðla að nýsköpun og framþróun landbúnaðarins.
Mynd / TB

Finnbogi Magnússon er nýr stjórnarformaður Landbúnaðarklasans:

„Munum sjá mikla nýsköpun í landbúnaði á næstu árum“

Ný stjórn Landbúnaðarklasans var kjörin á aðalfundi hans í síðasta mánuði. Finnbogi Magnússon, framkvæmdastjóri Jötunn Véla, tekur við formannshlutverkinu af Ara Edwald, forstjóra MS. Landbúnaðarklasinn var formlega stofnaður árið 2014 en markmið hans eru fyrst og síðast að tengja saman þá aðila sem vinna í landbúnaði og matvælaframleiðslu og stuðla að aukinni arðsemi og nýsköpun innan greinarinnar.

Starfsemi klasans fór hægt af stað en á síðustu misserum hafa hlutirnir komist á meiri hreyfingu. Gerður var samstarfssamningur við Sjávarklasann og Matarauð Íslands sem fólst meðal annars í aðstöðu fyrir frumkvöðla í húsnæði Sjávarklasans á Granda í Reykjavík. Fyrirtæki sem meðal annarra hafa notið góðs af því samstarfi eru Lava cheese, Pure Natura, Ljótu kartöflurnar og Gagnsjá ehf.



Ný stjórn Landbúnaðarklasans var kjörin á aðalfundi í maí. Frá vinstri: Þórir Haraldsson hjá Líflandi, Einar Gunnar Guðmundsson hjá Arion banka, Finnbogi Magnússon hjá Jötni Vélum, Oddný Anna Björnsdóttir ráðgjafi, Berglind Hilmarsdóttir, bóndi á Núpi 3, Tjörvi Bjarnason, Bændasamtökunum og Sunna Gunnars Marteinsdóttir hjá MS.

Áfram unnið að nýsköpun

Finnbogi Magnússon segist hafa miklar væntingar til nýrrar stjórnar Landbúnaðarklasans. Hann á von á því að áfram verði unnið að því að ýta undir nýsköpun og frumkvöðlastarfsemi í starfsemi klasans.

„Persónulega er ég mjög spenntur fyrir starfinu því það er fátt skemmtilegra en að vinna með hugmyndaríku fólki og finna leiðir til að hjálpa frumkvöðlum til að þróa og þroska sínar hugmyndir þannig að úr verði arðsöm starfsemi,“ segir Finnbogi og bætir við að á síðasta starfsári hafi klasanum tekist að styðja við og aðstoða forvígismenn sjö áhugaverðra verkefna. „Það er gaman að segja frá því að eitt þeirra verkefna, Lava Cheese, er nú þegar komið í útrás til Svíþjóðar. Mín sýn er að á næstu árum munum við sjá mikla nýsköpun í landbúnaði þar sem áhersla verður lögð á að auka verðmæti bæði grunn- og hliðarafurða framleiðslunnar.“

Leysum krafta úr læðingi

Finnbogi segir að ferðamannastraumurinn til Íslands skapi gríðarleg tækifæri fyrir innlenda matvælaframleiðslu og þróun ýmiss konar sérvara.

„Við höfum á undanförnum árum séð hvers konar grettistaki Sjávarútvegsklasinn hefur lyft fyrir sjávarútveginn og draumur okkar í stjórninni er að hjálpa til við að leysa úr læðingi svipaða orku innan landbúnaðarins,“ segir hann.

Til sjávar og sveita

Það sem er fram undan hjá Landbúnaðarklasanum, að sögn Finnboga, er mótun starfseminnar og fjármögnun. Þá hefur Landbúnaðarklasanum verið boðið að taka þátt í viðskiptahraðli á vegum Startup Iceland.

„Við í stjórninni erum þessa dagana að vinna að því að tryggja klasanum aukið fjármagn þannig að við getum m.a. ráðist í gríðarlega spennandi verkefni í samstarfi við Startup Iceland sem nefnist *Til sjávar og sveita*. Það gengur út á að leita uppi frumkvöðla með áhugaverðar hugmyndir á sviði nýsköpunar í landbúnaði og sjávarútvegi. Hugmyndin er að halda kynningarfundi um allt land í haust og áhugasamir aðilar senda í kjölfarið inn umsóknir. Tíu hugmyndir verða valdar til þátttöku í þessu verkefni og munu þeir aðilar fá handleiðslu sérfróðra aðila við þróun sinna hugmynda sem endar síðan með kynningu fyrir fjárfestum ef menn vilja.“

Starfið fjármagnað með árgjöldum

Finnbogi segir að bæði fyrirtæki og einstaklingar geti tekið þátt í starfsemi Landbúnaðarklasans. Klasastarfið er fjármagnað með árgjöldum sem eru sniðin að stærð fyrirtækja. Sem þátttakendur í Landbúnaðarklasanum gefst fyrirtækum tækifæri á að taka þátt í spennandi starfi og stuðla að nýsköpun og framþróun landbúnaðarins.

„Efling og áframhaldandi uppbygging íslensks landbúnaðar er mikilvæg fyrir íslenska þjóð og með því að greiða árgjald klasans eru fyrirtæki og einstaklingar að leggja sitt lóð á vogarskálarnar og verða þannig óbeint þátttakendur í þeirri uppbyggingu,“ segir Finnbogi að lokum.

Áhugasamir um starfsemi Landbúnaðarklasans geta haft samband í netfangið landbunadarklasi@gmail.com og séð upplýsingar á vefsíðunni www.landbunadarklasinn.is /TB

Betri árangur með

Josilac

íblöndunarefni

Josera.
we care, you grow

- Eykur fóðurgæði
- Betri inntaka
- Meiri meltanleiki
- Heilbrigðari kýr
- Betri afkoma

"Einstaklega þægilegt að blanda og frábær verkun á fóðrinu"
Sigurður Ágústsson,
Túnfang ehf.



Úðadæla á sjálfshleðsluvagninn, rúllu- eða stórbaggavélina.

49.500 ,- án vsk





LANDSTÓLPI

480-5600

Meiri upplýsingar á **www.josilac.com**

AUÐLINDIR & UMHVERFISMÁL

Söguminjagarður í Viðey:

Matjurtagarður í anda Skúla fógeta



Vilmundur Hansen
vilmundur@bondi.is

Þrír lokaársnemar í skrúðgarðyrkju við Garðyrkjuskóla Landbúnaðarháskóla Íslands unnu í vor að gerð matjurtagarðs í Viðey í samvinnu við Borgarsögusafn Reykjavíkur. Garðurinn er í anda matjurtagarðs Skúla Magnússonar landfógeta, sem var frumkvöðull og hvatamaður matjurtaræktunar á Íslandi.

Um miðja 18. öld urðu tímamót í sögu Íslands með tilraunum til að reisa við og nútímavæða atvinnuvegi þjóðarinnar. Á tímabilinu sem kennt er við Innréttingarnar var reynt við ullarvinnslu, veiðarfæragerð, útgerð og vinnslu á brennisteini. Auk þess sem stundaðar voru jarðræktartilraunir.

Skúli Magnússon landfógeti var helsti boðberi upplýsingarinnar hér á landi og helsti drifkrafturinn á bak við stofnun Innréttinganna. Skúli hafði aðsetur í Viðey eftir að hann tók við stöðu landfógeta og reyndi fyrir sér með ræktun ýmissa matjurta.

Garður í anda garðs Skúla

Lokaverkefni skrúðgarðyrkjunemanna Einars Arnar Jónssonar, Kristínar Snorradóttur og Jóhanns Böðvars Skúlasonar við Garðyrkjuskóla Landbúnaðarháskóla Íslands var að setja upp matjurtagarð í Viðey í anda garðs Skúla Magnússonar. Verkefnið er unnið í samvinnu við Borgarsögusafn Reykjavíkur. Helga Maureen Gylfadóttir, starfsmaður safnsins, átti hugmyndina en tengiliður við safnið var Guðmundur D. Hermannsson, verkefnastjóri Viðeyjar.

Garðurinn er annars vegar hugsaður til að heiðra minningu frumkvöðlastarfs Skúla og halda á lofti þeim gróðurtilraunum sem hann stóð fyrir og á garðurinn í framtíðinni að vera hluti af sýningunni sem tengist Viðeyjarstofu.

Einar segir að ekki sé vitað með vissu hvernig garður Skúla leit út í raun eða hvaða efnivið hann notaði í garðinn og því hafi verið notaður nútíma efniviður í hann, borð í karma og akríldúkur til að skýla plöntunum. „Við vitum aftur á móti hvað hann ræktaði vegna þess að það liggur eftir hann plöntulisti og við miðuðum okkar plöntuval við þann lista.



Lokaverkefni skrúðgarðyrkjunemanna Jóhanns Böðvars Skúlasonar, Einars Arnar Jónssonar og Kristínar Snorradóttur við Garðyrkjuskóla Landbúnaðarháskóla Íslands var að setja upp matjurtagarð í Viðey í anda garðs Skúla Magnússonar frá 1753. Mynd / Ágústa Erlingsdóttir.



Efni og verkfæri voru flutt sjóleiðina með pramma út í eyjuna.



Vettvangskönnum haustið 2017. Hér skal ræktað kál, krydd, kartöflur og tóbak.



Flytja þurftir mikið af ræktunarmold, timbri, grisjunarviði og verkfærum út í Viðey til þess að hægt væri að búa garðinn til.

Listi Skúla er ekki endanlegur en við vitum að hann ræktaði talsvert af kartöflum, sjö mismunandi tegundir af káli, tvær tegundir af radísum, rófur, kryddjurtir og tóbak. Kúmen, sem nú vex villt í eyjunni, er einnig frá Skúla komið og í eyjunni er örnefnið Tóbakslaut sem ber bjartsýni landfógetans gott vitni og talið að hann hafi ræktað tóbaksjurtina þar.

Við fylgjum listanum lauslega og þar sem ekki er vitað hvaða yrki Skúli var að reyna ræktum við nútímasortir og við ræktum þrjár tegundir af káli en ekki sjö.“

Hugmyndin komin frá Borgarsögusafninu

„Hugmyndin að gerð garðsins kom frá Borgarsögusafni og er í anda hugmyndar þar sem nemar í skrúðgarðyrkju við Garðyrkjuskólann settu upp sögugarð á Árbæjarsafninu fyrir nokkrum árum.

Borgarsögusafnið greiddi fyrir aðföng og það efni sem þurfti til að gera garðinn og flutning þess út í Viðey en við hönnuðum garðinn og lögðum til vinnuna við gerð hans sem nemendaverkefni.

Við þurftum að flytja talsvert af efni út í Viðey vegna garðsins. Mig minnir að það hafi verið átta stórir sekkir af mold auk smíðatimburs og það tók meiri tíma en við höfðum ætlað í upphafi. Í stíga og undir ræktunarkarmana notuðum við fjörugrjót sem þurfti að sortera talsvert til að fá réttar stærðir.

Við hönnun garðsins höfðum við lækningajurtagarðinn á Seltjarnarnesi til hliðsjónar og hugmyndir manna um það hvernig garðar litu út um miðja átjándu öld. Upphaflega stóð til að framlengja mön sem er ekki langt frá garðinum og nota hana sem skjólgjafa en það reyndist ekki gerlegt þar sem erfitt er að komast í gott jarðefni í eynni án þess að valda óþarfa raski.

Í staðinn kom upp sú hugmynd að byggja skjólgrindur úr trjágreinum og stofnum sem féllu til við grisjun garða og átti Kristín heiður að endanlegri útfærslu og gerð hennar. Grindurnar eru þannig gerðar að reknir eru niður staurar hlið við hlið og greinar lagðar á milli þeirra og girðingin var ekki fyrr komin upp en hún sannaði ágæti sitt í vestanhríð sem skall á.

Okkar aðkoma að garðinum er lokið sem slíkri nema hvað við gerðum umhirðuáætlun fyrir safnið til að auðvelda starfsfólki þess framhaldið.“

Frumkvöðull og forgöngumaður

Tegundir í matjurtagarði Skúla fógeta

Berjarunnar
- Stikilsber Ribes uva crispa
- Rauðrifs/Garðarifs Ribes rubrum‘Jonkheer Van Tetz’

Grænmeti
- Hvítkál Brassica oleracea var. capitata f. alba
- Grænkál Brassica oleracea var. acephala
- Mizuna-kál Brassica napa var. nipposinica.
- Rauðrófa Beta vulgaris esculenta
- Gulrófa Brassica napus var. Napobrassica
- Radísur/hreðkur Raphanus sativus radicula (2-3 teg)
- Kartöflur Solanum tuberosum

Krydd
- Sellerí Apium graveolens
- Karsi Lepidium sativum
- Timían Thymus vulgaris
- Dill Anethum graveolens
- Tóbak Nicotiana rustica





Fyrstu ræktunarreitirnir.
Mynd / Einar Örn Jónsson



Verkið á lokametrunum.
Mynd / Einar Örn Jónsson



Matjurtagarðurinn sem kenndur er við Skúla Magnússon, landfógeta í Viðey.
Mynd / Einar Örn Jónsson

„Auk þess sem vinnan við gerð garðsins var skemmtileg var ekki síður áhugavert að kynna sér hvað Skúli var að gera í tengslum við matjurtarækt fyrir rúmum 260 árum.

Skúli var helsti hvatamaður þeirrar matjurtaræktarbylgju sem fór af stað með tilkomu Innréttingarinnar. Hann hóf ræktun á matjurtum í Viðey 1753 og var þá búinn að panta fræ að utan. Skúli hafði í gegnum Innréttingarnar forgöngu að því að dönsk yfirvöld fóru að hvetja landsmenn til að rækta matjurtir.

Ákefð Skúla sýnir sig í því að hann vildi ganga mun lengra en dönsk yfirvöld í að skikka ábúendur jarða yfir ákveðinni stærð til að rækta matjurtir og refsa þeim fyrir sem ekki gerðu það. Dönsk yfirvöld milduðu tóninn og gáfu út vinsamleg tilmæli til ábúendanna um að prófa sig áfram.

Við megum ekki gleyma því að yfirvöld í Danmörku lögðu sitt af mörkum til að efla matjurtarækt í landinu með því að hvetja menn til dáða með því að veita þeim sem náðu að rækta ákveðið magn af matjurtum verðlaun.

Danski kóngurinn var reyndar mjög áhugasamur um að efla matjurtarækt á Íslandi og var það öðrum þræði liður í að tryggja matvælaöryggi landsmanna enda hungurfellir algengur hér á landi á þessum tíma. Hann sendi út boð til Íslands árið 1754 um að Íslendingar kæmu sér upp matjurtagörðum og skyldu sýslumenn fylgja boðinu eftir.

Samt sem áður gekk framan af erfiðlega að fá almenning til að taka þátt í ræktuninni. Þegar upp var staðið voru það fyrst og fremst embættismenn og stórbændur sem höfðu bolmagn til að standa undir svona tómstundaiðju eins og litið var á ræktunina á þeim tíma.

Það er áhugavert að margir landsmenn töldu hyggilegra að fara til fjalla og tína grös en að stunda ræktun og borða matjurtir sem þeir töldu í sumum tilfellum jafngilda því að éta gras eða skepnufóður.“

Misjafn gangur í ræktun Skúla

Þrátt fyrir góðan vilja og að ræktunartilraunir Skúla sé upphafið af þeirri matjurtarækt sem á sér stað á landinu í dag gekk ræktunin hjá Skúla misjafnlega. Sumar tegundir, eins og grænkál og kartöflur, gáfust vel. Hann fékk verðlaun frá Friðriki V. Danakonungi fyrir kartöflurækt, en önnur ræktun gekk ekki eins vel.

„Skúli var duglegur að deila kartöfluútsæði og kálplöntum til annarra og ýtti þannig undir ræktun.

Síðar reyndi hann fyrir sér með



Örnefnið Tóbakslaut ber bjartsýni landfógetans gott vitni og talið er að hann hafi ræktað tóbaksjurtina þar.

trjárækt og hún gekk vægast sagt ekki vel. Hann reyndi meðal annars að rækta hrossakastaníu, perutré og ask í Viðey, sem eru báðar viðkvæmar tegundir hér og því nánast dauðadæmdar frá upphafi. Auk þess sem það komu nokkrir kaldir vetur í röð eftir að hann setti trén niður og er talið að það hafi gengið endanlega af þeim dauðum.

Skúli náði betri árangri með rifs og stikkilsber sem eru hvort tveggja tegundir sem við plöntuðum sem framtíðar skjólgjafa fyrir matjurtabeðin.“

Skúli var atorkumaður

Einar segir að þrátt fyrir að ekki sé vitað hversu stór matjurtagarður Skúla Magnússonar í Viðey hafi verið sé alveg ljóst að um mikið framtak var að ræða með þess tíma verkfærum. „Skúli var greinilega atorkumaður og frumkvöðull í matjurtarækt á Íslandi og vonandi mun garðurinn í Viðey vekja athygli á starfi hans,“ segir Einar Örn Jónsson skrúðgarðyrkjumaður að lokum.





Vöruþróunarsamkeppnin Ecotrophelia stuðlar að nýsköpun í matvælaframleiðslu:

Orkustykki úr bjórhrati frumlegasta nýjungin

Orkustykkið Brewbar hlaut fyrstu verðlaun í vöruþróunarsamkeppninni Ecotrophelia sem haldin er árlega. Uppistaðan í Brewbar er hrat sem fellur til við bjórgerð. Kristján Þór Júlíusson sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra afhenti frumkvöðlunum sem standa að baki Brewbar verðlaunin við upphaf ráðstefnunnar „Ábyrg matvælaframleiðsla“ sem haldin var í Hörpu á dögunum.



Dagbjört Inga Grétarsdóttir (Mjólkurdropinn), Ingibjörg Ásbjörnsdóttir (Bítsa og Basta), Kristján Þór Júlíusson sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, Björn Kr. Bragason (BrewBar) og Ragnheiður Héðinsdóttir hjá SI.

Myndir / TB

Ecotrophelia Ísland er vöruþróunarsamkeppni meðal nemenda í íslenskum háskólum. Markmið keppninnar er að stuðla að þróun nýrra, umhverfisvænna matvara fyrir íslenskan og alþjóðlegan markað, ásamt því að auka umhverfisvitund og þjálfa frumkvöðlahugsun nemenda. Að keppninni standa Nýsköpunarmiðstöð Íslands, Matís og Samtök iðnaðarins í samstarfi við íslenska háskóla.

Sérfræðiaðstoð og aðgöngumiði í Evrópukeppni

Í tilkynningu frá Samtökum iðnaðarins segir að með þátttöku í keppninni öðlist nemendur þekkingu og reynslu af heildarferli vöruþróunar en auk þess fá sigurvegararnir viðurkenningarskjöl fyrir þátttökuna, vegleg peningaverðlaun og verðlaunagrip frá aðstandendum keppninnar. Vinningshafinn fær jafnframt ávísun á sérfræðiaðstoð og ráðgjöf frá bæði Nýsköpunarmiðstöð og Matís og síðast en ekki síst þátttökurétt í Ecotrophelia Europe sem er sambærileg keppni við sigurlið frá öðrum Evrópuríkjum. Evrópukeppnin verður haldin í París í október.

Sigurvegarar fyrri ára hafa tekið þátt í Evrópukeppninni og jafnan staðið sig með prýði en Ísland hefur tekið þátt frá árinu 2011.

Útlitsgallað blómkál og mjólkurdropar á föstu formi

Þrjú lið tóku þátt í keppninni í ár og voru verkefnin öll ólík og frumleg. „Bítsa og Basta er pítsubotn og pestó hvoru tveggja búin til úr útlitsgölluðu blómkáli, höfundar eru Ingibjörg Ásbjörnsdóttir, Ólafur Pálsson, Stefán Örn Snæbjörnsson og Þóra Kristín Sigurðardóttir. Brewbar er orkustykki þar sem uppistaðan í hráefninu er hrat úr bjórgerð, að því verkefni standa Ainhoa Arriero Castaño, Björn Kr. Bragason og Dovydas Raila. Mjólkurdropinn eru smáskammtar af mjólk á föstu formi til að forðast plastumbúðir, ætlaðir út í heita drykki. Höfundar eru Dagbjört Inga Grétarsdóttir og Magnús Snær Árnason.



Kristján Þór Júlíusson sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra afhenti Birni Kr. Bragasyni, fulltrúa Brewbar-hópsins, Ecotrophelia-verðlaunin.

Fjölskipuð dómnefnd

Dómnefnd skipuðu Ragnheiður Héðinsdóttir og Bryndís Skúladóttir frá Samtökum iðnaðarins, Grímur Ólafsson, matvælafræðingur og sérfræðingur hjá Matvælastofnun, Hannes Ottósson, verkefnastjóri hjá Nýsköpunarmiðstöð Íslands og Lilja Rut Traustadóttir, gæða- og mannauðsstjóri hjá Gæðabakstri,“ segir í tilkynningu frá Samtökum iðnaðarins.

/TB

Matvælalandið Ísland hélt ráðstefnu um matvæli og heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna:

Ábyrg matvælaframleiðsla margborgar sig

Matvælalandið Ísland hélt ráðstefnu í Hörpu í síðustu viku þar sem umfjöllunarefnið var ábyrg matvælaframleiðsla. Fjöldi fyrirlesara kom fram og sagðar voru reynslusögur úr atvinnulífinu. Einn frummælenda var Sveinn Margeirsson, forstjóri Matís, sem hélt erindi um samkeppnisforskot fyrirtækja sem byggja starfsemi sína á grunni ábyrgðar og upplýsingagjafar. Hann sagði að ábyrg framleiðsla fælist í stuttu máli í því að vanda allt sem gert er og sagt – og standa við það.

Sveinn sagði að íslensk fyrirtæki stæðu sig að mörgu leyti ágætlega þegar kemur að ábyrgum framleiðsluháttum en verkefnin væru þó næg og þróunin ekki alltaf jákvæð. Til dæmis nefndi hann að Ísland væri með fjórðu hæstu losun gróðurhúsalofttegunda á íbúa af öllum þjóðum og hér hefði orðið 23% aukning á úrgangi á milli áranna 2015 og 2016. Útstreymi gróðurhúsalofttegunda á Íslandi hefði aukist um 26% frá 1990 til 2014 en þó hefði náðst góður árangur í sjávarútvegi þar sem losun gróðurhúsalofttegunda hefði dregist mikið saman á síðustu árum, m.a. vegna minni olíunotkunar á sjó. Aukning frá stóriðju væri hins vegar áhyggjuefni.



Sveinn Margeirsson, forstjóri Matís.



Rebekka Hilmarsdóttir, lögfræðingur í sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu, Sunna G. Marteinsdóttir og Bjarni R. Brynjólfsson, starfsmenn MS.



Guðrún Hafsteinsdóttir, formaður SI, Bryndís Skúladóttir hjá SI og Stefán Magnússon hjá Coca Cola European Partners á Íslandi. Myndir / TB

Til þess að ná árangri í fyrirtækjarekstri á sviði matvæla sagði Sveinn það lykilatriði að ástunda ábyrga hráefnisöflun og framleiðslu. Mikla áherslu ætti að leggja á uppruna og koma í veg fyrir matarsvik sem eru því miður algeng vandamál víða um heim. Virða ætti reglur um merkingar, upplýsa um uppruna og miðla upplýsingum um umhverfisáhrif. Í máli Sveins kom fram að yfir 2000 fræðigreinar hefðu verið birtar um tengsl ábyrgra fjárfestinga og arðsemi. 48–62% niðurstaðna sýndu að jákvæð tengsl séu á milli ábyrgra fjárfestinga og fjárhagslegrar arðsemi. Einungis 8% fræðigreina segja neikvæð tengsl fyrir hendi. Það væri því engin spurning að heiðarleiki og ábyrg framleiðsla borgaði sig.

Verum gagnrýnin

Sveinn velti því upp í erindi sínu hvað neytendur geti gert til þess að ástunda ábyrga neyslu. Hann hvatti fólk til að vera gagnrýnið og spyrja: „Er verð vöru of gott til að vera satt? Er varan rétt merkt?“ og síðan en ekki síst: „Þarf ég á þessu að halda?“ Neytendur geti gert mikið betur í því að lágmarka sóun, t.d. með því að flokka úrgang og vanda valið á þeim matvörum sem við kaupum dags daglega.

Erindi af ráðstefnunni verða aðgengileg á næstu dögum á vefnum bondi.is.

/TB



AVANT SLÁTTUVÉLAR

Eigum til Avant sláttuvélar
120 cm með og án safnkassa
150 cm án safnkassa
Greiðusláttuvél

AVANT

Mikið úrval aukahluta á Avant vélar
Sjá nánar á íslensku Avant síðunni: www.avanttecno.com/www/is

LANDBÚNAÐUR ehf. VB Agriculture ltd.
www.VBL.is
REYKJAVÍK Krókháls 5F 110 Reykjavík Sími: 414-0000
AKUREYRI Baldursnes 2 603 Akureyri Sími: 464-8600

RÍKISKAUP

Borgartúni 7c, 105 Reykjavík | Sími 530 1400 | www.rikiskaup.is

Nánari upplýsingar veita:
Birgir Örn Birgisson - birgiro@rikiskaup.is
Gísli Þór Gíslason - gisli@rikiskaup.is
Sími: 530 1400

Smáhýsi
Verkmenntaskóli Austurlands



Um er að ræða timburhús, 13,5 m² að grunnfleti. Húsið er nánast fullfrágengið og tilbúið til notkunar.

Húsið er til sýnis frá mánudeginum 11. júní til og með föstudeginum 15. júní 2018 í samráði við Elvar Jónsson í síma 896 5494 á skrifstofutíma og Ríkiskaup í síma 530 1400. **Verð: Tilboð**

Strönd Rofabær
880 Kirkjubæjarklaustur



Um er að ræða ríkisjarðirnar Strönd - Rofabæ og Rofabæ 1.

Jarðirnar eru staðsettar í Meðallandi í Skaftárhreppi og eru taldar vera um 489 ha.

Á jörðinni Strönd er 125 fm íbúðarhús, byggt árið 1953. **Verð: Tilboð**

Efri Ey 2 og hluti af Efri Ey 3
880 Kirkjubæjarklaustur



Um er að ræða ríkisjörðina Efri-Ey 2, og um 53,7 % hluta af jörðinni Efri-Ey 3.

Jarðirnar eru staðsettar í Meðallandi í Skaftárhreppi. Áætluð stærð þeirra 325 ha. Töluverður húsakostur er til staðar á jörðunum, m.a. gott 109 fm íbúðarhús og 259 fm fjáruhús sem eru í góðu ástandi. **Verð: Tilboð**

Nýrækt 1
570 Fljótum



Um er að ræða 142,6 fm íbúðarhús ásamt 71,3 fm hlöðu og 33,9 fm geymslu á lóðinni Nýrækt 1 í Fljótum, Skagafirði.

Fasteignirnar standa á fallegum stað í Fljótum og í næsta nágrenni við félagsheimilið Ketilás. Fasteigninar sem standa á 11.402 fm leigulóð þarfnast viðhalds og endurbóta. **Verð: Tilboð**

Kirkjubær
701 Egilsstaðir



Um er að ræða ríkisjörðina Kirkjubæ í Hróarstungu, Fljótsdalshéraði. Jörðin er á fallegum stað, neðarlega á austurbakka Lagarfljóts, móts við Lagarfossvirkjun. Jörðin er talin vera 1.799 ha og þar af ræktað land 51 ha.

Húsakostur er almennt talinn góður, íbúðarhús er tveggja hæða með auka íbúð í kjallara. **Verð: Tilboð**

Aðalstræti 20
400 Ísafirði



Um er að ræða 243,6 fm þjónustu og verslunarhúsnæði á tveim hæðum (jarðhæð og kjallari).

Eignin sem áður hýsti verslun ÁTVR á Ísafirði er vel staðsett rétt við miðbæinn. Góð og vel staðsett eign sem býður upp á mikla möguleika. **Verð: 20,5 millj.**

Fagradalsbraut 9
700 Egilsstöðum



Um er að ræða 356 fm eignarhluta í steinsteyptu húsi sem áður hýsti afgreiðslu Íslandspósts.

Vel staðsett eign rétt við miðbæinn og hentar því undir ýmsa starfsemi. **Verð: 49 millj.**

Strandgata 55
735 Eskifirði



Um er að ræða 174 fm eign á neðri hæð. Eignin sem áður hýsti afgreiðslu Íslandspósts er vel staðsett rétt við miðbæinn og hentar því undir ýmsa starfsemi.

Auðvelt er að nýta húsnæðið sem verslunar- og/eða skrifstofuhúsnæði en einnig er möguleiki á að breyta því í íbúðarhúsnæði. **Verð: Tilboð**

Aðalgata 24
580 Siglufirði



Um er að ræða 234 fm eign á neðri hæð. Eignin sem áður hýsti afgreiðslu Íslandspósts er vel staðsett rétt við miðbæinn og hentar því undir ýmsa starfsemi.

Auðvelt er að nýta húsnæðið sem verslunar- og eða skrifstofuhúsnæði en einnig er möguleiki á að breyta því í íbúðarhúsnæði. **Verð: 22 millj.**

Suðurgata 44
220 Hafnarfirði



Væntanleg er í sölu húseignin Suðurgata 44 í Hafnarfirði, gegnt St. Jósefsspítala.

Fasteignin sem áður hýsti læknastofur, skóla o.fl. skiptist í 3 hæðir og kjallara. Húsið var byggt 1937 og hefur látið á sjá og þarfnast lagfæringa og endurbóta. Skv. Þjóðskrá Íslands/fasteignaskrá er stærð þess 885,7 m². **Verð: Tilboð**

Núpur Dýrafirði
471 Þingeyri



Um er að ræða húsnæði, áður heimavist og kvennavist héraðsskólans ásamt íbúð.
Eigninar eru byggðar á árunum 1954 til 1956 og talið að þær séu 733 fm að stærð. **Verð: Tilboð**

Staðarfell
371 Búðardalur



Um er að ræða 5 byggingar, samtals 1293 fm að stærð. Staðarfell er í um 30 mínútna aksturfjarlægð frá Búðardal. Fasteigninar, sem hafa verið vel við haldið, standa á 1,8 ha leigulóð.

Hér er á ferðinni frábært tækifæri fyrir þá sem vilja leggja fyrir sig ferðaþjónustu á svæði sem er að mati margra einstakt á heimsvísu. **Verð: Tilboð**

Flugstöð í Sauðlauksdal
451 Patreksfjörður



Um er að ræða fyrrum flugstöð sem var byggð árið 1983 og er 225 fm að stærð ásamt 40 fm vélargeymslu sem var byggð ári seinna.

Fasteignirnar standa á fallegum stað við aflagðan flugvöll Patreksfjarðar í Sauðlauksdal. Fasteignirnar standa á 9.959 fm leigulóð og þarfnast viðhalds. **Verð: Tilboð**

Sauðlauksdalur
451 Patreksfjörður



Um er að ræða 231,6 fm steinsteypt íbúðarhús á tveimur hæðum sem stendur á jörðinni Sauðlauksdal í Vesturbyggð. Húsið var áður nýtt sem prestbústaður og byggt árið 1955.

Fasteignin þarfnast endurbóta að utan sem innan og er til sölu með skilyrðum um endurgerð og endurbætur. **Verð: Tilboð**

Þverárdalur
541 Blönduós



Um er að ræða steinsteypt 101,4 fm íbúðarhús ásamt 36,9 fm sambyggðri geymslu á lóðinni Þverárdal í Húnavatnshreppi, Austur-Húnavatnssýslu.

Fasteignirnar standa á fallegum stað í Þverárdal sem er rétt við Húnaver í Svartárdal. **Verð: Tilboð**

Nánari upplýsingar um ofangreindar eignir má finna á fasteignavef MBL og heimasíðu Ríkiskaupa

Bændablaðið *Smáauglýsingar 56-30-300*

Gluggar og hurðir fyrir íslenskar aðstæður

Í yfir 20 ár hefur Viking Window AS selt tréglugga og hurðir á Íslandi



Viking
VIKING WINDOW AS

Gluggar og hurðir með eða án álkápu
Margir litir í boði
Afhendist glerjað og tilbúið til uppsetningar
Afgreiðslutími 5-8 vikur

Vesturhrauni 3 - 210 Garðabær - Sími: 480-0000
sala@aflvelar.is - www.aflvelar.is

AFLVÉLAR



AUÐLINDIR & UMHVERFISMÁL



Jarðböðin í Mývatnssveit. Mynd / HKr.

Skútustaðahreppur selur hlut sinn í Jarðböðunum í Mývatnssveit

Skútustaðahreppur hefur selt hlut sinn og nýtir hagnað til brýnna verkefna.

Salan á sér nokkra forsögu, en vorið 2015 barst óformlega fyrirspurn til sveitarstjórnar þar sem spurt var um vilja þess til sölu á tæplega 6% hlut sínum í Jarðböðunum og boðnar 50 til 70 milljónir króna fyrir. Því tilboði var af hálfu sveitarstjórnar hafnað.

Erindið hreyfði hins vegar við málinu á vettvangi sveitarstjórnar enda er eignarhald á hlut í slíku félagi og rekstur slíks fyrirtækis ekki hluti af kjarnastarfsemi sveitarfélagsins. Þar að auki lá fyrir að ýmis brýn uppbyggingarverkefni biðu sveitarfélagsins á næstu misserum. Á fundi sveitarstjórnar Skútustaðahrepps í desember árið 2016 var samþykkt bókun þess efnis að hlutabréf Skútustaðahrepps í Jarðböðunum yrðu seld ef viðeigandi verð fengist fyrir.

Tvö tilboð

Tvö tilboð bárust í allan hlut sveitarfélagsins og tvö tilboð í minni hlut. Sveitarstjórn samþykkti að taka hæsta tilboðinu, en það hljóðaði upp á 263,7 milljónir króna fyrir 5,86% hlut sveitarfélagsins. Tilboðið kom frá aðila sem ekki var hluthafi í félaginu og reyndist það 27% hærra en verðmatið sem sveitarfélagið hafði látið gera og 56,7% hærra en verðmatið sem stjórn Jarðbaðanna lét vinna.

Þrír hluthafar nýttu forkaupsrétt

Stjórn félagsins hefur forkaupsrétt að fölum hlutum í hlutföllum við hlutafjáreign sína, hún féll frá sínum forkaupsrétti en þrír hluthafar, Tækifæri hf., Íslenskar heilsulindir ehf. og Landsvirkjun, nýttu sér forkaupsréttinn og gengu því inn í tilboð hæstbjóðanda í hlutfalli við hlutafjáreign sína.

Sveitarstjórn hefur lýst yfir ánægju sinni með niðurstöðuna og hversu vel tókst til með söluferlið. Söluverðmætið nam sem fyrr segir tæplega 264 milljónum króna, en að frádregnum fjármagnstekjuskatti og söluþóknun var hreinn söluhagnaður 195 milljónir króna.

Hagnaður nýttur til brýnna verka

Á minnisblaði sem lagt var fram á fundi sveitarstjórnar í október 2017 var lagt til að söluhagnaði yrði ráðstafað m.a. til að greiða upp skuldir sveitarfélagsins, að fara í nauðsynlegar gatnagerðarframkvæmdir og frekara viðhald á fasteignum. Þá kemur fram á blaðinu að hagnaður verði einnig notaður til að hefja uppbyggingu Þekkingar- og menningarseturs við Skjólbrekku, hefja undirbúning við byggingu sundlaugar, en einnig var hluti hagnaðar eyrnamerktur Umbótaáætlun sveitarfélagsins í fráveitumálum. Um fjórðungur fjárins fer í varasjóð. */MÞÞ*



Sandfok í Mývatnssveit 20. maí 2018. Mynd / Daði Lange Friðriksson

Geysimikið sandveður í Mývatnssveit:

Heilmikið rof, sandskaflar á girðingum og tjón á bílum

Geysimikið sandveður gekk yfir Mývatnssveit á hvítasunnudag, 20. maí síðastliðinn, hið mesta í mörg ár. Afleiðingarnar eru ekki að fullu komnar í ljós, en vitað að töluvert var um skemmdir á bílum, ferðalangar gátu ekki barið náttúruperlur augum og líkur eru á að nýjar sáningar hafi að hluta til misfarist.

Þessi mynd frá NASA sýnir umfang sandfoksins 20. maí síðastliðinn.

Daði Lange Friðriksson, héraðsfulltrúi Landgræðslunnar á Norðurlandi eystra, segir að gríðarlegt magn af efni hafi verið á ferðinni þennan sunnudag og rofmátturinn svakalegur.

„Gróður var á þessum tíma rétt að byrja að kvikna, hann er á þeim tíma afar viðkvæmur og hefur enga burði til að takast á við veður af þessu tagi. Mikið er af lausum efnum á yfirborði eftir veturinn.“

Álíka mikið rof og heildarrof undanfarinna 5 til 6 ára

Daði metur það svo að rofið í þessu eina veðri sé álíka mikið og heildarrof undanfarinna 5 til 6 ára. Hann nefnir einnig að í veðrinu hafi orðið mikil losun á kolefni og fylgdi því mikil mengun. Þó nokkuð er um að heilmiklir sandskaflar hafi hrúgast upp á girðingar og þá telur Daði líklegra en ekki að melsáningar, m.a. í Grænavatnsbruna og á Miðfjöllum, hafi misfarist að hluta til. „Við eigum eftir að fara um þau svæði og skoða hvernig veðrið hefur leikið sáningarnar. Okkur hefur enn ekki gefist tími í það,“ segir hann.

Silungur gæti hafa drepist í vatninu


Íbúar á svæðinu minnast þrálátra suðvestanátta t.d. í kringum árið 1980 og veðurfar var með svipuðum hætti árið 1992, en það ár var áttin suðvestanstæð í 4 til 6 vikur nánast samfellt. Daði vitnar í svartsýnan eldri bónda í Mývatnssveit sem hafði á orði að silungur í vatninu gæti hafa drepist í veðrinu. Vatnsgangurinn hafi verið slíkur að efni á botninum rótaðist upp, gruggið gæti hafa sest í tálknin á silungnum og hann drepist.

„Eitthvað hefur veiðst af silungi í Mývatni eftir að veðrið gekk yfir, svo hann hefur að minnsta kosti ekki allur drepist,“ segir Daði.

Þurrt land og auðvelt að komast um

Óvenjusnjólétt er á svæðinu umhverfis Mývatnssveit þetta vorið og segir Daði að oft hafi verið skroppið á vélsleða á Kröflusvæðinu um mánaðamótin maí-júní en núna sé það útilokað. Landið er þurrt og auðvelt að komast um. Hólasandur er t.d. orðinn nánast snjólaus sem er mjög óvanalegt.

„Við munum líka eftir því að vorið 2006 byrjaði að snjóa 17. maí og það var úrkoma samfellt í heila viku, þannig að staðan núna er frekar óvenjuleg,“ segir hann. */MÞÞ*




Sandfok er greinilega ekki óalgengt í Mývatnssveit. Þessi mynd var tekin af nauðausturhorni Íslands úr gervihnetti NASA þann 17. september 2008.

Flottar hugmyndir verðlaunaðar um nýtingu varmaorku á Suðurlandi:

„Black Beach Lagoon“ í Þorlákshöfn valin besta hugmyndin

Orka náttúrunnar, Samtök sunnlenskra sveitarfélaga og Nýsköpunarmiðstöð Íslands efndu nýlega til hugmyndasamkeppni um nýtingu varmaorku á Suðurlandi. Tilgangur samkeppninnar var að fá fram hugmyndir um nýtingu varmaorku sem finnst víða á Suðurlandi og býður upp á fleiri tækifæri en nýtt eru í dag.

Markmiðið er að nýta betur verðmætin sem eru í orkunni, auka fjölbreytni í atvinnulífi með umhverfismál að leiðarljósi og vinna að nýsköpun í orkutengdri starfsemi.



Úrslitin voru kunngerð nýlega í Garðyrkjuskólanum á Reykjum í Ölfusi. Þórdís Kolbrún Gylfadóttir, ráðherra atvinnu- og nýsköpunarmála, afhenti verðlaunin. Hér er hún ásamt Marteini Möller og Reynari Ottóssyni, sem fengu fyrstu verðlaun í samkeppninni. Þeir fengu 1.500.000 krónur í verðlaun og fá auk þess margháttaða aðstoð við að þróa tillöguna. Myndir / MHH



Ólafur Ingi Reynisson, matreiðslumeistari hjá Kjöt og Kúnst í Hveragerði, er hér með ráðherra en hann fékk verðlaun fyrir sína hugmynd um Jarðorkueldavélar.

Lón á svörtum sandi

Hugmyndin „Black Beach Lagoon“ (Lón á svörtum sandi) eftir Martein Möller og Reynar Ottósson fékk fyrstu verðlaun í samkeppninni og þar með 1,5 milljón króna í verðlaunafé. Verðlaunahugmyndin snýst um að byggja upp ferðamannalón með heitu vatni í svörtum fjörusandinum við Þorlákshöfn. Í umsögn dómnefndar segir:

„Um er að ræða aðdráttarafl fyrir ferðamenn með samspili sjávar, fjöru og jarðhita í umhverfi þar sem myrkur, norðurljós og íslensk náttúra njóta sín. Auk þess býður tillagan upp á vaxtartækifæri með frekari tengingu við heilsueflingu, vellíðan og íþrótta- og útivistarfólk. Tillagan er vel unnin og samnýtir á áhugaverðan hátt staðbundnar auðlindir. Tillagan er hvoru tveggja í senn frumleg og raunhæf. Gert er ráð fyrir stóraukinni jarðvarmanýtni og minni sóun.“

Grunnskólanemar á Hellu verðlaunaðir

Grunnskólanemar á Hellu í 9. bekk fengu sérstök verðlaun en nemendurnir lögðu til að brennisteinsvetni sem kemur upp með heitri gufu á jarðhitasvæðum verði nýtt til að framleiða brennistein. Um leið myndi magn brennisteinsvetnis í andrúmslofti minnka.

Aukaverðlaun til þriggja verkefna

Dómnefnd ákvað að veita þremur tillögum aukaverðlaun og fékk hver þeir 500.000 krónur. Tillögurnar eru þessar.

Jarðorkueldavélar

Sú tillaga kemur frá Ólafi Inga Reynissyni, matreiðslumeistara hjá Kjöt og Kúnst í Hveragerði. Í umsögn dómnefndar segir að tillagan sé áhugavert innlegg í nýtingu jarðvarma þar sem hveraorka er nýtt í margs konar matargerð. „Um er að ræða frumlega, raunhæfa og óhefðbundna aðferð við að framleiða og elda matvæli. Tillagan gefur ferðamanninum innsýn í fjölbreytta notkunarmöguleika jarðvarma með sérstöðu íslenskrar náttúru er í aðalhlutverki“, segir dómnefndin.

Lág gróðurhús og ræktun nýrra tegunda

Hafsteinn Helgason, sem býr í Laugarási í Biskupstungum og starfar hjá Eflu verkfræðistofu, kom með hugmynd um lág gróðurhús og ræktun nýrra tegunda. Tillagan felur í sér nýbreytni í ræktun afurða þar sem sérhæfð gróðurhús nýrrar gerðar nýta lághita jarðvarma. „Um er að ræða sveigjanlega og heildstæða tillögu sem getur dregið úr innflutningi matvæla og býður upp á vinnslu sérhæfðra afurða. Gera má ráð fyrir aukinni fjölbreytni í atvinnulífi og jákvæðum samfélagslegum áhrifum“, segir í umsögn dómnefndar.

Hamprækt á Íslandi

Þessi hugmynd kom frá Hinriki Jóhannessyni en hún gerir ráð fyrir nýstárlegri nýtingu gróðurhúsa til ræktunar á hampi með fjölbreytta notkunarmöguleika á áframvinnslu s.s. í matvæli, eldsneyti og ýmsan iðnað. „Tillagan er heildstæð, býður upp á þverfaglega starfsemi og möguleika á fjölbreyttari atvinnustarfsemi með samfélagslegum ávinningi“, segir í umsögn dómnefndar. */MHH*



AUÐLINDIR & UMHVERFISMÁL

Náttúrustofa Norðausturlands:

Fýlar gleypa talsvert af plasti

Náttúrustofa Norðausturlands hefur nýverið samið við Umhverfisstofnun um rannsóknir á plasti í fýlum (Fulmarus glacialis) sem hluta af staðlaðri vöktun á plastmengun á OSPAR-svæðinu.

OSPAR hóf að nota plast í fýlum sem vistfræðilegan metil á plastmengun hafsins árið 2009 en þá höfðu rannsóknir á plastmengun í fýlum staðið yfir frá níunda áratug síðustu aldar.

Ákjósanleg tegund til að vakta plastmengun í sjó

Fýll er talinn mjög ákjósanleg tegund til að rannsaka og vakta plastmengun í sjó. Helstu ástæður þess er að fýlar afla sér fæðu eingöngu á sjó og sjaldan nærri landi. Þeir eiga erfitt með að kafa og því afla þeir sér fæðu mest sem næst yfirborði sjávar. Komið hefur í ljós að fýlar gleypa talsvert af plasti og eru nokkrar ástæður taldar fyrir því. Einna helst er talið að sumt plast líkist fæðu, plast geti verið í mögum dýra sem fýllinn étur (úrgangur frá fiskibátum) og að plast í nágrenni fæðu geti borist í fýla við fæðuupptöku.


Fýlar sem notaðir eru í þessa vöktun eru fyrst og fremst fýlar sem finnast dauðir á ströndum Vestur-Evrópu. Einnig hafa verið notaðir fýlar sem drepast við að festast í veiðarfærum fiskiskipa og -báta og er stefnt að því að nota þá aðferð hér á landi.

Starfsmaður Náttúrustofunnar, Aðalsteinn Örn Snæþórsson, fór til Hollands í febrúar og sótti þar námskeið á vegum rannsóknastofnunarinnar Wageningen Marine Research. Umjónarmaður námskeiðsins var Jan van Franeker, sem sér um samræmingu rannsóknaraðferða við athugun á plasti í fýlum fyrir OSPAR. Við krufningu á hrægjum eru ýmsir líffræðilegir þættir mældir og kyn og aldur greindur. Plastið sem finnst í mögum er flokkað eftir uppruna þess í iðnaðarplast og neysluplast og er neysluplastið svo flokkað nánar eftir gerð þess.

/MÞÞ



Magainnihald var skolað í sigti og allar plastagnir teknar frá.



Plast ásamt fleiri hlutum úr maga eins fýls. Mynd / Nina Dehnhard



Allt var mælt og skráð af mikilli nákvæmni.



Jan Franeker fræðir nemendur á námskeiðinu um krufningu fýla.



Það er nákvæmnisverk að fara í gegnum magainnihald og greina plast frá náttúrulegri fæðu. Mynd / Daniel Turner.



Fjöldi hræja af fýlum var til reiðu fyrir þátttakendur að spreyta sig á.

Flugu 14.000 km leið til þess eins að vera skotnar á óðali sínu

Starfsmenn Náttúrufræðistofu Norðausturlands, sem voru við árlegar talningar á mófuglum nýverið, gengu fram á kjóapar sem hafði verið skotið þar sem það sat á óðali sínu við undirbúning varps.

Augljóst var að kjóarnir höfðu verið skotnir með riffli í um 140 m fjarlægð frá þjóðvegi. Sesselja Guðrún Sigurðardóttir, líffræðingur hjá stofunni, segir í pistli sem hún ritar á heimasíðu hennar að þetta sé vitnisburður um algjört virðingarleysi gagnvart náttúrunni.

Verja varpafkomu sína eins og frekast er unnt

Fram kemur í pistli Sesselju að tvö kjóapör hafi um árarаðir orpið á mófuglatalningasvæði Náttúrustofunnar við Hringver á Tjörnesi. Frá árinu 2009 hafi það verið fastur punktur í sumarbyrjun að heilsa upp á þau á óðulum sínum við talningar. Þar hafa þau tekið heimsókninni af almennri varkárni, með látbrögðum eða ógnun, allt eftir því hve gengið er nærri þeirra heilaga vé, eggjunum. Þeim er enda mikið í mun að verja varpafkomu sína eins og þeim frekast er unnt fyrir hvers kyns afföllum, því lífsbaráttan er hörð og mikið lagt á sig til að koma genum sínum áfram til næstu kynslóða í gangverki lífsins.

Ferðast um langan veg

Til vitnis um það sýna nýlegar rannsóknir fram á að íslenskir kjóar ferðast um langan veg til suðurhvels jarðar, líkt og krían, að loknu varpi hér, til að afla sér lífsviðurværis yfir vetrartímann. Dvelja þeir úti á sjó beggja vegna Atlantsála, m.a. við S-Afríku og Argentínu. Þar, líkt og hér, sækja þeir sér fæðu í sjó en einnig með því einkennandi hátterni sem þeir hafa tileinkað sér við að komast af, að ræna fæðu frá öðrum fuglum. Í því eru kjóar sérfræðingar en ránið stunda þeir með því að hrella sjófugla (t.d. kríur og lunda) sem bera smáfiska og aðra fæðu til unga sinna, þannig að þeir missi fæðuna sem kjóarnir síðan hirða upp.

Þegar líða fer að vori á norðurhveli halda kjóarnir af stað að nýju í 14.000 km langt ferðalag norður eftir Atlantshafinu til þess að verpa eggjum sínum og koma upp ungum á óðali sínu sem þeir verja frá ári til árs, sama óðalið. Á hverju ári má því áætla að hver íslenskur kjói fljúgi tæplega 30.000 km um Atlantshafið frá norðri til suðurs og til baka milli varp- og vetrarstöðva.

Þyngra en tárum taki

„Það er þyngra en tárum taki að á tímum upplýsinga og náttúruverndar sé til fólk sem drepur kjóa án nokkurrar rökstuddrar ástæðu. Kjóar eru alfriðaðir skv. lögum líkt og almennt gildir um íslenska fugla, nema við friðlýst æðarvörp á tímabilinu frá 15. apríl til 14. júlí.

Því miður virðist sem kjóar séu víða drepnir utan friðlýstra æðarvarpa því Náttúrustofunni hefur borist til eyrna fleiri dæmi um slík lögbrot á Norðausturlandi. Sýslumaður annast friðlýsingu æðarvarpa sem gildir í 10 ár frá birtingu í Lögbirtingablaðinu. Engar auglýsingar er að finna um friðlýsingu æðarvarpa hjá Sýslumanninum á Norðurlandi eystra síðustu 10 ár, frá 1. janúar 2008 til 1. febrúar 2018 (sjá www.syslumenn.is),“ segir Sesselja í pistli sínum.

Vekur fólk voandi til umhugsunar

„Vonandi vekur þessi pistill fólk til hugsunar um að bera virðingu fyrir öllu lífi, því lífsbaráttan er hörð hvert sem í horn er litið og allir þurfa að hafa fyrir sínu.

Virðingin þarf að gilda almennt um auðlindanýtingu okkar og umgengni í náttúrunni. Einungis fáfræði og tilfinningasemi mannsins flokkar lífverur í góðar og vondar.


Gild rök ætti að þurfa að færa fram ef drepa á dýr, líkt og kjóann, til að verja tiltekna hagsmuni. Ekki er ólíklegt að kjóaparið á Hringveri hafi farið víðar um heiminn og séð meira á lífsleiðinni en sá er fann hjá sér löngun til að miða þau út í gegnum riffilkíkinn sinn, þar sem þau sátu friðsöm á óðali sínu, og taka í gikkinn,“ segir Guðrún. */MÞÞ*



Annar kjóinn liggur dauður á óðalsþúfu sinni á Hringveri. Þúfan segir sögu fugla um árþúsundir.



Makinn skotinn í tætlur nokkrum metrum frá.



Vetrarstöðvar fimm íslenskra kjóa afmarkaðar með mismunandi litum fyrir hvern einstakling. Örvar sýna farleiðina heim til varpstöðva á Íslandi að vori.

Heimild: *Sölvi Rúnar Vignisson, Gunnar Þór Hallgrímsson, Yann Kolbeinsson. Migration of the Icelandic Arctic Skua Stercorarius parasiticus. Veggspjald á 2nd World Seabird Conference í Höfðaborg, S-Afríku 26.–30. október 2015.*

ÖRYGGISSKÓR FRÁ ATLAS

Flytjum inn og seljum vandaða öryggisskó frá Atlas í Þýskalandi.

Múrlagerinn er umboðsaðili Atlas á Íslandi og eigum við um 200 pör á lager.

Gæðavara á góðu verði!

SENDUM UM LAND ALLT



MÚRLAGERINN
...fyrir fagmanninn og þig líka

Múrlagerinn / Súluvegi 2, 600 Akureyri / S. 660 6469 / murlagerinn@gmail.com



Réttu græjurnar!

Við sérhæfum okkur í öryggisbúnaði m.a. heyrnarhlífum og samskiptabúnaði. Hugaðu að heyrninni, hún er mikilvæg!

Hafðu samband.
Við veitum þér faglega aðstoð.


Bluetooth


Heyrnarhlífar


Áföst á hjálmi


Fyrir samskipti


Í skotveiðina


Fyrir börnin

DYNJANDI
allt fyrir öryggið

Skeifunni 3h ll Sími: 588 5080 ll dynjandi.is

Bændablaðið *Smáauglýsingar 56-30-300*
Næsta blað kemur út 21. júní

ILLGRESIÐ BURT

Michaelis KM 12 SV vírsópurinn er einfaldur í notkun
Hentug lausn fyrir sveitarfélög og fyrirtæki



- Glussadrif á hjólum
- 10 ltr vatnstankur
- Honda 3,2 kW (4,3 hö) bensínvél
- Þyngd 110 kg

Vesturhrauni 3 - 210 Garðabær
480-0000 - sala@aflvelar.is - www.aflvelar.is

AFLVÉLAR



Varahlutir og viðgerðarþjónusta fyrir JCB lyftara

Vélavit
Sala - Þjónusta
S: 5272600 - www.velavit.is

Husqvarna – Steinsagir, kjarnaborvélar, gólf- og vegsagir



HUSQVARNA FS 400 LV
Sögunardýpt 16,5 sm

HUSQVARNA K 760
Sögunardýpt 12,5 sm

HUSQVARNA K 3600 MK II
Sögunardýpt 27 sm

HUSQVARNA K 2500
Sögunardýpt 14,5 sm

HUSQVARNA DM 230

HUSQVARNA
Steinsagarblöð og kjarnaborar

MHG VERSLUN

2017 Framúrskarandi fyrirtæki

ALLT FYRIR ATVINNUMANNINN

MHG Verslun ehf | Akralind 4 | 201 Kópavogi | Sími 544-4656 | www.mhg.is

Samráðshópur um endurskoðun búvörusamninga á fundaferð um landið:

„Það er þjóðin sem á að láta þetta sig varða, ekki einstakir hagsmunahópar“

– segir Haraldur Benediktsson, annar tveggja formanna nefndarinnar, sem leitar eftir víðtæku samráði við landsmenn



Hörður Kristjánsson
hk@bondi.is



Fundur samráðshóps um endurskoðun búvörusamninga á Hvanneyri var sá fyrsti í röð funda sem haldnir eru vítt og breitt um landið. Annar fundurinn var á Egilsstöðum, þriðji fundurinn á Laugabakka, fjórði fundurinn á Akureyri, fimmti fundurinn í Reykjavík og sjötti fundurinn er haldinn í dag á Hellu. Myndir / HKr.

Samráðshópur um endurskoðun búvörusamninga hefur verið á fundaferð um landið að undanförnu þar sem unnið er að mótun tillagna varðandi breytingar á búvörusamningnum. Einn slíkur fundur var haldinn á Hvanneyri þriðjudaginn 29. maí undir stjórn Haraldar Benedikssonar, alþingismanns og formanns hópsins.

Kristján Þór Júlíusson, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, skipaði að nýju í samráðshóp um endurskoðun búvörusamninga í kjölfar síðustu ríkisstjórnarskipta. Við afgreiðslu búvörusamninganna árið 2016 var lagt upp með að skipaður yrði sjö manna samráðshópur en í tíð tveggja síðustu ríkisstjórna hefur fulltrúum fjölgað í annars vegar 12 og hins vegar 13. Hinn 30. desember sl. ákvað sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra að endurskipa í hópinn enda rétt að vinna hópsins taki m.a. mið af þeim áherslum sem fram koma í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnar Katrínar Jakobsdóttur.

Alls eiga nú átta fulltrúar sæti í hópnum og fara tveir þeirra sameiginlega með formennsku. Samráðshópurinn er þannig skipaður:

Brynhildur Pétursdóttir, formaður (Neytendasamtökin), Haraldur Benediktsson, formaður (skipaður af sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra), Þórlindur Kjartansson (skipaður af sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra), Hafdís Hanna Ægisdóttir (umhverfis- og auðlindaráðuneytið), Jóhanna Hreinsdóttir (Samtök afurðastöðva í mjólkuriðnaði / Landssamtök sláturleyfishafa), Halldór Árnason (Samtök atvinnulífsins), Sindri Sigurgeirsson (Bændasamtök Íslands), Elín Heiða Valsdóttir (Bændasamtök Íslands).

Lögð verður áhersla á að hópurinn ljúki störfum sem fyrst og eigi síðar en í lok árs 2018.

Haraldur sagði í samtali við Bændablaðið að samráðshópurinn ynni samkvæmt tveim meginleiðum. Annars vegar greining á samningunum og að rýna búgreinarnar sem undir honum starfa og að mótun fjögurra sviðsmynda.



Haraldur Benediktsson, alþingingismaður og annar tveggja formanna samráðshópsins.



Sveinbjörn Ingi Grímsson og Sævar Kristinsson, verkefnisstjórar KPMG í sviðsmyndavinnunni.



Hér er verið að fjalla um sjálfbærni.

Stefnt að lúkningu sauðfjárhlutans í sumar

„Ráðherra lagði það til við hópinn að vinna fyrst í sauðfjársamningnum. Við stefnum að því að ljúka vinnu við sauðfjárhluta búvörusamninganna nú í byrjun júní. Þá munum við skila til ráðherra áherslum samráðshópsins um endurskoðun. Í framhaldinu getur ráðherrann skipað sína samninganefnd á vegum ríkisins og lagt fyrir hana tillögur samráðshópsins. Þannig á að vera hægt að hefja endurskoðun sauðfjársamningsins strax í sumar.

Við erum í miðjum klíðum í tillögugerð vegna sauðfjársamningsins og mér sýnist að þar sé að fæðast heildstæð nálgun á endurskoðun. Ekki bara að bregðast við einhverjum vandamálum sem nú eru uppi heldur að hugsa málið til framtíðar.

Þegar við höfum lokið sauðfjársamningnum reikna ég með að við förum að ræða mjólkurframleiðsluna og grænmetisbúskapinn í framhaldinu. Við munum svo skila af okkur um áramótin,“ segir Haraldur.



Frá fundinum á Hvanneyri. „Í Svíþjóð var í raun sama umræða uppi 2008 til 2011 og leidd af sænskum bændum. Það skilaði því að til varð greining sem hét fjórar myndir fyrir sænskan landbúnað til ársins 2050 sem stjórnmálaflokkar í Svíþjóð skrifuðu upp á og vildu láta rætast. Menn tóku ábyrgð á umræðum um landbúnað og sýndu skilning á hagsmunum þeirra sem hann stunda," segir Haraldur.

Teikna upp fjórar sviðsmyndir og mörg hundruð manna samráð

„Samhliða þessu þá keyrum við samtal og stefnumótunarvinnu á grunni sviðsmyndagerðar sem stýrt er af verkefnisstjórum KPMG, þeim Sævari Kristinssyni og Sveinbirni Inga Grímssyni.

Í fyrsta lagi eru þar tekin viðtöl við valda aðila um hvernig þeir greina landbúnaðinn út frá sínum bæjardyrum. Við erum með mjög fjölbreyttan hóp af fólki sem kemur í þessi viðtöl. Á sama tíma keyrum við könnun sem send er til tvö til þrjú hundruð manna. Síðan keyrum við opna fundi í Reykjavík og á nokkrum stöðum í kringum landið eins og þennan, sem eru öllum opnir. Þar ræðum við helstu atriðin sem koma út úr þessum viðtölum og þessari könnun. Það varðar t.d. samkeppnishæfni landbúnaðarins, sjálfsmynd bænda, framtíðarhorfur í menntun í landbúnaði, rannsóknum og slíku.

Þannig teiknum við upp fjórar sviðsmyndir fyrir landbúnaðinn sem verða grunnurinn að eins konar stefnumörkun til mjög langs tíma samhliða búvörusamningum. Þá eiga stjórnvöld og bændur að vera komin með tæki sem þeir geta reglulega sest yfir og skoðað hvort þessi framtíðarsýn til ársins 2040 sé að rætast. Ef ekki, þá að meta hvernig eigi að bregðast við. Við erum því með mörg hundruð manna samráð um framtíð landbúnaðarins og að búa til virk stjórntæki til að móta stefnuna til skamms og langs tíma.

Köllum eftir áherslu fólks úti í byggðunum

– Er þetta þá fyrst og fremst hugmyndavinna sem er verið að framkvæma á svona fundum?

„Já, við erum að kalla eftir áherslum fólksins sem er úti í byggðunum og hvað því finnist skipta máli að tekið sé tillit til. Hvernig þetta



Sævar Kristinsson verkefnisstjóri KPMG, ræðir verkefnin sem hann lagði fyrir fundarmenn.



Þarna skorti ekki áhugann á að leggja eitthvað af mörkum.



Hér er verið að ræða hugtakið samkeppnishæfni landbúnaðarins.



Sóst er eftir að kalla fram sem flest sjónarmið þeirra sem áhuga hafa á Íslenskum landbúnaði.

Getum við komið okkur saman um leiðir til að láta það rætast sem allir eru sammála um að þurfi? Að íslenskur landbúnaður sé mjög merkilegur og starf bændanna eitt mikilvægasta starfið sem unnið er í samfélaginu. Við verðum því að gæta að hagsmunum bændanna og landbúnaðarins og að við séum ekki með einhverjum skyndiráðstöfunum að ógna þeirri stöðu.

fólk sér fyrir sér að landbúnaðurinn þróist. Við erum þá fyrst að hugsa til þess að bændurnir sem eru starfandi úti á mörkinni mæti til þessara viðræðna auk þess að virkja hugmyndirnar frá fólkinu sem mætir í viðtölin og þess sem kemur fram á þessum fundum.“

Ekki bylting á landbúnaðarkerfinu en öflug þróun

− Sjá menn fyrir sér einhverjar byltingar á landbúnaðarkerfinu?

„Nei, ekki byltingar, en mjög öfluga þróun. Það eru í gildi samningar við bændur og fyrsta endurskoðun á þeim er 2019 og aftur 2023.

Hugmyndafræðin við vinnu samráðshópsins er sprottin upp úr gagnrýni Alþingis á samningana sem gerðir voru 2016 um að of lítil vinna hafi farið í samfélagslegt samtal um gildi landbúnaðarins. Við því er verið að bregðast og mæta til leiks með víðtækt samráð við sem flesta í þessu landi sem vilja láta sig framtíð landbúnaðar varða. Þannig að við getum haldið áfram að þróa hann, látið hann verða sterkari og sætt um leið fleiri en færri sjónarmið. Fengið þá sameiginlegan skilning á landbúnaðinum og sýn hvernig fólk vilji að hann þróist. Á þeim grunni getum við lagt fram tillögur hvernig hægt verði að vinna að því.“

Skortur á uppbyggilegri umræðu um landbúnaðinn á Alþingi

− Finnst þér skorta á skilning á Alþingi um stöðu eða mikilvægi landbúnaðar fyrir samfélagið?

„Nei, ég vil ekki segja það. Mér finnst samt skorta á að stjórnmálaflokkar og stjórnmálamenn í heild láti sig varða og taki þátt í uppbyggilegri umræðu um landbúnaðinn. Það er mikið af tilboðum og fullyrðingum um að þetta sé svona eða hinsegin án þess að fólk taki um þetta djúpt samtal. Ég lít þar til þess að við vorum í svona vinnu 2005 og 2006 sem ekki var lokið við, sem var mikil synd.

Í Svíþjóð var í raun sama umræða uppi 2008 til 2011 og leidd af sænskum bændum. Það skilaði því að til varð greining sem hét fjórar myndir fyrir sænskan landbúnað til ársins 2050 sem stjórnmálaflokkar í Svíþjóð skrifuðu upp á og vildu láta rætast. Menn tóku ábyrgð á umræðum um landbúnað og sýndu skilning á hagsmunum þeirra sem hann stunda.“

Landbúnaðurinn þarf fyrst og fremst stöðugleika

− Er það ekki þannig að einhverjir vilji hætta stuðningi við landbúnað og láta markaðskerfið alfarið sjá um þróunina?

„Nei, allir flokkar sem eru á Alþingi í dag vilja landbúnaðinum hið besta. Þeir vilja að landbúnaðurinn sé sterkur og tala fyrir slíku en vilja fara ólíkar leiðir til þess. Um það snýst þetta sem hér er verið að gera. Getum við komið okkur saman um leiðir til að láta það rætast sem allir eru sammála um að þurfi?Að íslenskur landbúnaður sé mjög merkilegur og starf bændanna eitt mikilvægasta starfið sem unnið er í samfélaginu. Við verðum því að gæta að hagsmunum bændanna og landbúnaðarins og að við séum ekki með einhverjum skyndiráðstöfunum að ógna þeirri stöðu. Landbúnaðurinn þarf fyrst og fremst stöðugleika og framtíðarsýn.“

Það er þjóðin sem á að láta þetta sig varða

− Áttu þá von á að ef áformin með þessari vinnu samráðshópsins gengur upp að það skapist meiri friður um landbúnaðinn á Íslandi?

„Ég er alveg sannfærður um það að afgreiðsla þingsins 2016 þar sem sagt var að það ætti að skipa samráðshóp um búvörusamninga og þetta breiða samtal. Því miður var búið að taka það breiða samtal niður í samtal um hagsmuni hópa sem hafði aðra hagsmuni en landbúnaðurinn.

Nú förum við allt aðra leið og förum beint til almennings. Við segjum einfaldlega; það er þjóðin sem á að láta þetta sig varða, ekki einstakir hagsmunahópar. Ég er algjörlega sannfærður um það í þessari vinnu sem við erum í núna á sviðsmyndafundum og í samráðshópnum, að við munum mæta margfalt sterkari til leiks og með miklu breiðara samtal um landbúnaðinn en áður. Þannig búum við til meiri frið og sátt um íslenskan landbúnað.“



Lely Welger Tornado rúllusamstæðan

RPC 245 Tornado er sterk og afkastamikil rúllusamstæða sem byggir á áratuga reynslu Welger í smiði rúlluvéla.

25 hnífar. Sópvinda 2,25 metrar brautarlaus. Yfirstærð af dekkjum 710/40R-22,5.

Allar nánari upplýsingar hjá sölumönnum okkar

VB LANDBÚNAÐUR
Lely center Ísland

farming innovators

Krókhálsi 5F • 110 Reykjavík • Sími: 414-0000 • Baldursnes 2 • 603 Akureyri • Sími: 464-8600

TÆKNI & VÍSINDI

Línuborun með öfluga beltavél sem sagar sig í gegnum holt og hæðir:

Þegar tíminn skiptir máli og frosin jörð og klappir eru engin fyrirstaða

– Jarðrask í lágmarki og hægt að bora undir vegi, ár og garða

Línuborun í Reykjavík hefur sérhæft sig í lagningu kapla og röra í jörðu og er m.a. með öfluga vél af Marais 500 gerð til þess, sem sagar sig í gegnum jarðveginn. Er þetta eina vél sinnar tegundar á Íslandi en sem dæmi þá standa Frakkar mjög framarlega á þessu sviði og hafa tekið á milli 600 til 700 slíkar vélar í notkun.

Hörður Gunnarsson verkefnastjóri og Ketill Björnsson, fjármálastjóri hjá Línuborun, segja vélina að því leyti sérstaka að hún er mjög afkastamikil og skilur eftir sig mjög lítið rask. Þá er hægt að leggja bæði rör og strengi jafnóðum í skurðinn sem fræstur er, sandbera botn og loka í sömu ferðinni.

„Það skiptir allt máli við að stytta verktíma því tíminn er líka mikils virði. Við getum með okkar búnaði tryggt mikinn vinnuhraða, hagkvæmni og lágmarks jarðrask," segir Hörður.

Marais 500 er með 6 strokka 510 hestafala (375kW) dísilmótor. Hún vegur um 42 tonn og getur borið 6 tonna kapalrúllu á framgálga um leið og hún grefur. Hún getur sagað skurð sem er frá 23 til 55 sentímetrar að breidd og allt að 1,6 metrar að dýpt.

Starfsmenn Línuborunar eru nú 10 talsins, en Björn Oddsson er eigandi fyrirtækisins. Verkefnin eru fjölbreytt, eins og jarðvegsskipti, steypusögun við byggingarframkvæmdir og strengjalagnir með sögun og borun. Auk stóru Marais sögunarvélarinnar hefur fyrirtækið yfir að ráða vörubíla með krönum og nokkrar gröfur af ýmsum stærðum.



Ketill Björnsson fjármálastjóri og Hörður Gunnarsson, verkefnastjóri Línuborunar, fyrir framan stóru beltavélina. Mynd / HKr.

Klappir engin fyrirstaða

Línuborun hefur verið með verkefni víða um land og hefur m.a. verið í viðræðum við orkuveitufyrirtæki víða um land vegna mikilla verkefna við lagningu jarðstrengja og ljósleiðara.

„Víða eru fyrirtæki að vinna mikið í erfiðu landslagi og þurfa víða að fara í gegnum klappir," segir Hörður. Segir hann að með þeirra búnaði séu klappir engin fyrirstaða því vélin sagi sig einfaldlega í gegn. Þá er hægt að ráða breidd skurðar, allt eftir því hvað eigi að leggja í hann. Við niðurlagningu á rörum og strengjum er síðan hægt að stýra þeim á mismunandi dýpi og staðsetningu í skurðunum, allt eftir ósk viðskiptavinar. Hægt er að leggja marga strengi í einu og einnig rör. Vélin hefur m.a. verið notuð við að saga fyrir nýju rafdreifikerfi við flugbrautir á Keflavíkurflugvell fyrir Isavia. Þetta voru tæpir 14 km með allt að 80.000 metrum af rörum og köplum.




Hún er sannarlega engin bútasög þessi Marais beltavél sem getur sagað allt að tveggja kílómetra langan skurð í gegnum alls konar jarðveg á dag.

Borað undir vegi, ár og tún

„Þá erum við með Ditch Witch jarðbora til að bora undir vegi og ár. Hefur stærri borinn okkar (20 tonn) verið staðsettur fyrir austan Kirkjubæjarklaustur að undanförnu við að bora fyrir strengi undir á um 120 metra leið fyrir RARIK. Hægt er að stilla borunina á mismunandi dýpi, allt eftir óskum viðskiptavina."



Unnið að borun fyrir lagnir.





Vélin gerir allt í einni ferð, sagar og leggur strengi og rör.

Þessi bor getur borað fyrir allt að 650 millimetra sverleika.

Hörður segir að oft hafi sú leið verið farin í gegnum tíðina að hengja strengi utan í brýr. Slík vandamál séu úr sögunni þegar borað sé fyrir strengjum undir árnar. Er fyrirtækið þannig í tvígang búið að bora fyrir rörum undir kapla sem lagðir voru undir Skaftá.

Borað undir Hljómskálagarðinn

„Þá vorum við að vinna við að bora fyrir raflögnum undir Hljómskálagarðinn í Reykjavík. Þar er borað út frá einum stað á nokkra tengistaði sem koma á upp til að nota við samkomuhald á nokkrum stöðum í garðinum. Þarna þarf ekkert að raska yfirborði Hljómskálagarðsins eins og annars væri ef grafið yrði með hefðbundnum aðferðum. Við borum um 140 metra vegalengd undir gras, tré og gangstíga. Svona verk tekur ekki nema tvo daga.

Að sjálfsögðu er svona búnaður ekki ódýr í vinnu, en hann sparar mikinn tíma og jarðrask. Í heild er því hægt að spara umtalsvert í öllu umstangi og tíma sem fylgir lagningu strengja með hefðbundnum skurðgreftri."

Getur klárað tvo kílómetra á dag

„Við sæmilegar aðstæður er þessi vél að saga um tveggja kílómetra skurð á dag. Ef ég ætti t.d. að leggja strengi inn Fljótshlíðina um 12 km að Teigi, sem er að segja má minn uppeldisstaður, þá værum við ekki nema 6 daga að klára slíkt verk sem annars tæki mun lengri tíma. Ef það þarf að sanda í botn skurðar, þá er einfaldlega hengdur á tækið búnaður til að sandbera og moksturstæki fyllir á jafnóðum. Þegar upp er staðið er hagkvæmnin sem hægt er að ná með okkar búnaði mjög mikil. Ekki er þörf á eins miklum mannskap og mikill sparnaður getur verið á olíu auk þess sem mikill og dýrmætur tími getur sparast," segir Hörður.

Hægt að vinna allt árið og frosin jörð getur verið kostur

Bendir Hörður á að með þessari risasög, þá sé frosin jörð heldur ekki fyrirstaða. Því gæti jafnvel hentað betur að saga skurði að vetrarlagi þar sem fara þurfi í gegnum tún í sveitum. Frosin jörð tryggi líka lágmarks rask þegar tækinu sé keyrt yfir, en það er 27 tonn að þyngd þótt vélin sé reyndar á flotmiklum á beltum. Framkvæmdatíminn er þá heldur ekki bundinn við sumarmánuðina. Á Vestfjörðum og víðar um land, þar sem sumarið er að jafnaði styttra en á suðvesturhorninu, þá getur slík vél greinilega hentað vel. */HKr.*



VANTAR ÞIG STARFSFÓLK

Handafl er traust og fagleg starfsmannaveita með margra ára reynslu á markaði þar sem við þjónustum jafnt stór sem smá fyrirtæki.

Við útvegum hæfa starfskrafta í flestar greinar atvinnulífsins

Markmið okkar er að spara viðskiptavinum tíma, fyrirhöfn og fjármuni.

Suðurlandsbraut 6, Rvk. | Sími 419 9000

HANDAFL STARFSMANNAVEITA

info@handafl.is | handafl.is



Stiga Estate Pro 9122
Öflugur, sjálfskiptur lúxus sláttutraktór
B&S 8240 Intek mótor, þrýstismurður
Sérstyrktur sláttubúnaður
360 lítra grasuppsöfnunarkassi
Frábær traktór í brekkur og erfiðari svæði

4WD

STIGA® VETRARSÓL

Askalind 4, Kópavogi
Sími 564 1864
www.vetrarsol.is



Ferðaþjónusta er starfrækt á bænum með hestaferðir og útleigu á bústað.
Jörð 900 hektarar
Íbúðarhús - þrjú svefnherbergi
Sumarbústaður
Hesthús fyrir 17 hross
Reiðaðstaða í hlöðunni
Skjólveggur og skjólshús
Yfir 30 ára gömul skógrækt

Allar nánari upplýsingar veitir
bjorgvin@eignatorg.is
www.eignatorg.is
sími: 6151020

Einstakt tækifæri !

Dreymir þig um breyttan lífstíl ?

Höskuldsstaðir

í Breiðdalnum fagra

TIL SÖLU



www.odinsferdirislands.is



HLIÐGRINDUR - ÝMSAR STÆRÐIR

Númer	Lýsing	Verð án vsk.	Verð með vsk.
F000 2147 03	Hlið 0,91 m, 7 sláa	kr. 11.018	kr. 13.662
F000 2147 04	Hlið 1,22 m, 7 sláa	kr. 12.900	kr. 15.996
F000 2140 05	Hlið 1,52 m, 7 sláa	kr. 14.264	kr. 17.687
F000 2147 06	Hlið 1.83 m, 7 sláa	kr. 17.222	kr. 19.147
F000 2140 07	Hlið 2,13 m, 7 sláa	kr. 15.779	kr. 21.355
F000 2140 09	Hlið 2.75 m, 7 sláa	kr. 20.549	kr. 25.481
F000 2140 10	Hlið 3,05 m, 7 sláa	kr. 21.396	kr. 26.531
F000 2140 11	Hlið 3,35 m, 7 sláa	kr. 23.211	kr. 28.782
F000 2140 12	Hlið 3,66 m, 7 sláa	kr. 23.376	kr. 28.986
F000 2140 13	Hlið 3,95 m, 7 sláa	kr. 26.658	kr. 33.056
F000 2140 14	Hlið 4,27 m, 7 sláa	kr. 28.509	kr. 35.351
F000 2140 15	Hlið 4,57 m, 7 sláa	kr. 29.639	kr. 36.752
F000 2140 16	Hlið 4.88 m, 7 sláa	kr. 30.327	kr. 37.605

VB LANDBÚNAÐUR ehf. VB Agriculture ltd.

www.VBL.is

REYKJAVÍK
Krókháls 5F
110 Reykjavík
Sími: 414-0000

AKUREYRI
Baldursnes 2
603 Akureyri
Sími: 464-8600

Gámurinn er þarfaþing



Til leigu eða sölu:

- Þurrgámar
- Hitastýrðir gámar
- Geymslugámar
- Einangraðir gámar
- Fleti og tankgámar
- Gámar með hliðaropnun
- Gámahús og salernishús
- Færanleg starfsmannaðstaða
- Bos gámar og skemmur



Hafðu samband 568 0100

www.stolpigamar.is

Stólpi Gámar

Klettagörðum 5 | 104 Reykjavík | Óseyrarbraut 12 | 220 Hafnarfirði

UTAN ÚR HEIMI



Guðlaugur Þór Þórðarson, utanríkisráðherra Íslands, setti upp fyrsta Icelandic lamb-skjöldinn á Yuki Daruma, en hann var nýverið í opinberri heimsókn í Japan. Veggir veitingastaðarins eru þaktir nöfnum japanskra súmó-glímukappa.

Íslenskt lambakjöt komið á 100 veitingastaði í Japan:

Fyrsti Icelandic Lamb-skjöldurinn settur upp á veitingastað utan Íslands

Markaðsstofan Icelandic lamb hefur undanfarin misseri unnið að markaðssetningu á íslensku lambakjöti í Japan í samvinnu við kjötútflytjendur og japanska fyrirtækið Global Vision.

Fyrirtækið flytur inn ýmsar sérvörur til Japans frá Evrópu og Norður-Ameríku og selur til veitingastaða, svæðisbundinna dreifingaraðila og sérverslana. Nú þegar er íslenskt lambakjöt komið á matseðla um 100 veitingastaða og fæst auk þess í nokkrum völdum verslunum.

Helsta verkefni markaðsstofunnar Icelandic Lamb snýr að því að kynna íslenskt lambakjöt og aðrar sauðfjárafurðir fyrir erlendum ferðamönnum á Íslandi. Þegar hefur verið komið á samstarfi við um 120 veitingastaði sem setja lambakjöt í öndvegi og um 40 aðra aðila í framleiðslu, hönnun og nýsköpun. Að auki vinnur markaðsstofan að sérstökum útflutningsverkefnum.


Fyrsti formlegi samstarfsveitingastaðurinn utan Íslands

Á dögunum var skrifað undir fyrsta formlega samstarfssamning Icelandic Lamb við veitingastað utan Íslands. Samningurinn er við veitingastaðinn Yuki Daruma í Tókíó. Nafnið þýðir snjókarl en eigandi hans er fyrrum frægur súmó-glímukappi. Staðurinn er einn af vinsælustu stöðum Tókíóborgar sem bjóða upp á mongólskt grill. Staðurinn er sérstaklega þekktur fyrir það að veggirnir eru þaktir eiginhandaráritunum frægra íþróttamanna og leikara.

Guðlaugur Þór setti upp skjöld

Guðlaugur Þór Þórðarson, utanríkisráðherra Íslands, setti upp fyrsta Icelandic lamb-skjöldinn á Yuki Daruma, en hann var nýverið í opinberri heimsókn í Japan.

Fimmtán aðrir veitingastaðir hafa þegar óskað eftir að gera sambærilegan samstarfssamning og skuldbinda sig um leið til að bjóða eingöngu upp á íslenskt lambakjöt og hafa það ávallt á matseðli. Að auki verða fljótlega opnaðir þrír grillstaðir til viðbótar sem ekki munu bjóða upp á neitt annað en íslenskt lambakjöt.



MENNING & LISTIR



Bókin kemur samtímis út á íslensku og ensku.

Grasnytjabókin:

Grasnytjar á Íslandi



Höfundur Grasnytja á Íslandi er Guðrún Bjarnadóttir, stundakennari í grasafræði við Landbúnaðarháskóla Íslands, hún rekur einnig jurtalitunarvinnustofuna Hespuhúsið í Borgarfirði. Ljósmyndir í bókina tók Jóhann Óli Hilmarsson.

Út er komin bókin Grasnytjar á Íslandi, þjóðtrú og saga. Í bókinni er fjallað um villtar jurtir sem hafa verið nytjaðar á Íslandi í gegnum tíðina en meðal annars nýttu menn jurtir til fóðurs, húsbygginga, litunar og lækninga. Ýmis þjóðtrú varð til um nytjarnar en á þessum tíma skildu menn ekki efnafræðina sem lá á bak við ýmsa virkni og kenndu oft um hindurvitni og göldrum.

Fjallað er um þjóðtrú og sagnir tengdar jurtunum. Þegar landnemarnir komu til Íslands frá Noregi og Bretlandseyjum á 9. öld þurftu þeir að treysta á íslenska flóru til margra nytja. Sumt þekktu þeir frá heimahögunum en annað var nýtt fyrir þeim.

Bókin er einnig gefin út á ensku og heitir Plants of Iceland Traditional uses and folklore.

Höfundur, Guðrún Bjarnadóttir, er stundakennari í grasafræði við Landbúnaðarháskóla Íslands og rekur jurtalitunarvinnustofuna Hespuhúsið í Borgarfirði. Guðrún hefur safnað upplýsingum um grasnytjar og þjóðtrú tengda plöntum í mörg ár og nýtt við kennslu í grasafræði. Bókin er skrifuð upp úr MSc-ritgerð hennar um grasnytjar á Íslandi.

Jóhann Óli Hilmarsson hefur myndað íslenska náttúru í áratugi, meðal annars plöntur, þótt hann sé kunnastur fyrir fuglamyndirnar sínar og skrif um fugla.

Bókin er skreytt með teikningum eftir Bjarna Guðmundsson á Hvanneyri en hann er þekktur fyrir bækur sínar á sviði landbúnaðarsögu.

Langur aðdragandi

Guðrún segir að aðdragandinn að útgáfu bókarinnar sé langur. „Fyrir mörgum árum síðan spjölluðum við Jóhann Óli Hilmarsson um að gefa út barnabók saman um blóm og þjóðtrú með ljósmyndum eftir hann.

Þá starfaði ég á sumrin sem landvörður og fór með gesti í grasafræðslugöngur og fann þá áhugann á því að vita meira um tegundirnar en latnesku heitin. Þannig byrjaði ég að viða að mér upplýsingum um grasnytjar og ýmsar skemmtilegar sögur um tegundirnar sem endaði svo sem MSc-ritgerð mín við Landbúnaðarháskóla Íslands. Loksins dreif ég í því að vinna upp úr ritgerðinni þessa bók og láta þýða á ensku og ég er mjög ánægð með útkomuna. Barnabókin bíður betri tíma.

Íslenska útgáfan ætti að vekja áhuga allra í fjölskyldunni. Upphaflega voru þessar upplýsingar teknar saman til að vekja áhuga fólks á náttúrunni í kringum sig og mikilvægi hennar og ég tel að þessi bók geri það nákvæmlega.

Í MSc-ritgerðinni voru bara grasnytjarnar en hér hef ég tekið inn þjóðtrúna og skemmtilegar sögur um tegundirnar þannig að lesningin verður ekki þung grasafræði heldur mikil skemmtilesning og fróðleikur um leið.

Bjarni Guðmundsson á Hvanneyri teiknar myndir við tegundirnar sem gefur bókinni skemmtilegan svip og Jóhann Óli Hilmarsson, sem þekktur er fyrir fuglaljósmyndir sínar, á blómamyndirnar en hann hefur einnig myndað íslenska náttúru í áraraðir.

Enska útgáfan er hugsuð fyrir ferðamenn og einnig fyrir Íslendinga til gjafa fyrir vini erlendis. Ég er með jurtalitunarvinnustofuna mína opna á sumrin fyrir gesti og gangandi og margir erlendir ferðamenn fara þar í gegn og á þessum fáu dögum sem ég hef haft bókina í sölu þá hefur hún vakið mikla lukku hjá Íslendingum og erlendum gestum," segir Guðrún.

Bókin er 130 blaðsíður og 14,5X14,5 cm að stærð, harðspjalda.

Útgefendur eru Guðrún Bjarnadóttir og Jóhann Óli Hilmarsson. Tekið er á móti pöntunum í síma 865 2910 eða á netfangið hespa@hespa.is */VH*

Lyfjagras er mjólkurhleypir

„Lyfjagrasið ber ekki nafn sitt af því það hafi lækningamátt heldur er íslenska orðið lyf notað yfir mjólkurhleypi en lyfjagrasið var notað til að hleypa mjólk til skyrgerðar. Áður var kálfsmagi einnig notaður í sama tilgangi en svipuð efni eru í kálfsmaga og í blöðum lyfjagrassins sem valda því að mjólkin hleypur. Ef kýr bíta lyfjagras í haga á mjólkin það til að hlaupa í tíma og ótíma og var yfirnáttúrulegum öflum kennt um en eflaust var þó fóðrinu um að kenna. Þó að nafnið tengist ekki lækningamætti var hún notuð til að lækna júgurbólgu í kúm. Þá voru marin lyfjagrasblöð lögð upp við spenann og brennisteinsreykur látinn leika þar yfir. Jurtin var einnig soðin saman með tólg og borin á spenana.

Lyfjagras nærist á prótínum sem það fær úr flugum og smádýrum. Lyfjagrasið laðar smádýrin að jarðlægum blöðum sínum sem eru alþakin slími eða meltingarensímum sem seytast frá kirtilfrumum í yfirhúðinni. Smádýrin festast á blöðunum sem verpast saman yfir smádýrið sem meltist upp í meltingarvökvanum og næringin sogast niður í rótina. Á Íslandi eru þrjár tegundir sem nærast á prótínum, hinar eru blöðrujurt (Urticularia minor) og sóldögg (Drosera rotundifolia)."



Sindri Sigurgeirsson formaður bændasamtakana með fimmta laxinn úr Norðurá í Borgarfirði á opnunardaginn 4. Júní. Laxinn var 12 pund að þyngd. Sindri veiddi hann á Brotinu semsvo er kallað, en með honum er Einar Sigfússon umsjónamaður árinnar.
Mynd / Þorsteinn

MAST Matvælastofnun ...frá heilbrigði til hollustu


Fjárfestingastuðningur í sauðfjárrækt vegna framkvæmda 2018

Matvælastofnun hefur lokið yfirferð umsókna um fjárfestingastuðning í sauðfjárrækt vegna framkvæmda á árinu 2018.

Alls bárust 67 umsóknir, en sótt var um rafrænt á þjónustugátt Matvælastofnunar. Af þeim voru 65 umsóknir samþykktar, en 2 umsóknum var hafnað. Heildarkostnaður við fjárfestingar sauðfjárbænda vegna framkvæmda á árinu 2018 er samkvæmt samþykktum umsóknum um 448 milljónir króna. Matvælastofnun hefur til úthlutunar samkvæmt fjárlögum ársins 49.559.633 kr. Styrkhlutfall reiknast rúmlega 11% af heildarfjárfestingakostnaði, en skerða þurfti framlög hlutfallslega á allar samþykktar umsóknir í samræmi við 27. gr. reglugerðarinnar þar sem fjármunir hrökkva ekki til að greiða hámarksstyrkhlutfall sem er 20%. Í ár reiknast hæsti styrkur 4.955.963 kr. og lægsti styrkur 58.089 kr.

Um fjárfestingastuðning í sauðfjárrækt er fjallað í V. kafla reglugerðar um stuðning í sauðfjárrækt. Fjárfestingastuðningur er veittur vegna framkvæmda sem stuðla að bættum aðbúnaði sauðfjár og hagkvæmari búskaparháttum. Stuðningurinn er veittur vegna nýframkvæmda og/eða endurbóta á eldri byggingum og er að koma fyrst til úthlutunar á þessu ári eftir innleiðingu nýrra búvörusamninga.

Vogue
fyrir heimilið
bíður uppá alhliðalausn fyrir hótelherbergið eða gistiheimilið.



Vogue FYRIR HEIMILIÐ
Síðumúla 30 - Reykjavík | Sími 533 3500
Hofsbót 4 - Akureyri | Sími 462 3504

Vegna aukinnar eftirspurnar óskum við eftir bújörðum á söluskrá
Vinsamlega hafið samband við Björgvin Guðjónsson, búfræðing og löggiltan fasteignasala í síma **510-3500** og **615-1020** eða á netfangið **bjorgvin@eignatorg.is**
Eignatorg
Skipholt 50b, 105 Reykjavík



Bændablaðið Smáauglýsingar 56-30-300
Næsta blað kemur út 21. júní

UNDIRVAGNSVARAHLUTIR
Í ALLAR STÆRÐIR OG TEGUNDIR BELTAVÉLA



✔ KEÐJUR Á BELTAVÉLAR
✔ HLIÐARDRIF
✔ BELTASTREKKJARAR
✔ FRAMHJÓL
✔ RÚLLUR
✔ TANNHJÓL
✔ GÚMMÍBELTI

TerraTrack®
ASTRAK® FOR THE BEST ON EARTH™
Hýsi-Merkúr hf. | Lambhagavegur 6 | 113 Reykjavík
534 6050 | merkur@merkur.is | www.merkur.is
MERKÚR



JOHN DEERE OLÍUR
NÚNA ER RÉTTI TÍMINN TIL AÐ YFIRFARA VÉLARNAR OG TÆKIN
Hágæða vörur sem henta sérstaklega öllum John Deere dráttarvélum og einnig öllum öðrum gerðum dráttarvéla
VB LANDBÚNAÐUR ehf. VB Agriculture ltd.
www.VBL.is
REYKJAVÍK Krókháls 5F 110 Reykjavík Sími: 414-0000
AKUREYRI Baldursnes 2 603 Akureyri Sími: 464-8600

Gamli traktorinn



Barreiros – spænskar dráttarvélar

Spænski vélaframleiðandinn Barreiros Diesel S.A. var settur á laggirnar í Madrid árið 1954 af manni sem hét Eduarndo Barreiro. Fljótlega hóf fyrirtækið framleiðslu á dísilvélum í borginni Ourense í norðvesturhluta Spánar.



Framleiðslan var aukin verulega eftir að Barreiros hóf framleiðslu á vélum fyrir fólksflutninga- og vörubíla fyrir franska bifreiðaframleiðandann Berliet, hinn tveggja hæða breska AEC, þýska Hanomag sem meðal annars framleiddi dráttarvélar og hinn þýska Vidal & Sons. Seinnaframleiddi Barreiros einnig fyrir pólska vörubílaframleiðandann FSC Star sem meðal annars voru fluttir út til Kína í stórum stíl.



Dráttarvélaframleiðsla

Á nokkrum árum tókst stofnanda fyrirtækisins að gera það að stórveldi á Spáni. Samhliða því að framleiða vélar fyrir fjölda stórra bifreiðaframleiðenda hóf Barreios framleiðslu á dráttarvélum sem báru nafn fyrirtækisins.

Eduarndo Barreiro hannaði sjálfur frumgerð fyrsta traktorsins árið 1954 og árið 1958 fóru hjólin verulega að snúast þegar spænska iðnaðarráðuneytið veitti honum leyfi og stuðning til að smíða 3000 dráttarvélar. Barrieiros hóf fljótlega samstarf við þýska dráttarvélaframleiðandann Rheinstahl-Hanomag sem var gamalt og stöndugt fyrirtæki og þóttu Hanomga dráttarvélarnar öðrum fremri um miðjan sjötta áratug síðustu aldar og framleiddi um eitt hundrað þúsund dráttarvélar árið 1955.



Fyrstu Rheinstahl Hanomag Barreiros, R-350 Viñero-Frutal og R-438 Especial, litu dagsins ljós árið 1962 og sama ár voru þær til sölu í 17 löndum víðs vegar um heim.

Til að vekja athygli á framleiðslunni voru Barreiros dráttarvélarnar til sýnis á landbúnaðarsýningum víða um heim og tók þátt í margs konar samkeppnum.

Árið 1964 hófs framleiðsla á týpu sem kallaðist R-500 í Þýskalandi undir heitinu Barreiros en ári síðar var framleiðslan flutt til borgarinnar Zaragoza á Spáni.

Fjárhagserfiðleikar og yfirtaka Chrysler

Í kjölfar vaxandi velgengni á miðum og í lok sjötta áratugar tuttugustu aldarinnar færði Barreiros út kvíarnar og keypti upp ýmsa minni vélaframleiðendur og jók framleiðslu sína á ýmsum sviðum.

Þensla fyrirtækisins átti eftir að draga dilk á eftir sér því árið 1967 stóð Barreiros frammi fyrir alvarlegum fjárhagserfiðleikum. Skuldir fyrirtækisins jukust hratt áður en að bandarískt framleiðandinn Chrysler steig inn og keypti upp skuldir þess og eignaðist þar með stóran hluta í Barreiros.

Tilkoma Chrysler hleypti nýju lífi í dráttarvélaframleiðslu Barreiros á Spáni sem náði hámarki árið 1968.

Sama ár setti fyrirtækið á markað týpu sem fékk heitið



Barreiros 4000 og árið eftir 5000, 5500 og 7000 týpurnar sem buðu upp á alls konar tækninýjungar hvað varðaði gírskiptingu, afl og hemlakerfi.

Árið 1970 var nafni fyrirtækisins breytt í Chrysler Barreiros og 1971 hafði heildarframleiðsla Barreiros á dráttarvélum frá upphafi náð 40.000 eintökum.

Hallar undan fæti

Undir lok sjöunda áratugs síðustu aldar fór að halla undan fæti hjá fyrirtækinu vegna þess að það náði ekki að halda í nýjustu tækninýjungar. Á þeim tíma reyndi það fyrir sér í framleiðslu á smátraktorum, meðal annars fyrir vínberjaframleiðendur.

Árið 1979 seldi Chrysler sinn hluta í fyrirtækinu til Peugeot og nýju eigendurnir hættu framleiðslu á Barreiros dráttarvélum árið 1980.

/VH

UTAN ÚR HEIMI



Á smökkunartilraunastofunni var á dögunum gerð tilraun með bragð og gæði á mismunandi kaffitegundum.

The Future Consumer Lab (FCL) við Kaupmannahafnarháskóla:

Prófar og rannsakar framtíðarneytandann

The Future Consumer Lab (FCL) við Kaupmannahafnarháskóla notar nýjustu tækni til að greina hvernig við neytum matar. Einn rannsóknarhlutinn snýr að því að skilja hvernig og af hverju fólk velur sér ákveðnar vörutegundir þegar kemur að matvælum ásamt því að finna upp leiðir til að hjálpa fólki að velja á heilbrigðari hátt.

Að sögn Wender Bredie, prófessors og guðföður rannsóknarstofunnar, snýr allt starfið að því að vinna í nafni betri matarvenja.

„Yfirleitt eru þetta tveir aðskildir þættir þar sem maður hefur hin klassísku matvælavísindi þar sem litið er á næringargildi hráefna en á hinn veginn er það könnun á hegðun neytenda sem snýst um val og venjur. Með starfinu hérna erum við að færa þetta tvennt saman þannig að við getum séð og áttað okkur á stóru myndinni," segir Wender Bredie prófessor, sem stýrir tilraunastofunni.

Þróun á nýjum vörum

Wender segir þetta heita Framtíðarneytenda-tilraunastofuna vegna þess að fólk sé miðdepill í vinnunni og að horft sé til framtíðar með starfinu. Eitt af því sem hægt sé að gera á tilraunastofunni sé að hjálpa matvælaiðnaðinum að þróa nýjar vörur sem mæta þörfum fólks.

„Þannig getur bæði bragð á matvælum og umbúðir þeirra haft áhrif á hversu mikið er neytt af þeim. Í lífeðlisfræðitilraunastofunni er þetta kannað. Í athugunartilraunastofunni er hægt að stýra hitastigi allt frá því að vera kæliherbergi og yfir í frumskógarhita. Með því að stýra hitastiginu og beina myndavélum að viðfangsefni í herberginu er hægt að fylgjast með hversu mikið viðkomandi borðar og hvernig matarins er neytt við ákveðin hitastig," segir Wender og bætir við:

„Bragðtilraunastofan gerir vísindamönnunum kleift að einangra þúsundir efnasambanda ákveðinna fæðutegunda og læra á þann hátt hverjum af þeim mannfólkið er viðkvæmt fyrir. Í uppgerðartilraunastofunni gera sýndarveruleikahöfuðtól vísindamönnum kleift að fara með þátttakendum á finan veitingastað eða jafnvel á ströndina og þá geta þeir dæmt áhrif mismunandi umhverfisaðstæðna á matarlyst."

Hvað gefur matvælum bragð?

Það er svolítið eins og að koma inn í kvikmynd byggða á vísindaskáldsögu að koma inn á tilraunastofurnar sjö hjá FCL þar sem allir veggir eru hvítir, gólfin og loftin eru einnig hvít, ásamt hvítum borðum og stólum og starfsfólkið klæðist hvítum sloppum.



Athugun á skynjun neytenda á lykt á sér stað hér í einu tilraunaherberginu.



Wender Bredie, prófessor og umsjónarmaður Framtíðarneytenda-tilraunastofunnar við Kaupmannahafnarháskóla, hafði gengið með hugmyndina í maganum í tíu ár að stofnun hennar áður en hún varð að veruleika.

„Við byrjuðum með skynjunartilraunastofu en uppgötvuðum fljótt að mat neytenda á matvælum og að skilja samþykkishegðun er nauðsynlegur hluti af nútíma matvælavísindum og næringu. Þegar kemur að matvælavísindum fundum við út að stundum er áherslan of mikið á tæknihluta matvælahönnunar og að skilja meginreglur efnafræðinnar. Á sama tíma er áherslan í næringarhlutanum oft á það að skilja næringu matvæla og hvernig fólk bregst við því. Samverkun milli matar og neytenda er oft vanrækt eða gefinn lítill gaumur á þessu sviði," segir Wender og bætir við:


„Þess vegna ákváðum við fyrir nokkrum árum að uppfæra skynjunartilraunastofurnar til að rannsaka samhengi og hvernig það hefur áhrif á virðingu fyrir matvælum og einnig inntöku, athugunarrannsóknarstofu til að rannsaka matarhegðun bæði þegar matarins er neytt og við matarval fólks. Enn fremur getum við tengt þessar tilraunastofur við matarfræðitilraunastofuna þar sem nemendur geta undirbúið gerð nýrra matvæla. Einnig vildum við hafa bragðgreiningartilraunastofuna vegna þess að skilningur á efnisþáttum sem leiða að bragði á mat er mikilvægt til að skilja fyrirbærið sem gefur matvælum bragð."

Sýndarveruleiki og þrívíddarheimur

Kjarninn í starfseminni er að skilja framtíðarneytandann en á sama tíma að þróa aðferðir og tæki til notkunar í tilraunastofunum.

„Þetta er búið að vera stöðugt í huga mér síðasta áratuginn og ég hef mikinn metnað í að gera þetta árangursríkt. Það er skylda mín að tengja saman tilraunastofurnar og að passa upp á að rannsakendurnir hafi ekki of þröngan fókus í sínum störfum. Núna eru 25 manns að störfum hér í mismunandi verkefnum og nú þegar er að sjást áhugaverður árangur af starfinu hér," útskýrir Wender og segir jafnframt:

„Það er nú þegar búið að framkvæma margar rannsóknir á tilraunastofunum og núna erum við til dæmis að kynna tilraun um sýndarveruleika en grein um hana verður virt í vísindatímariti síðar í þessum mánuði. Þetta fjallar um hvernig sýndarveruleiki getur örvað löngun eftir mat og hvort það sé betra en löngun eftir mat sem skapað er með því að hugsa um svipaðar aðstæður. Í rannsókninni skoðuðum við heita og kalda drykki og hvernig



Á lífeðlisfræðitilraunastofunni er meðal annars hægt að rannsaka hvernig bæði bragð á matvælum og umbúðir þeirra geta haft áhrif á hversu mikið er neytt af þeim.

löngun var í þá á strönd sem var ýmist þrívíddarmynd með hljóðum eða í ímynduðum aðstæðum, þar sem fólk hugsaði um að það væri á strönd. Niðurstöðurnar voru þær að sýndarveruleikinn gefur raunhæfa tilfinningu fyrir því að viðkomandi sé á ströndinni og skapar einnig betri andstæður milli þess að langa í heitan eða kaldan drykk frekar en einungis að hugsa um að maður sé á strönd eða að horfa á mynd af strönd. Önnur rannsókn snýr að því að mæla dálæti eldra fólks á matvælum með hjálp sýndarveruleika þar sem unnið var með prótínríkt rúgbrauð og tvær aðstæður, annars vegar að vera í kvikmyndahúsi og hins vegar á notalegum veitingastað. Unnið er að fleiri tilraunum og við munum leggja okkur fram um að koma niðurstöðum jafnóðum til almennings ásamt því að kynna þær í vísindatímaritum.“ */ehg*

EINBÝLISHÚS Á HELLU



Til sölu er 50,5 fm einbýlishús við Seltún 4 á Hellu. Húsið er byggt úr timbri árið 1983 og klætt að utan með röstuðum krossviði.

Eignin telur anddyri, gang, baðherbergi, svefnherbergi, sambyggða stofu og eldhús, þvottahús og geymslu. Stór timburverönd er við húsið.

Verð 15.500.000 kr. Mögulegt að taka hjólhýsi upp í.

Nánari upplýsingar og myndir á www.fannberg.is og á skrifstofu.

Fannberg Fasteignasala

FANNBERG FASTEIGNASALA EHF.
Guðmundur Einarsson, lögg. fasteignasali
Sími: 487 5028

HLJÓÐDEYFAR



NIELSEN SONIC

SONIC
Hljódeyfar í úrvali
fyrir flest caliber

Vesturröst
Sérverslun veiðimanna - Laugavegi 178 - sími 551 6770 - www.vesturrost.is



Euro rammi
GW1980
Verð kr. 39.310 + vsk.

ÁSUÐUFESTINGASETT
EURO RAMMI - BAGGASPJÓT

Baggaspjót 1250mm
GW4042A
Verð kr. 15.533 + vsk.



Ásuðufestingasett
Euro á plötu
GW1987
Verð kr. 11.413 + vsk.

VB LANDBÚNAÐUR ehf. VB Agriculture ltd.
www.VBL.is
REYKJAVÍK
Krókháls 5F
110 Reykjavík
Sími: 414-0000
AKUREYRI
Baldursnes 2
603 Akureyri
Sími: 464-8600



HELSTU NYTJAJURTIR HEIMSINS



Fram undir miðja síðustu öld var kókosolía vinsælasta og mest notaða jurtaolía í heimi og meðal annars notuð í smjörlíki.

Kókospálmar eru tré lífs og dauða

Vilmundur Hansen
vilmundur@bondi.is

Kókospálmar eru til margs nytsamlegir og stundum kallaðir tré lífsins. Auk þess sem kókoshnetur eru hluti af daglegri fæðu milljóna manna er plantan nýtt til húsbyggingar, til að búa til nytjahluti og listmuni. Fjöldi manna deyr á hverju ári þegar það verður fyrir kókoshnetu sem fellur af kókospálmum.

Heimsframleiðsla á kókoshnetum hefur aukist úr 51 milljón tonna aldamóta árið 2000 í um 60 milljón frá 2007. Samkvæmt áætlun FAOSTAD var heimsframleiðsla á kókoshnetum árið 2016 rétt rúm 59 milljón tonn en mest var hún árið 2013, rúm 62 milljón tonn.

Kókospálmar eru ræktaðir til framleiðslu á kókoshnetum í um 90 löndum. Indónesía er stærsti ræktandi kókoshneta í heiminum og framleiðir um 18,3 milljónir tonna á ári. Filippseyjar eru í öðru sæti og framleiða rúm 15, 3 milljónir tonna, í þriðja sæti er Indland með framleiðslu upp á tæp 12 milljón tonn. Í fjórða sæti er Brasilía með tæp 2,9 milljón tonn og í fimmta er Srí Lanka sem framleiðir rúmar 2,5 milljónir tonna af kókoshnetum á ári.

Löndin þrjú sem rækta mest af kókoshnetum flytja einnig mest út af þeim. Kína, Malasía, Taíland, Bandaríki Norður-Ameríku, Evrópusambandið sem heild og Sameinuðu arabísku furstadæmin eru aftur á móti þau lönd sem mest flytja inn af kókoshnetum.

Aftur á móti flytja lönd Evrópusambandsins, Bandaríki Norður-Ameríku, Kína, Malasía og Kína mest inn af kókosolíu.

Samkvæmt upplýsingum á vef Hagstofu Íslands voru flutt inn rétt rúm 27,8 tonn af heilum kókoshnetum árið 2017. Mestur var innflutningurinn frá Indónesíu 11,8 tonn, Taílandi rúm 5,8 tonn, Fílabeinsströndinni rúm 5,6 tonn og Bandaríkjum Norður-Ameríku rétt rúm tvö tonn.



Kókospálmi á Srí Lanka, sem er fimmti stærsti framleiðandi kókoshneta í heiminum. Mynd / VH

Innflutningur á hrárri kókoshnetuolíu til matvælaframleiðslu var rúm 53 tonn, mest frá Srí Lanka, rúm 18,4 tonn og Bretlandseyjum, rúm 13,5 tonn. Af því sem kallast önnur hrá kókosolía voru flutt inn rúm 16,3 tonn árið 2017 og þar af 15,1 tonn frá Ítalíu.

Alls gera þetta um 96 tonn af kókosnetum og kókoshnetuafurðum fyrir utan það magn sem er flutt inn í tilbúinni matvöru, drykkjum, sælgæti og snyrtivörum svo dæmi séu tekin.

Eina tegundin í ættkvíslinni Cocos

Kókospálmar, Cocos nucifer, eru af pálmaætt og eina tegundin innan ættkvíslarinnar Cocos. Þeir eru sígrænir og geta orðið allt að 30 metrar að hæð þrátt fyrir að trefjaríkur stofninn sé sjaldnast meira en 30 sentímetrar að þvermáli.

Afbrigði í ræktun eru yfirleitt lægri og til er dvergvaxið afbrigði kókospálma sem er vinsæl skraut- og stofuplanta.

Vaxtarbroddur kókospálma er á toppi þeirra og þar vaxa 25 til 35 margskipt blöð, á löngum blaðstilkum, sem eru fjórir til sex metrar að lengd og allt að tíu kíló að þyngd. Eldri blöð detta af eftir því sem plantan hækkar og er stofninn hrufóttur og blaðlaus nánast upp í topp.

Plantan hefur öflugar trefjarætur sem eru án rótarhára og ná nokkrar þeirra allt að fimm metra niður og halda trénu stöðugu. Rætur sem liggja ofarlega í jarðveginum ná sjaldnast út fyrir ystu blaðenda. Þær eru yfirleitt innan við 75 millimetrar að ummáli og halda sama ummáli frá stofni út í rótarenda.

Nýjar rætur vaxa frá stofni kókospálma svo lengi sem tré lifir og hafa talningar sýnt að 70 ár gömul tré geta hafa myndað 3600 rætur.

Kókospálmar bera þúsundir smárra blóma í stórum blómklösum sem hanga niður úr blaðhvirfingunni. Blómgun á sér stað á öllum árstímum. Plantan er tvíkynja en fræflar og frævur hvort í sínu blóminu. Kvenblómin eru töluvert stærri en karlblómin sem aftur á móti eru mun fleiri. Plantan er vind- og sjálffrjóvgandi en þar sem karl- og kvenblóm á sama tré opnast sjaldan á sama tíma er yfirleitt um frjóvgun milli nálægra einstaklinga að ræða. Vegna fjölda blóma er jörðin þakin krónublöðum eftir frjóvgun og blómfall.

Kókoshnetur eru samkvæmt skilgreiningu grasafræðinnar steinaldin sem geta fullvaxið vegið allt að 1,5 kíló. Aldinið skiptist í þrjá hluta, fræskurn, fræhvítu og kími. Að utan er aldinið, sem er slétt, þakið trefjalagi.

Innan í aldininu er fræhvítan, hinn eiginlegi kókos, og innan við hana er holrúm með vökva sem kallast kókosmjólk.

Þrátt fyrir að stofnar kókospálma halli iðulega undan ríkjandi vindátt sveiflast stofninn sjaldnast til að nokkru ráði, ekki einu sinni í fárviðrum, þrátt fyrir að blöðin sláist hressilega til.

Kjöraðstæður villtra kókospálma er í sendnum jarðvegi og þeir þola vel saltrík sjávarloft. Þeir kjósa mikla sól,



Innfæddur á Srí Lanka uppi í pálma að sækja kókoshnetu. Mynd / VH

reglulega úrkomu, milli 1500 og 2000 millimetra á ári, og loftraka milli 70 og 80%. Kjörhitastig á sumrin er um 32° á Celsíus en þeir geta lifað af við 4° Celsíus en þola ekki frost.

Það tekur kókospálma í góðri ræktun sex til tíu ár að gefa af sér aldin og 15 til 20 ár að ná hámarksuppskeru sem er um 75 aldin á ári.

Umdeildur uppruni

Elstu steingervingar kókoshneta eru um 45 milljón ára gamlir og hafa fundist bæði í Ástralíu og á Indlandi. Elsti steingervingur af aldini pálma, Nypa fruticans, sem fundist hefur fannst aftur á mót í Suður-Ameríku.

Þrátt fyrir fjölmargar tilgátur er ekki vitað með vissu um hvar uppruni kókospálma er. Almennt

hefur verið talið að plantan hafi, sem fræ, dreifst með hafstraumum frá Indlandi eða Indónesíu. Svipuð nöfn á aldininu, niu og niyog, í Pólinesíu og Melanesíu benda til að sæfarendur hafi einnig flutt með sér aldin milli eyja og landsvæða.

Samkvæmt annarri tilgátu er uppruna kókospálmans að leita í Suður-Ameríku og borist þaðan með sæfarendum fornaldar á reyrbátum vestur yfir Suður-Kyrrahafið til eyja í Eyjaálfunni. Norðmaðurinn Thor Heyerdalh sýndi fram á að slíkar siglingar væru mögulegar árið 1947 þegar hann sigld ásamt áhöfn á reyrbáti frá Suður-Ameríku yfir Kyrrahafið til Pólinesíu.

Kókoshnetur hafa fundist á floti í sjónum víða um heim og meðal annars við odda Suður-Afríku og í Norður-Atlantshafi við strönd Noregs þrátt fyrir að ekki sé vitað hvaðan sú hneta lenti í hafinu.

Hvort sem uppruni kókospálma er í Suður-Ameríku, Eyjaálfunni eða löndunum við Indlandshaf og hvort sem þeir hafa borist með hafstraumum eða mönnum er ljóst að plantan hefur ekki borist af sjálfsdáðum langt inn á land. Mannshöndin hefur þar komið að og valið plönturnar sem gáfu stærstu og bestu aldinin til áframræktunar.

Í dag þekkjast fjölmörg afbrigði og staðbrigði kókospálma sem bera misstór aldin með ólíka lögun og misþykka skel. Kókoshnetur af afbrigðum sem hafa verið lengi í ræktun fljóta ver en aldin af villtum kókopálmum vegna þess að lögun þeirra hefur breyst.

Saga


Ein elsta ritaða heimild um kókospálma er að finna í sögunni um Simbað sæfara í Þúsund og einni nótt. Þar er sagt frá því að Simbað versli með kókoshnetur í fimmtu sjóferð sinni.



Kókospálmar eru saltþolnir og stofninn hallast iðulega undan ríkjandi vindátt. Mynd / VH.



Aldinið skiptist í þrjá hluta, fræskurn, fræhvítu og kími. Að utan er aldinið, sem er slétt, þakið trefjalagi.



Gríski kaupmaðurinn, munkurinn og kortagerðarmaðurinn Cosmos frá Alexandríu teiknaði kókospálma inn á kort árið 545.

Gríski kaupmaðurinn, munkurinn og kortagerðarmaðurinn Cosmos frá Alexandríu teiknaði kókospálma inn á kort árið 545. Kortið kallast Topographia Chriatiania og átti að sýna heimsmynd kristinna manna.

Markó Póló komst í kynni við kókoshnetur á Indlandi og eyjunni Súmötru árið 1280 og kallar þær indverskar hnetur, sem er þýðing á arabíska heitinu jawz hindi, í ferðabók sinni. Ítalski ferðalangurinn Ludovico di Varthema kallaði kókoshnetur thenga, nafn aldinsins á tungumáli Tamíla á Srí Lanka og suðurhluta Indlands, í ferðabók sinni Itinerario og aftur í Hortus Indicus Malabaricuc en sú bók er fyrsta prentaða heimildin um gróðurfar í Asíu og hitabeltinu og kom út 1510.

Antonio Pigafetta, aðstoðarmaður og ritari Fernando de Magellan hófu fyrstir siglingu kringum hnöttinn en Magellan lést á leiðinni. Pigafetta lauk aftur á móti leiðangrinum og sagði síðar í riti, 1521, frá kókosaldinum sem hann kynntist á Filippseyjum og hann kallaði cocho. Hann segir meðal annars frá því að innfæddir borði aldinið og smyrji líkama sinn og hár með kókosolíu.

Nytjar

Kókospálmar eru stundum kallaðir lífsins tré vegna þeirra nytja sem hafa má af plöntunni enda allir hlutar hennar nýttir.

Trefjar utan af aldininu eru nýttar til að vefa mottur, í pensla, snæri og kaðla. Laufblöðin eru nýtt sem sópar, ofin í körfur, sem þakefni á byggingar og sem refsivöndur fyrir fanga.

Kókospálmi í fellibyl.

Klassísk kókosbolla.

Stofnar trjánna eru byggingarefni í brýr, báta, hús og húsgögn. Soðnar rætur kókostrjáa eru notaðar sem litaefni, munnskol og lyf gegn niðurgangi. Ferskt rótarsoð er sagt gott til að bursta tennurnar með.

Víða í Asíu og Mið-Austurlöndunum eru skeljarnar brenndar sem eldiviður eða smíðuð úr þeim hljóðfæri. Margir muna eflaust eftir sprenghlægilegu atriði úr Monty Python and the Holy Grail þar sem kókoshnetuskeljum er slegið saman til að líkja eftir hófaslætti hests og rökræðunum um kókoshnetur í kjölfarið.

Skeljarnar eru notaðar sem skálar og matarílát eða sem blómapottar í hitabeltinu til að ala upp smáplöntur fyrir útplöntum. Á Havaíeyjum eru búnar til tölur úr skeljunum sem engin havaískyrta með sjálfsvirðingu má vera án.

Ferskur blaðkrans kókospálma kallast pálmakál og er það sagt hinn besti matur og bragðast líkt og hnetur.

Aldinin eru einnig nýtt til lækninga og sögð góð við margs konar meinum eins og ógleði, útbrotum, harðlífi og hitasótt. Auk þess sem aldinmjölið er sagt græðandi og gott við þembu og augnmeinum. Brenndar og muldar kókoshnetuskeljar eru bæði í senn sagðar kynörvandi og stinnandi auk þess sem sagt er að gott sé að smyrja slátrið með kókosolíu og kókosmjöli



Gríski kaupmaðurinn, munkurinn og kortagerðamaðurinn Cosmos frá Alexandríu teiknaði kókospálma inn á kort árið 545.

til að herða það. Á Indónesíu er sagt að sé skeljamulningur drukkinn með víni lækni hann sýfilis og á Indlandi er soðið te úr blómunum til að stilla tíðir kvenna.

Í sumum löndum eru sérþjálfaðir apar notaðir til að losa kókoshneturnar af trjánum við uppskeru.

Nafnaspeki

Uppruna kókoshnetuheitisins má rekja til spænskra og portúgalskra sjófarenda á 16. og 17. öld sem töldu aldinið líkjast draugshöfði og kölluðu það coco sem er meðal annarra merkinga heiti á draug eða norn í portúgalskri þjóðtrú.

Tegundaheitið nucifera á latnesku þýðir planta sem ber hnetu.

Kókospálma afurðir til matargerðar

Kókoshnetur eru hluti af daglegri fæðu milljóna manna í hitabeltinu. Úr aldininu er unninn kókos, kókosolía



Viðvörunarskilti á Havaíeyjum sem varar við hættunni á kókoshnetum sem falla úr pálmatrjám.

og kókosmjólk. Úr stofninum er tapaður kókossafi og kókosvín bruggað úr honum og í seinni tíð er hann notaður í orkudrykki.

Fram undir miðja síðustu öld var kókosolía vinsælasta og mest notaða jurtaolía í heimi og meðal annars notuð í smjörlíki. Sagt er að gott sé að bursta tennurnar með kókos til að gera þær hvítar.

Kókosolía er enn notuð sem steikingarfeiti og fræhvítan, hinn eiginlegi kókos, í bakstur og matargerð og hver man ekki eftir lokkandi kókósbollum, gómsætum kókoskúlum eða kókosbragðinu af Bounty súkkulaði? Þurrkaður kókos er notaður til brauðgerðar og úr því búnar til kókosflögur.

Fersk kókosmjólk beint úr skelinni er verulega drífandi og mæli ég ekki með að drekka hana fyrir langferð eins og ég gerði á ferðalagi um Srí Lanka.

Trúarbrögð og goðsögur

Sé horft á kókoshnetu sjást á þeim þrír blettir sem gera það að verkum að þær líkjast apa- eða barnsandliti. Hneturnar voru því notaðar til að blekkja guðina, sem sumir eru talsvert vitlausir, við fórnarathafnir og í stað þess að fórna börnum eða öpum var fórnað kókoshnetu. Dæmi um slíkt eru sagðar vera fórnir til Bhadrakali, eiginkonu æðstaguðsins Kalí.

Kókoshnetur gegna veigamiklu hlutverki í helgisiðum hindúa og þær iðulega skreyttar með skrautpappír sem tákn um gæfu. Á Indlandi er kókoshnetum kastað í hafið sem fórn til að milda anda monsúnvindanna og á fyrsta fulla tungli í lok monsúntímabilsins er kókoshnetum fórnað til heiðustu guðum Hindúa. Auk þess sem indverskir fiskimenn kasta kókosskeljum í sjóinn við upphaf vertíða til að auka líkurnar á góðu fiskiríi.

Við bænahald eru kókoshnetur iðulega brotnar til að leggja áherslu á hita bænarinnar og blóm kókospálma eru ómisandi við brúðkaup.

Þekkt er meðal múslima að kasta aftur fyrir axlir sér kókosmylsnu til að hrekja burt illa anda.

Ilokanó-fólkið á einni norðureyja Filippseyjaklasans hefur fyrir sið að færa forfeðrunum kókosskeljar sem fylltar eru með hrísgrjónum og eggjum á altari til að lina hungur hinna framliðnu.

Ef marka má goðsögn Yoruba-fólksins í Afríku spratt fyrsti kókospálminn upp þar sem líkami góðviljaðrar og hjartahreinnar manneskju var lögð til hinstu hvíldar.

Dauði af völdum kókoshnetu

Samkvæmt vinsælli flökkusögn slasast fleiri og látast á hverju ári af því að verða fyrir fallandi kókoshnetu en slasast eða látast vegna árásar hákarla. Sögnin fékk byr undir báða vængi árið 2002 þegar birt var samantekt þar sem fullyrt var að árið áður hefðu 150 manns látist af höfuðmeiðslum eftir að hafa orðið fyrir fallandi kókoshnetu en 5 af völdum árása hákarla.

Víða er því haldið fram að kókoshneturnar falli af trjánum ef illur andi flýgur yfir þau.

Fyrsta skráða dæmið um dauða af völdum fallandi kókoshnetu er frá 1777 og segir frá því að Tetui konungur á Cook-eyju hafi lést eftir að hafa fengið kókoshnetu í skallann. Árið 1833 er talið að fjórar manneskjur á Srí Lanka hafi orðið undir fallandi kókoshnetum og látist. Nokkur dæmi eru um að innfæddir og ferðafólk á eyjum í Kyrrahafinu hafi látist af völdum fallandi kókoshneta og að minnsta kosti eitt dæmi er um að api í tré hafi kastað kókoshnetu í höfuðið á manni með þeim afleiðingum að maðurinn lést.

Ekki er nóg með að kókoshnetur hafi valdið dauða fólks með því að falla af trjám. Samkvæmt frétt í Newsweek frá þriðja áratug síðustu aldra lést indverskur skólapiltur eftir að hafa snert töfrakókoshnetu. Málsatvik eru á þá leið að barnaskólakennari vildi komast að því hvert barnanna í bekknum sem hann kenndi hafði tekið bók í óleyfi. Kennarinn sagði börnunum að þau ættu að snerta kókoshnetu sem búið var að mála á guðleg tákn og að sá sem tekið hefði bókina mundi upplifa reiði guðs. Einn nemendanna, drengur, neitaði að snerta aldinið en var neyddur til þess. Skömmu síðar var hann með óráði vegna hitasóttar og lést á innan við klukkustund.

Árið 1997 féll starfsmaður í kókoshnetuolíu-átöppunar-verksmiðju í Úkraínu ofan í olíugeymslutankinn og drukknaði.

Í Kyrrahafsstríði seinni heimsstyrjaldarinnar áttu Japanir það til að koma handsprengjum fyrir í kókoshnetum, fylla þær síðan með sýru og innsigla með vaxi til að gera sprengjuáhrifin enn skelfilegri.

Af öllum þeim sögum sem segja frá dauða af völdum kókoshnetu er líklega sú vandræðalegasta af manni sem barði skammbyssuskefti í kókoshnetuna til að brjóta hana. Skammbyssan, sem var hlaðin, hljóp af við höggið og manngreyið lést af völdum skotsárs.

Kókoshnetur á Íslandi

Lítið fer fyrir kókoshnetum í íslenskum blöðum framan af síðustu öld og það er ekki fyrr en á síðustu áratugum að þær verða fáanlegar í verslunum.

Í Tímaritinu Norðurljósið frá 1962 er þýðing á æviágripi sem kallast Ég var Hindúi og er frásögn manns sem féll af forfeðratrúnni og fór á skeljarnar fyrir framan krossinn. „Það var algengt meðal fólks míns, að hver fjölskylda eða þorp hefði sinn sérstaka uppáhalds guð eða gyðju. Okkar var nefndur Malayallan Swami. Arfsögn hermdi, að hann hefði komið frá Malabar á suðvesturströnd Indlands. Hann settist að í þorpinu okkar, og var haldið, að hann hefði bjargað fólkinu okkar frá sjúkdómum og ógæfu. Hof hans er ekki langt frá þorpinu okkar. Það er fögur bygging eftir stíl og erfðavenju indverskrar menningar. Þar er hundruðum hænsna og geita fórnað, þúsundum kókoshneta og mörgum flöskum af rommi á ýmsum tímum ársins.“

TÆKNI & VÍSINDI

Nýsköpunarkeppni grunnskólanna 2018:

Flugvéladekkjaskeið, sturtuhandklæðaskápur og hjálmalás skoruðu hæst

Nýsköpunarkeppni grunnskólanna (NKG) var haldin í Háskólanum í Reykjavík laugardaginn 26. maí. Þetta er keppni í nýsköpun fyrir 5.–7. bekk grunnskólanna en keppnin var haldin í fyrsta skipti árið 1991 og er nú haldin í 28. sinn. Yfir 1.200 hugmyndir, frá 38 skólum víðs vegar að af landinu, bárust að þessu sinni.

Dómnefnd valdi 26 hugmyndir, sem 40 nemendur standa að baki, í vinnusmiðjuna, þ.e. úrslitakeppni NKG 2018, sem fór fram í Háskólanum í Reykjavík, dagana 24. og 25. maí.

Þrjár hugmyndir verðlaunaðar

Þrjár hugmyndir skoruðu hæst í nýsköpunarkeppninni og voru aðalvinningshafar eftirfarandi:

Fyrsta sæti

Guðjón Guðmundsson og Sölvi Páll Guðmundsson í Rimaskóla, með hugmynd sína flugvéladekkjaskeið, en það er vindskeið sem sett er á flugvéladekk, svo þau fara að snúast fyrir lendingu. Viðurkenninguna fá þeir fyrir nýsköpun, raunsæi og útfærslu hugmyndar ásamt dugnaði og eljusemi í vinnustofu. Verðlaun: Acer Swift 3 SF314 14" fartölva að verðmæti 120 þús., í boði ELKO

Annað sæti

Jóakim Uni Arnaldsson í Vesturbæjarskóla, með hugmynd sína Sturtuhandklæðaskápur, en það er lítill skápur til að geyma handklæði, síma o.fl. í sturtuklefunum sjálfum. Viðurkenninguna fær hann fyrir nýsköpun, raunsæi og útfærslu hugmyndar ásamt dugnaði og eljusemi í vinnustofu. Verðlaun: Samsung A8 farsími að verðmæti 70.000 kr. í boði ELKO

Þriðja sæti

Salka Nóa Ármannsdóttir í Vesturbæjarskóla, með hugmynd sína Hjálmalás, en það er hjólreiðahjálmur sem hægt er að nota til að læsa reiðhjólinu. Viðurkenninguna fær hún fyrir nýsköpun, raunsæi og útfærslu hugmyndar ásamt dugnaði og eljusemi í vinnustofu. Verðlaun: Samsung J5 farsími að verðmæti 35.000 kr. í boði ELKO

Sigurvegarar í vinningsflokkum NKG

Fjármálabikar Arion banka:
Saga Líf Ágústdóttir og Ásdís Ósk Brynjarsdóttir í Grunnskólanum á Ísafirði sem hljóta „viðurkenningu fyrir bestu fjármálalausnina" með hugmynd sína Vasapeningar. Verðlaun: Samsung J5 farsími í boði ELKO.

Tæknibikar Pauls Jóhannssonar:
Trausti Helgi Atlason og Trausti Ingólfsson í Varmahlíðarskóla í Skagafirði hljóta viðurkenningu fyrir framúrskarandi tæknilega útfærslu með hugmynd sína Rúlluendastimpill. Verðlaun: Samsung J5 farsími að verðmæti 35.000 kr. í boði ELKO.

Samfélagsbikar NKG:
Sunneva Dís Freysdóttir og Lilja Petrea Líndal í Brekkubæjarskóla hljóta viðurkenningu fyrir framúrskarandi samfélagslega nýsköpun með hugmynd sína Lestrarhjálp. Verðlaun: Samsung J5 farsími að verðmæti 35.000 kr. í boði ELKO.

Forritunarbikar NKG:
Ylfa Sól Þorsteinsdóttir í Foldaskóla hlýtur viðurkenningu fyrir framúrskarandi nýsköpun þar sem forritunar er þörf með hugmynd sína Fjölskyldutími. Verðlaun: Samsung J5 farsími að verðmæti 35.000 kr. í boði ELKO.

Hönnunarbikar NKG:
Katrín Angela Jónsdóttir í Laugalækjarskóla hlýtur viðurkenningu fyrir framúrskarandi hönnun með hugmynd sína Kúlukoddar. Verðlaun: Samsung J5 farsími að verðmæti 35.000 kr. í boði ELKO.

Örforritun Kóðans:
Vignir Gauti Guðjónsson og Björn Darri Ásmundsson í Brekkubæjarskóla, sem hljóta viðurkenningu fyrir framúrskarandi tæknilega nýsköpun þar sem forritunar er þörf, með hugmynd sína Svefnvaki.



Þátttakendur í Nýsköpunarkeppni grunnskólanna 2018.



Guðjón Guðmundsson og Sölvi Páll Guðmundsson í Rimaskóla, með hugmynd sína flugvéladekkjaskeið.



Salka Nóa Ármannsdóttir í Vesturbæjarskóla, með hugmynd sína Hjálmalás.



Jóakim Uni Arnaldsson í Vesturbæjarskóla, með hugmynd sína Sturtuhandklæðaskáp.



Sunneva Dís Freysdóttir og Lilja Petrea Líndal í Brekkubæjarskóla með hugmynd sína Lestrarhjálp.



Katrín Angela Jónsdóttir í Laugalækjarskóla með hugmynd sína Kúlukodda.



Freyja Gísladóttir og Telma Rut Þorsteinsdóttir í Grunnskóla Reyðarfjarðar með hugmynd sína Plastleysari.



Saga Líf Ágústdóttir og Ásdís Ósk Brynjarsdóttir í Grunnskólanum á Ísafirði með hugmynd sína Vasapeningar.


Umhverfisverðlaun Einkaleyfisstofu:
Freyja Gísladóttir og Telma Rut Þorsteinsdóttir í Grunnskóla Reyðarfjarðar, sem hljóta viðurkenningu fyrir framúrskarandi nýsköpun á sviði umhverfismála með hugmynd sína Plastleysari.

Fengu gjafabréf frá Fab lab

Eftirfarandi fá viðurkenningarskjal fyrir að komast í úrslit Nýsköpunarkeppninnar ásamt gjafabréfi í FAB LAB að verðmæti allt að 50.000 kr. Um er að ræða tveggja daga ferð í Fab Lab smiðju Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands í Vestmannaeyjum. Innifalið eru ferðir með Herjólfi, kennsla, efni, matur og gisting:

Kristófer H. Kjartansson í Hofsstaðaskóla með hugmynd sína Regnshaldir (kápa).
Ásdís Ólafsdóttir í Hofstaðaskóla með hugmynd sína Langur sópur.
Katrín Angela Jónsdóttir í Laugalækjarskóla með hugmynd sína Kúlukoddar.
Eyrún Hjálmarsdóttir og Valdís Una Guðmannsdóttir í Flúðaskóla með hugmynd sína SiliGos.

Salka Nóa Ármannsdóttir í Vesturbæjarskóla með hugmynd sína Hjálmalás.
Helena Huld Hafsteinsdóttir og Hekla Karlsdóttir Roth í Vesturbæjarskóla með hugmynd sína Gufusogari.
Vignir Gauti Guðjónsson og Björn Darri Ásmundsson í Brekkubæjarskóla með hugmynd sína Svefnvaki.
Trausti Helgi Atlason og Trausti Ingólfsson í Varmahlíðarskóla með hugmynd sína Rúlluendastimpill.
Jóakim Uni Arnaldsson í Vesturbæjarskóla með hugmynd sína Sturtuhandklæðaskápur.
Ásdís Rún Grímsdóttir og Ísold Assa Guðmundsdóttir í Kerhólsskóla með hugmynd sína Fjölnota hólfapoki.



Trausti Helgi Atlason og Trausti Ingólfsson í Varmahlíðarskóla með hugmynd sína Rúlluendastimpill. Bráðsnjöll hugmynd sem gæti nýst bændum landsins vel og sparað tíma og fyrirhöfn. Um leið og tækið bræðir fyrir lastenda á heyrúllum stimplar það á rúlluna sem losar bændur undan því að handskrifa af hvaða skika heyið er.

Viðurkenningarskjal var veitt þeim sem komust í úrslit Nýsköpunarkeppninnar ásamt gjafabréfi í Háskóla unga fólksins 2019 og frá IKEA.

Lydía Einarsdóttir og Þóra Emelía Ólafsdóttir í Varmahlíðarskóla með hugmynd sína Sauðfjárteljari.
Saga Líf Ágústdóttir og Ásdís Ósk Brynjarsdóttir í Grunnskólanum á Ísafirði með hugmynd sína Vasapeningar.
Guðjón Guðmundsson og Sölvi Páll Guðmundsson í Rimaskóla með hugmynd sína flugvéladekkjaskeið.
Ylfa Sól Þorsteinsdóttir í Foldaskóla með hugmynd sína Fjölskyldutími.
Kristján Nói Kristjánsson í Vesturbæjarskóla með hugmynd sína Hitamælispannan.
Freyja Gísladóttir og Telma Rut Þorsteinsdóttir í Grunnskóla Reyðarfjarðar með hugmynd sína Plastleysari.
Karen Óttarsdóttir í Seljaskóla með hugmynd sína Snúskápur.
Brynja Bjarnadóttir í Sæmundarskóla með hugmynd sína Lyklaskál.
Elsa Kristín Arnaldardóttir í Hofsstaðaskóla með hugmynd sína Næringarappið.
Ísabella Björk Gestsdóttir og Sunneva Þorvaldsdóttir í Hofsstaðaskóla með hugmynd sína Snúruhulstur.
Jóhann Tyron De Jesus í Brúarskóla, Vesturhlíð með hugmynd sína Lóðréttur snagi.
Sunneva Dís Freysdóttir og Lilja Petrea Líndal í Brekkubæjarskóla með hugmynd sína Lestrarhjálp.
Valborg Lilja Gunnarsdóttir og Ásthildur Una Jónsdóttir í Seljaskóla með hugmynd sína Lyklatafla.
Viðar Gauti Jónsson og Matthías Fossberg í Kerhólsskóla með hugmynd sína Kúku-minni.


Vignir Gauti Guðjónsson og Björn Darri Ásmundsson í Brekkubæjarskóla með hugmynd sína Svefnvaki.

Vilji – Hvatningarverðlaun kennara

Í ár hljóta 2 kennarar viðurkenningu fyrir framúrskarandi störf til eflingar nýsköpunarmenntunar á Íslandi og hljóta báðir nafnbótina „Nýsköpunarkennari grunnskólanna árið 2018“ ásamt verðlaunum að fjárhæð 125.000 kr., í boði Samtaka iðnaðarins: Sædís Arndal í Hofsstaðaskóla og Arna Björk H. Gunnarsdóttir í Vesturbæjarskóla.





Bændablaðið
Smáauglýsingar 56-30-300









Eyjan Vigur í Ísafjarðardjúpi hefur verið í eigu sömu ættar frá því fyrir aldamótin 1900. Langafi Salvars, séra Sigurður Stefánsson, flutti í eyjuna 1884 eftir að hafa keypt upp síðasta partinn í jörðinni. Eyjan er um 45 hektarar og ræktuð tún um 10 hektarar. Mynd / HKr.

Perlan Vigur við Ísafjarðardjúp til sölu eftir 134 ára ábúð sömu ættar

Eyjan Vigur í Ísafjarðardjúpi hefur verið auglýst til sölu í heild sinni. Húsakostur á eyjunni er vel yfir 700 fermetra og þar er einnig frægasta vindmylla landsins, sem er í eigu Þjóðminjasafnsins.

Salvar Baldursson, bóndi í Vigur, og fjölskylda á eyjuna ásamt fjölskyldum bræðra sinna. Hann segir að það sé kominn tími til að breyta til eftir 38 ára búsetu þeirra hjóna í Eyjunni. Síminn hefur vart stoppað hjá honum eftir að eyjan var auglýst til sölu á mánudag.

„Það er komin svona ákveðin stöðnun í mann svo það er kominn tími á að gefa öðrum tækifæri til að nýta þessa eign. Þá vill enginn af krökkunum okkar taka við þessu búi," sagði Salvar í samtali við Bændablaðið.

Vigur í Ísafjarðardjúpi hefur verið í eigu sömu ættar frá því fyrir aldamótin 1900. Langafi Salvars, séra Sigurður Stefánsson, flutti í eyjuna 1884 eftir að hafa keypt upp síðasta partinn í jörðinni. Þá keypti hann líka áttæringinn Breið sem enn er í nothæfu ástandi. Vigur-Breiður er þó enn eldri en hans mun fyrst getið í rekaviðarflutningum í Fljótavík 1829.

Eyjan er einstök náttúruperla. Yfir 10 þúsund gestir heimsækja staðinn árlega. Eyjan er um 45 hektarar og ræktuð tún um 10 hektarar. Rafmagn er leitt úr landi og vatnsuppspretta er á eynni. Eyjan selst í heild sinni með öllum húsakosti og hlunnindum. Netsamband er í gegnum 3G og 4G. Um 10 mín. tekur að sigla á hraðbáti frá Súðavík í Vigur í góðu veðri.



Salvar Baldursson, bóndi í Vigur.

Stór ákvörðun að selja

„Ég flutti hingað 1980 og hef verið eða búið síðan 1985. Fyrst með bróður mínum í um 24 ár, eða til 2004, og síðan hef ég búið hér með konu minni, Hugrúnu Magnúsdóttur. Þetta er mjög sérstök eign og mikil ákvörðun fyrir okkur að taka að selja eyjuna. Við erum búin að gera það sem við getum í uppbyggingu ferðaþjónustu og farin að eldast þó við séum alls ekki orðin gömul.

Það er svo sem ekki alveg einfalt að búa á svona eyju og við búin að vera hér tvö dálítið lengi. Það lagaðist heldur ekkert þegar samgöngurnar voru teknar af okkur. Póstferðir eru líka aflagðar."

Salvar segir enga ákvörðun hafa verið tekna um hvert verði farið ef eyjan selst.

„Fólk vill stundum breyta til og það er spennandi að finna sér eitthvað annað að gera. Hér eru miklir möguleikar og ef það koma einhverjir kaupendur, þá viljum við gefa þeim tækifæri. Ég hef fulla trú á að eyjan seljist og maður vonar bara að fólk sjái tækifærin og geri eitthvað gott úr þessu."

Það er Borg Fasteignasala sem sér um söluferlið á eigninni. Á eyjunni er rúmlega 200 fermetra íbúðarhús, sumarbústaður, hlaða, fjós, kælihús, reykhús, fjárhús fyrir 70 til 80 kindur, hjallur og vélageymsla. Þar er einnig Viktoríuhúsið sem er eign Þjóðminjasafnsins. Viðbygging sem er skráð veitingahús er í eigu ábúenda. Tvö salerni og sturta eru í veitingahlutanum. Eldhús með afgreiðsluborði og sæti fyrir 25 gesti.

Þá er gamla vindmyllan sem byggð var um 1860 eign Þjóðminjasafnsins. Íbúðarhúsið, sem er tæpir 208 fermetrar, er líka orðið gamalt að sögn Salvars og að komast á friðunarstig. Fjósið, sem er 150 fermetrar að stærð, var tekið í gegn fyrir 4 árum. Í dag er þar veitingasalur sem tekur 80 manns í sæti og fullbúið eldhús. Þar eru einnig salerni, karla, kvenna og fatlaðra. Í dag er þar minjagripasala og seldar kaffiveitingar.

Engar kvaðir varðandi uppbyggingu

Salvar segir engar kvaðir á uppbyggingu í eyjunni fyrir utan kvaðir á friðuðum byggingum. Þarna megi reisa sumarhús og eflaust hótel ef menn kjósa slíkt. Það takmarkist bara af samþykktu skipulagi sveitarfélagsins hverju sinni.

Auk möguleika í ferðaþjónustu eru helstu hlunnindi eyjarinnar umtalsvert æðarvarp. Það gefur í kringum 50–60 kg á ári af hreinsuðum dún eftir því hvernig árar.

Mikið fuglalíf er í eyjunni og selir á skerjum allt árið. Um 30 þúsund lundapör verpa þar og hefur það verið nýtt í gegnum tíðina. Þar er líka mikið af teistu og kríu. Teisturnar eru sérlega spakar og vappa í kringum húsin. */HKr.*



Ýmis fyrirmenni hafa lagt leið sína í Vigur í gegnum tíðina. Hér er Gunnar Vigfússon, ljósmyndari forsetaembættisins, að fylgjast með Ólafi Helga Kjartanssyni, fyrrverandi sýslumanni á Ísafirði, og Ólafi Ragnari Grímssyni, þáverandi forseta Íslands, að etja kappi við að fleyta kerlingar í fjöruborðinu fyrir framan bæjarhúsin í Vigur í forsetaheimsókn í ágúst 1996. Mynd / HKr.



Úr heimsókn forsetahjónanna í Vigur 1966. Guðrún Katrín Þorbergsdóttir forsetafrú og Ólafur Ragnar Grímsson forseti að spjalla við Salvar Baldursson við borðstokkinn á Vigur - Breið. Á milli Salvars og Ólafs er Ágúst Kr. Björnsson, sveitarstjóri í Súðavík. Mynd / HKr.

TENGITAUGAR
Fallvarnarbúnaður
Fjölbreytt og gott úrval til á lager
Námskeið um fallvarnir fyrir viðskiptavini
Skoðanir og eftirlit á fallvarnarbúnaði
FALLBLAKKIR
BELTI
Hafðu samband og kynntu þér vöruúrvalið og þjónustuna
ÍSFELL
Ísfell ehf, Óseyrarbraut 28
220 Hafnarfjörður, Sími 5200 500
www.isfell.is, isfell@isfell.is

LESENDABÁS

Landbúnaður og rafbílar – náskyldir bræður

Ritstjóri Bændablaðsins hefur skrifað margar og afar upplýsandi greinar undanfarin ár. Þar eru málin skoðuð út frá ýmsum vinklum, oft með ítarlegri hætti en í öðrum fjölmiðlum, sem er vel.

Í greinum sínum um rafbíla, dylst þó engum, að umfjöllunin hefur oftar en ekki verið neikvæð í garð rafbíla, þó vissulega séu kostir þeirra líka dregnir fram. Efasemdir ritstjórans um rafbílavæðingu eru sérstaklega áhugaverðar í ljósi þess að blaðið ber jú hagsmuni íslensks landbúnaðar fyrir brjósti.

Sama varan?

Að mínu mati er nefnilega í grunninn sáralítill munur á rafbílum og landbúnaðarvörum. Til hvers erum við annars að framleiða íslensk matvæli hér á norðurhjara? Jú, vegna þess að:

Íslenskur landbúnaður stuðlar að matvælaöryggi (rafbílar stuðla að orkuöryggi). Íslenskur landbúnaður er innlend framleiðsla (raforka er innlend framleiðsla). Íslenskur landbúnaður sparar gjaldeyri (rafbílar spara gjaldeyri). Íslenskur landbúnaður þýðir minni eiturefnanotkun (rafbílar þýða minni eiturefnaútblástur). Íslenskur landbúnaður hefur minna kolefnisspor (rafbílar hafa minna kolefnisspor). Að lokum má bæta við mínu persónulega mati en ég tel að íslenskur landbúnaður sé betri (betri gæði og betra bragð) og að rafbílar séu betri (betri hröðun, betri orkunýtni og hljóðlátari).

Eðlilegur opinber stuðningur

Að mínu mati eru því nákvæmlega sömu rök fyrir innleiðingu rafbíla og áframhaldandi framleiðslu íslenskra landbúnaðarvara. Ritstjóri Bændablaðs er því, að mínu mati, kominn á afar hálan ís þegar hann gagnrýnir opinberar ívilnanir sem rafbílar njóta. Landbúnaður er jú býsna háður opinberum ívilnunum sem er reyndar fullkomlega eðlilegt að mínu mati, alveg eins og ívilnanir á rafbíla. Í síðustu grein ritstjórans segir:

„kaup á slíkum farartækjum hér á landi stafa þó ekki síður af þeirri staðreynd að beitt er niðurfellingu á gjöldum. Það felur í sér verulega mismunun í gegnum niðurfellingu á innflutningsgjöldum og rekstrarkostnaði eins og þungaskatti, miðað við hefðbundin ökutæki með sprengihreyflum ... “

Má ekki líkja innflutningsgjöldum á sprengihreyfilsbíla við tolla á innfluttu kjöt? Er ekki tilgangurinn sá sami, þ.e. að nota mismunun til að styðja við innlenda framleiðslu, stuðla að orku/matvælaöryggi og ná fram umhverfisávinningi?

Flestar spár benda til þess að framleiðslukostnaður rafbíla snarlækki í verði næstu 10–15 árin með vaxandi fjöldaframleiðslu. Það gerist þó aðeins ef ríki heims styðja við rafbílakaup í millitíðinni. Ef enginn kaupir dýrari bíla, þá fá framleiðendur einfaldlega ekki svigrúmið til að lækka framleiðslukostnaðinn. Rafbílar munu að öllum líkindum ekki þurfa opinberan stuðning til lengri tíma en ekki væri verra að gera langtímaáætlun um stuðning til 10 ára líkt og búvörusamningana, en þar er áætlað að heildarframlag úr ríkissjóði nemi um 132 milljörðum króna á samningstímanum. Þessi opinberi stuðningur gengur út á að bjóða neytendum innlenda og umhverfisvænni vöru á viðráðanlegu verði. Er þá eitthvað óeðlilegt við að nýta opinbert fé til að styðja við rafbíla til að bjóða neytendum innlenda og umhverfisvænni vöru á viðráðanlegu verði?

Blessuð veggjöldin

Ritstjórinn hefur líka miklar áhyggjur af veggjöldum og segir:

„Hlutfallsleg fjölgun rafbíla skapar óleystan vanda í ríkisrekstrinum þegar fram í sækir. Það er vegna þess að tekjur ríkisins af aðflutningsgjöldum og þungaskatti af ökutækjum minnka til að standa straum af kostnaði vegna slits á vegum.“

Rafbílar eru enn sem komið er undanskildir veggjöldum til að hvetja til útbreiðslu þeirra. Þegar fram í sækir þola þeir hins vegar alveg sambærileg veggjöld og bensínbílar. Tökum dæmi:

Eldsneytiskostnaður vegna 100 km aksturs á VW- Golf bensínbíl kostar um 1.230 kr., þar af eru veggjöld um 430 kr. Orkukostnaður vegna 100 km aksturs á VW- Golf rafbíl kostar um 300 kr. Ef sömu veggjöld væru sett á rafbílinn myndi kostnaðurinn hækka í 730 kr. þ.e.a.s. væri samt enn þá 500 krónum ódýrari þrátt fyrir að borga jafnmikið til vegaviðhalds.

Útblástur og rafbílar

Ritstjórinn telur líka nauðsynlegt að sá efasemdafræjum um loftslagsvænleika rafbíla. Hann segir:

„Á Íslandi er raforka að mestu framleidd á umhverfisvænan hátt, en svo er ekki víða um lönd þar sem rafmagn er gjarnan framleitt með kolum, gasi, olíu eða kjarnorku. Því hafa sumir fræðimenn sett varnagla við fullyrðingum um að heildaráhrif af notkun rafbíla skili minni loftmengun á jörðinni.“

Í nýlegri rannsókn sem gerð var af Virje-háskólanum í Brussel, kemur fram að þegar borinn var lífsferill rafbíls og dísilbíls frá vöggu til grafar þá kom rafbíllinn miklu betur út. Meira að segja í kolefnisfrekasta raforkukerfi Evrópu þ.e.a.s. Póllandi, þá losaði rafbíllinn samt 25% minna á líftíma sínum en dísilbílinn. Sem sagt algerlega skýrt að þrátt fyrir kolefnisfrekari rafhlöðuframleiðslu þá kemur rafbíllinn alltaf betur út, þótt ávinningurinn sé aðeins misjafn eftir raforkukerfum. Reyndar finnst mér sjálfum jafnvitlaust að efast um rafbíla á Íslandi af því að kol eru notuð í Bandaríkjunum eins og að efast um íslenskt nautakjöt af því að hormónar eru notaðir í Bandaríkjunum.

Landbúnaður þarf rafbílavæðingu

Það væru álitshnekkir að mínu mati að standast ekki skuldbindingar Íslands gagnvart Parísarsamkomulaginu. Að klúðra slíku umhverfisverkefni hjálpar varla umhverfisvænleikaímynd íslensks landbúnaðar. Landbúnaður (600 þúsund tonn CO2) og vegasamgöngur (milljón tonn CO2) eru einmitt feitustu bitarnir í skuldbindingum Íslands. Minnkun útblásturs frá landbúnaði er vægast sagt erfitt verkefni. Hægt er að fara í gasgerð og fleira en til að ná 30–40% minnkun þá þyrfti hreinlega einhverja framleiðsluminnkun. Líklega vilja bændur nú frekar svigrúm til framleiðsluaukningar. Því má segja að til þess að landbúnaður geti haldið áfram að vaxa og dafna þurfi hann að treysta á enn meiri útblástursminnkun frá öðrum geirum eins og vegasamgöngum. Það er því tölfræðilega óráðlegt að tala niður rafbíla. Íbúum landsins mun nefnilega fjölga og bílum líka og ef flotinn verður að mestu samsettur úr bensín- og dísilbílum árið 2030, þá verðum við langt frá því að standast skuldbindingar Parísarsamkomulagsins. Litlu breytir þó svo að þessir bílar verði mun orkunýtnari en þeir eru í dag. Án rafbílavæðingar gengur dæmið hreinlega ekki upp. Hvað er þá til ráða? Kaupa fokdýra erlenda kolefniskvóta eða kannski leggja niður landbúnað? Ekki ef ég fengi að ráða.

Sigurður Ingi Friðleifsson
framkvæmdastjóri Orkuseturs á Akureyri



JOHN DEERE OLÍUR

NÚNA ER RÉTTI TÍMINN TIL AÐ YFIRFARA VÉLARNAR OG TÆKIN

Hágæða vörur sem henta sérstaklega öllum John Deere dráttarvélum og einnig öllum öðrum gerðum dráttarvéla

VB LANDBÚNAÐUR ehf. VB Agriculture ltd.
www.VBL.is
REYKJAVÍK Krókháls 5F 110 Reykjavík Sími: 414-0000
AKUREYRI Baldursnes 2 603 Akureyri Sími: 464-8600

EYJALIND
GRAMMER
Sæti og varahlutir í
- Lyftara
- Vinnuvélar
- Vörubíla
- Báta
Vertu vinur okkar á Facebook

Sími: 517-8240 - Súðarvogur 20 - www.eyjalind.is

Bændablaðið
Smáauglýsingar 56-30-300

STARTARAR OG ALTERNATORAR
fyrir allar gerðir bíla, báta og vinnuvéla
Glerárgata 34b v/ Hvannavelli · 600 Akureyri
Sími: 461 1092 · E-mail: asco@asco.is
ÁSCO

MHG VERSLUN
Husqvarna
ALLT FYRIR ATVINNUMANNINN


UTAN ÚR HEIMI

Enn skoða menn nýtingu á þörungum til að minnka metangaslosun frá kúm

– Kaliforníuríki í Bandaríkjunum vill minnka gaslosun frá mjólkurkúm um 40% fyrir 2030

Rannsóknarteymi Kaliforníuháskóla undir stjórn prófessorsins Ermias Kerab skoðar nú hvort hægt sé að draga úr losun jórturdýra á metangasi með því að bæta þörungum í fóður eins og ástralskar rannsóknir sýndu fram á 2015.


Fjallað var um þetta á vefsíðu Independent 24. maí síðastliðinn. Segjast vísindamenn nú vonast til að bændur geti mætt ströngum reglum um losun gróðurhúsalofttegunda með því að blanda þörungum í fóðrið. Er það vegna þess að Kaliforníuríki hefur kynnt reglur sem eru áskorun fyrir bændur um að draga úr losun á metangasi frá 1,7 milljónum mjólkurkúa um 40% á næstu tíu árum eða fyrir 2030. Eru kýrnar taldar standa fyrir losun á um 20% af öllu metani í Kaliforníu. Þar að auki eru í ríkinu yfir 5 milljón nautgripir sem ræktaðir eru vegna kjötsins. Eru nautgripir í ríkinu í heild taldir valdir að losun á 55% af öllu metani sem þar er losað út í andrúmsloftið. Þar sem losunin er að mestu með ropa vegna meltingar á fóðri, þá hafa vísindamenn velt fyrir sér hvort samsetning fóðursins sé ekki lykillinn að lausninni. Hver mjólkurkýr er sögð losa um 70 til 120 kg af metangasi út í andrúmslofti á ári. Það samsvarar kolefnisfótspori bíls sem ekur 12.600 kílómetra.

Vaxandi áhugi á að draga úr losun frá jórturdýrum

Bændablaðið fjallaði um rannsókn í október 2016 sem vitnað er til í Independent. Hún var framkvæmd í Norður-Queensland í Ástralíu 2015 af Rocky De Nys, prófessor í sjávarlíffræði við James Cook-háskólann í Townsville, í samvinnu við rannsóknastofnunina CSIRO (Commonwealth Scientific and Industrial Research). Sú rannsókn leiddi í ljós að með því að blanda tiltölulega litlu magni af þurrkuðu rauðu þangi, „Asparagopsis taxiformis“, í nautgripafóður, er hægt að draga úr metanframleiðslu gripanna um allt að 99%. Þótt sumir hafi gagnrýnt þessa rannsókn og telji sig vita betur, þá hefur fjöldi greina verið skrifaður síðan um þetta mál og hvernig bregðast eigi við losun á metangasi frá jórturdýrum. Hefur það einnig verið tekið upp á ráðstefnum víða um heim. Enda er metangas um 25 sinnum meiri áhrifavaldur en koltvísýringur þegar kemur að myndun gróðurhúsaloftslags. Þannig var vöngum velt um áhrifamætti þörunga á gasmyndun í meltingarvegi jórturdýra hjá World Economic Forum í ágúst 2017 og á Kvægkongres, fagþingi nautgriparæktarinnar í Danmörku, fyrr á þessu ári.



Prófessor Ermias Kebreab. Mynd / UC Davis/Gregory Urquiaga



Þörungamjöl. Mynd / UC Davis/G. Urquiaga



Rauða þangið „Asparagopsis taxiformis“ sem gaf góða virkni í tilraun Ástralíumanna.

Prófessor Ermias Kerab segir að tölur úr rannsóknum lofi góðu og séu langt umfram þau viðmiðunarmörk sem menn hafi sett sér. Hefur hans rannsóknarteymi gert tilraunir með að gefa 12 Holstein kúm fóður sem þörungamjöli var blandað í. Hafa þeir stundað sínar rannsóknir út frá niðurstöðum rannsóknarinnar sem gerð var í Ástralíu 2015. Segir hann að ákveðin efni sem finnist í sumum þörungum trufli ensím sem valdi myndun metangass í meltingarvegi nautgripa. Miðað við fyrri rannsóknir virðist vera hægt að draga úr losun á metani um vel yfir 30%.

Niðurstöður í rannsóknarstofum hafa þó ekki alltaf gefið sömu niðurstöðu við raunverulegar aðstæður. Kerab segir að mun meiri rannsóknir þurfi að gera til að sýna fram á langtímaárangur af notkun þörunga.

Eykur mögulega áhuga á þörungarækt

Segir Kerab í samtali við fréttastofu CNBC að nokkur áhugi væri að vakna á að rækta þang til fóðurgerðar. Hingað til hafi enginn markaður verið fyrir hendi, en ef rannsóknir staðfesti að þetta virki vel, þá muni áhuginn aukast mjög fyrir að rækta þang.

Tilraunir hafa verið gerðar með fleira en þang til að minnka losun á metani í meltingarvegi jórturdýra. Þar má t.d. nefna hvítlauk. Þá hafa vísindamenn líka beint sjónum að erfðaþætti jórturdýra hvað þetta varðar.

/HKr.



Kýr í fjörubeit.

Starfsemi Vélavals í Skagafirði endurskipulögð:

Vöruúrval aukið og nýr framkvæmdastjóri

Starfsemi Vélavals hefur verið í endurskipulagningu og vöruúrval aukist til muna.

Til viðbótar við fyrri starfsemi hefur Vélaval hafið sölu á ýmsum stærri tækjum til landbúnaðar, að því er fram kemur í tilkynningu frá fyrirtækinu.

Þar má nefna áburðardreifara, sáningarvélar og jarðvinnslutæki frá Sulky í Frakklandi, merki sem er mjög þekkt og virt í Evrópu. Einnig eru í boði Hispec haugsugur frá Írlandi og haugdælur og hrærur frá enska gæðaframleiðandanum Storth.

Giant liðléttingar skipa áfram stóran sess hjá okkur og hefur fyrirtækið aukið möguleika á ýmiss konar útfærslum við þá.

Samhliða þessu hefur Ragnar Magnússon verið ráðinn framkvæmdastjóri Vélavals en Ragnar þekkir vel til íslensks landbúnaðar og markaðsmála á því sviði.

„Vélaval mun leggja áherslu á að gera gott enn betra og munu núverandi og verðandi viðskiptavinir vonandi verða varir við það með enn þá betri þjónustu og auknum samskiptum. Varahlutaþjónusta mun verða einn þáttur í því,“ segir Ragnar Magnússon framkvæmdastjóri og telur mjög gott að þessi vörumerki skuli nú vera á boðstólum Vélavals.

„Það er tilhlökkunarefni að geta boðið upp á svona þekkt vörumerki og vöruúrval og hlakka ég til að heyra í bændum um allt land og vona að þeir hiki ekki við að slá á þráðinn til okkar,“ segir Ragnar.



Ragnar Magnússon.



Plastagnir í jarðvegi hátt til fjalla í Sviss

Komið hefur í ljós að míkróplastagnir er að finna í jarðvegi frá láglendi hátt til fjalla í Sviss. Talið er að ástandið kunni að vera verra í öðrum löndum Evrópu og varað er við áhrifum þess á fæðuöryggi manna og dýra.

Í fyrstu stóru rannsókninni á míkróplastögnum í jarðvegi sýnir að mikið magn af þeim er að finna í jarðvegi í Sviss og finnast agnirnar á afskekktum stöðum hátt til fjalla. Í 29 sýnum sem tekin voru í landinu fundust plastagnir í 90% sýnanna.

Plastagnir, eða míkróplastagnir, eru skilgreindar sem plastefni sem eru minni en fimm millimetrar að stærð.



Plastagnir berast í ræktunarjarðveg með endurunnu vatni sem notað er til vökvunar.



Plastagnir í jarðvegi drepa ánamaðka og önnur jarðvegsdýr.

Plast berst með vindi

Endurvinnsla á plasti í Sviss er nánast 100% og sú mesta í heimi. Magnið af plastögnum sem fannst í svissneska jarðveginum kom því á óvart og talið að það hafi borist í jarðveginn með vindi frá öðrum löndum.

Magn plastagna í jarðvegi þar sem endurvinnsla plasts er minni gæti því verið enn meira.

Plastagnir og mengun af þeirra völdum hefur verið talsvert í umræðunni og aðallega plastmengun í hafi. Plastmengun er ekki einungis bundin við höfin því plastagnir finnast einnig í drykkjarvatni, bjór, hunangi, salti og fleiri matvörum víða um heim.

Plast í ræktunarlandi

Rannsóknir sýna að gríðarlegt magn af plastögnum er að finna í jarðvegi, bæði í náttúrunni, ræktunarjarðvegi og meira að segja garðaúrgangi.

Talið er að milli 20 og 30% af efni sem nýtt er í landfyllingar í heiminum í dag sé plast.

Sýnt hefur verið fram á að plastagnir berast meðal annars í ræktunarjarðveg með endurunnu vatni frá mannabústöðum sem notað er til vökvunar. Plastagnirnar eru svo smáar að þær hreinsast ekki burt við síun vatnsins áður en það er notað á akra, hvort sem um er að ræða ræktun með eða án tilbúinna efna, og berist þannig hæglega í fæðukeðju manna og dýra.

Áhrif plastmengunar í jarðvegi eru margs konar og meðal annars hefur komið í ljós að smáar plastagnir geta hæglega drepið ánamaðka og önnur jarðvegsdýr sem éta þær. */VH*

ÞITT KERFI



TILBOÐ 49.990.- m/vsk

IceCom Íslenska fjarskiptafélagið

Eftirlitskerfi
t.d fyrir sauðburðinn

Tengist með 4G eða Wifi beint í símann eða tölvuna
Gengur á 12 Vdc eða 240 Vac. Öflug innrauð næturlýsing.
Hægt að setja út á tún, eða girðingarstaur.
Tengja við sólarsellu og/eða rafhlöðu.

Sími 414 4400 - www.icecom.is - Lyngás 10 - 210 Garðabær

IÐNAÐARHURÐIR
BÍLSKÚRSHURÐIR



- Íslensk framleiðsla, smíði og samsetning.
- Allar hurðir smíðaðar samkvæmt máli.
- Áratuga reynsla starfsmanna í hurðum.
- Hágæða hráefni.
- Þolir íslenskt veðurfar.
- Sér meðhöndlaðar brautir gegn ryði og álagi.
- Stuttur afgreiðslutími.

IS HURÐIR

IS Hurðir I Sími 564 0013 I www.ishurdir.is I ishurdir@ishurdir.is

MAXAM ENGINEERED IN EUROPE

HAGKVÆM DEKK FYRIR ALVÖRU KRÖFUR

Þegar velja skal vinnuvéla- og landbúnaðardekk skipta gæði, ending og áreiðanleiki höfuðmáli. **Maxam** dekkin eru hagkvæmur kostur og hafa reynst vel við krefjandi aðstæður.

Gerðu kröfur — hafðu samband við sölumenn okkar í síma 590 5280 og kynntu þér kosti **Maxam** dekkjanna.



KLETTUR

KLETTUR / SALA OG ÞJÓNUSTA / KLETTAGARÐAR 8-10 / 104 REYKJAVÍK / 590 5280 / klettur.is

SKÓGRÆKT & LANDGRÆÐSLA

Um fullnægjandi undirbúning og skýr markmið

Hjörleifur Guttormsson náttúrufræðingur ritar grein í Morgunblaðið 28. maí og ræðir um gróður- og jarðvegsauðlindina. Um hana vanti heildstæða stefnu og löggjöf. Ábendingin er góð. Verri eru fullyrðingar Hjörleifs um þá mikilvægu atvinnugrein sem skógrækt er í landinu.

Í yfirlætislegum tón ræðir Hjörleifur um nytjaskógræktarverkefni á lögbýlum sem hann nefnir þó ekki réttu nafni. Orðrétt stendur: „Plöntun barrtrjáa í birkiskóglendi heyrir víðast sögunni til en undirbúningur og eftirlit með svonefndri bændaskógrækt er allsendis ófullnægjandi og markmiðin óskýr.“ Hér er undið upp á hlutina vægast sagt.

Hvergi eru barrtré gróðursett í birkiskóglendi nú orðið. Það hefur ekki verið gert í áratugi þótt víða kunni annað að virðast. Birkið fagnar þeirri beitarfriðun sem skógræktinni fylgir og er fljótt að dreifa sér inn í skógræktarsvæði. Þá getur litið svo út sem barrtrén hafi verið gróðursett í birkikjarri þótt svo sé alls ekki.

Gott væri að sjá rökstuðning fyrir þeim orðum Hjörleifs að undirbúningur og eftirlit með skógræktarverkefnum á lögbýlum sé „allsendis ófullnægjandi og markmiðin óskýr“. Annars eru þetta dylgjur.



Snauður melur sem áður var einskis nýtur og losaði jafnvel kolefni með rotnun gamalla jarðvegsleifa skrýðist nú skógi sem bindur koltvísýring, byggir upp verðmæti til framtíðar, eflir landgæði og búsæld. Myndin er frá Valþjófsstöðum í Núpasveit.

Mynd / Pétur Halldórsson

Vandað til verka í skógrækt á lögbýlum

Þegar bændur eða aðrir landeigendur óska eftir því að gera skógræktarsamning við Skógræktina hefst mjög vönduð undirbúningsvinna sem snertir ótalmarga þætti. Send er inn ítarleg umsókn þar sem fram kemur hvar og hversu mikið landeigandi vilji rækta af skógi. Taka þarf tillit til ræktaðs lands svo sem túna og akra, huga að fornleifaskráningu, náttúruminjum og lífverum sem njóta verndar, taka mið af vatnsverndarsvæðum og fleira. Þegar samningssvæði hefur verið afmarkað er sótt um framkvæmdaleyfi til sveitarfélagsins og send inn greinargerð skógræktarráðgjafa ásamt loftmynd af landinu. Öll þessi vinna lýtur ákvæðum laga um skipulag og vernd náttúru og minja en einnig aðal- og deiliskipulagi viðkomandi sveitarfélags. Svo ströng er gangan að stundum þarf þrautseigju til að komast yfir þennan hjalla í umsóknarferlinu.

Þegar leyfi hefur fengist fyrir samningi um skógrækt á lögbýli gera skógfræðingar Skógræktarinnar skógræktaráætlun fyrir viðkomandi jörð. Nú er liðin tíð að skógræktarreitir séu pínulítil ferhyrnd „frímerki“ í fjallahlíðum. Skógræktin er skipulögð með tilliti til landslags, látin fylgja bugðum og beygjum og leitast við að hafa fjölbreytni í vali trjátegunda eftir því sem skynsamlegt og mögulegt þykir. Tekið er tillit til mikilvægra vistkerfa, fugla og fleiri þátta. Alltaf er þó hægt að gera betur og við það er leitast.

Skýr markmið

Markmið nytjaskógræktarverkefna á lögbýlum eru alls ekki óskýr. Lagt var upp með það með lagasetningu fyrir rúmum aldarfjórðungi að rækta skyldi skóg á 5% láglendis undir 400 metra hæð yfir sjó. Hægt gengur að ná því markmiði enda voru framlög til nýskógræktar lækkuð verulega eftir hrun og hafa ekki hækkað síðan. Rétt er að benda á að skógræktarverkefni á lögbýlum eru ein tegund landbúnaðar sem stunduð er á landbúnaðarlandi ekki ósvipað túnrækt og akuryrkju.

Stefnt hefur verið að því um árabil af hálfu hins opinbera að gerð yrði landsáætlun í skógrækt og landshlutaáætlanir. Sú vinna er nú hafin hjá Skógræktinni. Með slíkum áætlunum verða markmiðin enn skýrari og þar með auðveldara að laga skógræktarverkefnin að öðrum þáttum sem snerta landnýtingu og vernd. Þá geta allir séð hvar skuli rækta skóg og hvar skuli ekki rækta skóg. Ef að því kemur að mótuð verði „heildstæð stefna og löggjöf“ um gróður- og jarðvegsauðlindina er víst að Skógræktin hefur unnið heimavinnu sína og er tilbúin með sitt. Eitt er þó víst. Löngu er þörf á afgreiðslu nýrra skógræktarlaga sem eru að stofni til frá 1955.

Vandað eftirlit

Vandséð er að „svonefnd bændaskógrækt“ sé nokkuð annað en vel undirbúin starfsemi. Eftirlitið er líka gott. Skógræktarráðgjafar gera reglulegar úttektir á skógræktarjörðum, meta gæði gróðursetninga, taka út tilviljanakennda mælifleti og leiðbeina skógareigendum um það sem betur megi fara. Allt er ítarlega skráð og skógareigendur búa við stöðugt aðhald fagfólks. Mógilsá, rannsóknasvið Skógræktarinnar, sér um að mæla allt skóglendi á Íslandi með vissu millibili, þar á meðal ræktað skóglendi á lögbýlum. Tölum er skilað á hverju ári til Loftslagssamnings Sameinuðu þjóðanna. Loftslagssamningurinn sendir fulltrúa sína hingað til lands annað veifið til að meta aðferðir og vinnubrögð þeirra sem mælingarnar gera og hefur aldrei gert athugasemdir. Er þörf á meira eftirliti?

Hjörleifur endar grein sína á því að nefna hækkun meðalhita sem spáð er á norðlægum slóðum. Hækkaður hiti muni væntanlega bæta vaxtarskilyrði innlends gróðurs, þar á meðal birkis. Ekki er einsýnt um þetta. Skaðvaldar herja nú á birki, einkum á láglendi. Óvíst er hvernig íslenska birkinu reiðir af á láglendi í hlýnandi loftslagi. Þá er enn meiri þörf annarra trjátegunda svo Íslendingar geti bundið kolefni og séð sjálfum sér fyrir því timbri sem verður meginhráefni framtíðarinnar þegar jarðarbúar snúa bakinu við kolum, olíu, stáli og steinsteypu. Vonandi fær birkið griðland til fjalla og á hálendinu í friði fyrir sauðfjárbeit og öðrum öflum sem viðhalda auðnum. Á Íslandi eru ógnarstórar auðnir sem við mennirnir eigum sök á. Þessar auðnir losa mikinn koltvísýring því þar liggja gamlar jarðvegsleifar enn og rotna. Að klæða þessar auðnir gróðri er eitt stærsta náttúruverndarverkefnið sem blasir við okkur. Skyldi undirbúningur og eftirlit með ástandinu á svonefndum ósnortnum víðernum vera fullnægjandi og markmiðin skýr?

Pétur Halldórsson
Kynningarstjóri Skógræktarinnar

Oft margt um manninn í Mývatnssveit:

Brugðist við fjölgun ferðamanna með uppbyggingu innviða

„Við höfum ekki farið varhluta af aukningu ferðamanna hér í Mývatnssveit enda er þetta svæði aðal ferðasegullinn á Norðurlandi eystra,“ segir Þorsteinn Gunnarsson, sveitarstjóri í Skútustaðahreppi.

Jarðböðin eru góður mælikvarði á aðsóknina og þar hefur mikil aukning orðið í aðsókn undanfarin ár. Mesta aukningin hefur verið yfir vetrartímann sem er ánægjuleg þróun að sögn Þorsteins og hefur gert það að verkum að ferðaþjónustan er orðin að heilsárs atvinnugrein í meira mæli en áður í Mývatnssveit. Vöxturinn er þó hægari en undanfarin ár.

Til að bregðast við fjölguninni hefur sveitarfélagið, rekstraraðilar og Umhverfisstofnun brugðist við með uppbyggingu innviða. Til að styðja við ferðaþjónustuna allt árið er t.d. snjómokstur á göngustígum, landvarsla hefur verið aukin, en tveir landverðir eru í fullu starfi allt árið, og sjö yfir sumartímann. Sveitarfélagið hefur farið í umhverfisátak vegna ferðamannasorps og á næstunni verður aðgengi bætt að Höfða, sem er vinsæll áningastaður í Mývatnssveit og reyndar eina landið sem er í eigu sveitarfélagsins.



Skútustaðahreppur er heilsueflandi samfélag. Í vetur voru laugardagsgöngur og hér sést vaskur hópur göngufólks í einni göngunni. Frá vinstri: Sólveig Jónsdóttir, Lovísa Gestsdóttir, Margrét Þórdís Hallgrímsdóttir, Bergþóra Eysteinsdóttir, Þorlákur Páll Jónsson, Dagbjört Bjarnadóttir, Inga Þorbergsdóttir, Þorsteinn Gunnarsson sveitarstjóri, Egill Freysteinsson og Kári Þorgrímsson.

Fjölbreytt afþreying

Í Mývatnssveit hafa verið reist tvö glæsileg hótel síðustu misseri, þ.e. Fosshótel og Hótel Laxá. Selhótel var stækkað. Þá er hér fjölbreytt gisting og þrjú tjaldsvæði. Veitinga- og kaffihús eru mörg og fjölbreytt. Það sama má segja um afþreyingu fyrir ferðamenn, sem dæmi eru í boði hestaleiðir, fjallajeppaferðir, vélsleðaferðir, ýmsar skoðunarferðir, skoðunarferð í lofti, Jarðböðin, hellaferðir, hundasleðaferðir, Fuglasafn Sigurgeirs, hjólaferðir og margt fleira. Upplýsingastofan Mývatnsstofa er öflug í að miðla upplýsingum til ferðamanna.

Ferðalangar almennt ánægðir

Rannsóknamiðstöð ferðamála og Háskóli Íslands gerðu ferðavenjukönnun 2016 á meðal erlendra gesta í Mývatnssveit. Í Mývatnssveit hefur hlutfall sumargesta frá Þýskalandi mælst hærra en á landsvísu undanfarin ár.

Á tímabilinu 2014–2016 lækkaði það þó úr 22% í 18% á sama tíma og það fór úr 13% í 10% á landsvísu. Bandaríkjamönnum hefur fjölgað nokkuð hratt á svæðinu, eða úr 7% í 21%, á sama tíma og hlutfall þeirra jókst úr 16% í 26% á landsvísu.

Almennt voru þátttakendur mjög ánægðir (52%) eða ánægðir (34%) með dvöl sína í Mývatnssveit. Um 3% aðspurðra sögðust hvorki vera ánægðir né óánægðir, um 1% gesta voru óánægðir og 10% mjög óánægðir.

Á skalanum 1–5 var ánægjustig gesta 4,19. Gestir frá Bandaríkjunum mældust með 4,23 til samanburðar við 3,98 meðal gesta frá Þýskalandi og 4,05 meðal gesta frá Frakklandi.

Meiri ánægja virtist vera meðal þeirra gesta sem fóru í gönguferð þar sem ánægjustig þeirra mældist 4,29 til samanburðar við 3,99 meðal þeirra sem fóru ekki. Hjá þeim sem fóru á kaffi- eða veitingahús mældist ánægjan 4,34 til samanburðar við 4,08 meðal þeirra sem fóru ekki.

Áhugavert fráveituverkefni

Mývetningar hafa verið frumkvöðlar í ýmsu um tíðina, nú síðast í fráveitumálum. Umhverfisráðherra, fjármálaráðherra og fulltrúar Landgræðslunnar ásamt sveitarstjóra undirrituðu í apríl viljayfirlýsingu þessa efnis úti á ísnum á vatninu. Nýta á salernisúrganginn til uppgræðslu á Hólasandi. Umræða hefur staðið yfir um nokkra hríð um hvernig megi bæta frárennslismál við Mývatn. Nú hefur verið ákveðið að aðskilja skólp frá salernum í lokaðan tank sem á að nýta til uppgræðslu á Hólasandi í samstarfi við Landgræðsluna.



„Við höfum ekki farið varhluta af aukningu ferðamanna hér í Mývatnssveit enda er þetta svæði aðal ferðasegullinn á Norðurlandi eystra,“ segir Þorsteinn Gunnarsson, sveitarstjóri í Skútustaðahreppi.

„Þetta er mjög áhugaverð lausn sem orðin er að stóru umhverfisvænu verkefni. Við byrjum í sumar, en aðalþunginn á þeim framkvæmdum, bygging á safntanki og annað verður sumarið 2019. Umbótaáætlunin er 4 ára verkefni. Landgræðslan hefur verið með ekki ósvipað verkefni í uppsveitum Árnessýslu með góðum árangri. Þetta er bara mjög spennandi á allan hátt,“ segir Þorsteinn. */MÞÞ*

LESENDABÁS

Bændamarkaðir um landið, miðlun menningarhefða, sögu og minja

– Að nærast á upprunanum

Aðstæður hafa á margan hátt breyst hratt á síðustu áratugum á Íslandi eins og víðar. Iðn- og tæknibyltingin á Íslandi skapaði fjölda starfa og aukningu afurðaframleiðslu í sjávarútvegi, sem og í landbúnaði, og stuðlaði þannig að blómlegri byggð víða um land.

Með vaxandi þekkingariðnaði og aukinni tækni eru frumframleiðslugreinar þó ekki eina verðmætasköpunarleið okkar því þekkingariðnaðurinn, hugvit og stafrænn iðnaður, skapar í dag hluta landsframleiðslunnar. Með þessu fór áhersla á handverk dvínandi en tækniiðnaður jókst, vélar tóku við af mannafli og mörg störf breyttust úr handverksstörfum í hugvitsstörf. Þessi þróun hefur almennt valdið aukinni samþjöppun fólks í stærri byggðakjörnum en fráhvarfi þess frá minni samfélögum um landið.

Stafrænn iðnaður hefur umbylt lífi fólks og náttúran er ekki lengur helsta viðfangsefni þess, heldur í síauknum mæli veruleiki sem byggist á sýndarheimi og rafrænum veruleika.

Áreiti og streita

Í dag er staðan sú að daglegt líf í stærri samfélögum einkennist á margan hátt af sífelldu áreiti, streita verður algengari og kulnun fer vaxandi. Viðbrögð fólks við þessu eru eðlilega aukið afturhvarf í Móður náttúru sem uppsprettu, lífgjafa og veruleika.

Greina má merki þess að ungt fólk er margt orðið fráhverft stafrænum sýndarveruleikum og leitar í síauknum mæli í náttúruna sem uppsprettu og eðlilegan grunn síns veruleika.

Sumt ungt fólk hefur lagt símana og sýndarveruleikann þar til hliðar, en tekið upp lestur, skriftir og listsköpun í auknum mæli. Það leitar í auknum mæli í störf sem hafa beina tengingu við náttúruna, frumframleiðslu og afurðasköpun hennar. Hvers vegna? Líklega er þessi þróun tengd hinum eðlilegu sveiflum í þróun samfélaga.

Þegar samfélög verða of fráhverf náttúrunni í þróun sinni, virðast þau leita ósjálfrátt aftur í upprunann og náttúrulegan grunn sinn. Það skýrir aukna ásókn ungs fólks í hugmyndafræði hreyfinga eins og Slow-Food, Slow-Design, Fair-Trade, veganisma, grænmetisfæði, líforku neysluafurða, hugleiðslu, vistvænar aðferðir, lífrænar aðferðir, líkamsvitund og sálarvitund og uppbyggingu líkama og sálar, iðkun náttúruíþrótta svo sem sjósunds, fjallganga og hjólreiða, iðkun óhefbundinna lækninga og þekkingarleit í kistur hinna ýmsu trúarbragða og hugmyndakerfa horfinna tíma, sköpun, listir og fegurðarauka, ritun og fleira. Þetta útskýrir einnig aukningu í aðsókn þeirra sem stefna á framtíðarstörf í bændasamfélaginu. Þetta skýrir fráhvarf til náttúrunnar. Þetta skýrir margt. Af jörðu ertu kominn, að jörðu skaltu verða. Þetta er lögmál lífsins, sama hve tækninni fleygir fram, sem nauðsynlegt er þó.

Stuðla að uppbyggingu og framþróun matvælaframleiðslu

Matís ohf. er ríkisrekið fyrirtæki sem hefur það að markmiði að stuðla að uppbyggingu og framþróun matvælaframleiðslu á Íslandi. Matís styður við og ýtir undir framþróun frumframleiðslugreina og afurða þeirra, en frumframleiðendur eru allir þeir sem vinna matvæli beint úr auðlindum lands og sjávar hér á Íslandi og stuðla þannig að sjálfbærni landsins.



Frá Hofsósi. Matís mun í samvinnu við bændur, aðra frumframleiðendur og handverksfólk í Skagafirði, standa að opnun Bændamarkaðar í Pakkhúsinu á Hofsósi laugardaginn 23. júní næstkomandi. Mynd / HKr.

Mikil framþróun hefur orðið og heldur áfram að eiga sér stað í aðferðum frumframleiðenda til að tryggja sjálfbærni auðlinda lands og sjávar, þ.e. áframhaldandi tilurð þessara auðlinda til framtíðar. Ýmis gagnleg kerfi og skipulag hafa verið sett þar um, sem koma á í veg fyrir ofnýtingu og tryggja áframhaldandi tilurð auðlindanna, enda ekki annað í boði ef tryggja á möguleika landsins á sjálfbærni til framtíðar.

Frumframleiðendur á Íslandi finna glöggt fyrir þeirri þróun sem orðið hefur í samfélaginu, auknu fráhvarfi til upprunans og uppsprettu lífs, náttúrunnar. Neytandinn leitar í auknum mæli í staðbundin hráefni, staðbundnar afurðir og raunverulegan, rekjanlegan uppruna þeirra. Það fyrsta sem ferðamaðurinn spyr að er „hvar fæ ég mat úr afurðum svæðisins?“, „hvar kynnist ég sögu staðarins?“

Bændamarkaðir

Bændamarkaðir eru ekki tímaskekkja þótt þeir hafi verið við lýði í árþúsundir. Þeir hafa einmitt lifað góðu lífi í árþúsundir vegna þess að þeir eiga alltaf við.

Ekki er til betri aðferð til að tengja sig náttúru og auðlindum, sögu og hefðum hvers staðar, en með neyslu þeirra afurða sem koma beint frá bændum eða frumframleiðendum af svæðinu.

Ekki er til betri leið til að minnka kolefnissporið og tryggja vistvænt samfélag, en að gera staðbundnar afurðir vel aðgengilegar á hverjum stað.

Ekki er til betri leið til að styðja við eigið samfélag, viðhald þess, verðmætasköpun og framþróun, en að velja afurðir nágranna þíns og auðlinda þíns svæðis fram yfir aðflutta vöru sem hefur enga tengingu við þitt umhverfi.

Bændamarkaðir eiga aldrei betur við en í dag, þegar heimamenn og gestir hrópa á aðgengi að staðbundnum afurðum sem sprottnar eru úr auðlindum staðarins, þegar afturhvarf til náttúrunnar og afurða hennar er í öndvegi, þegar brýn þörf er á stuðningi við eigið nærumhverfi og uppbyggingu þess, þegar þorsti í þekkingu um uppruna og hefðir hvers staðar er áberandi, þegar viðhald menningarminja, sögulegra einkenna, hefða og venja er aðkallandi á hverjum stað.

Dýrmæt menningarverðmæti

Víða um landið eigum við dýrmæt menningarverðmæti í gömlum húsum, byggingum og minjum. Á bak við þessar minjar er raunveruleg saga hvers staðar, saga fólksins sem landið ól og sem lifði af landinu. Þetta er saga sem við verðum að varðveita og miðla, því menning byggir á sögu og samfélag er ekkert án sögu sem sameinar þegna þess, gefur þeim stað í heiminum og veitir þeim tilfinningu fyrir tengingu sinni við annað fólk, við samfélag sitt og umhverfi. Menning er það sem er áhugavert við hvert samfélag því hún skapar samfélagið og sagan er grunnur framþróunar.

Víða um landið velta menn því fyrir sér hvort ástæða sé til að varðveita menningarsöguleg hús og byggingar, og sum slík hafa farið forgörðum. Menn velta því fyrir sér hvaða hlutverk slík hús eigi að hafa og hvort þau séu einungis byrði á samfélaginu. Meta þarf hvert tilfelli vel, en slík hús ættu framar öllu að eiga ríkt hlutverk í lifandi miðlun raunverulegra minja hvers staðar. Staðbundinn bændamarkaður er lifandi miðlun raunverulegra minja og hefða hvers staðar, þar sem hefðbundnum afurðum staðarins, oft framleiddum með aðferðum sem eiga sér aldagamla sögu og hefð, er lyft fram á lifandi hátt með beinni og lifandi tengingu við söguna. Það er ef til vill ekki mikil hefð fyrir slíkum mörkuðum hér á landi, en framleiðsluhefðin er til staðar og allt sem til þarf. Hvert byggðalag ætti að lyfta fram slíkum húsum sem miðkjarna menningarsögu sinnar og miðlunar hennar og bændamarkaður er leið til að gera slíkt og um leið skapa þegnum og samfélaginu öllu möguleika á því að auka verðmæti afurða sinna, tryggja betri afkomu, blómlegar aðstæður fyrir byggð og varðveislu og miðlun sögu og hefða hennar.

Bændamarkaðir með hefðbundna framleiðslu hvers staðar, kynnta af framleiðendunum sjálfum sem lifa af auðlindum staðarins, þekkja framleiðsluna, hefðirnar, sögu staðarins og fólksins, staðhætti og náttúru, gefa óteljandi möguleika: Svo sem á vöruþróun afurða, viðhaldi, varðveislu og miðlun aðferða og hefða og verðmætaaukningu með aukinni smáframleiðslu. Slíkir markaðir geta orðið ríkt aðdráttarafl staðarins eins og dæmi eru um erlendis. Sérhver staður lyftir á slíkum markaði fram sínum sérkennum í menningu og mat, sem ýtir jafnframt undir skýra sameiginlega sýn þegnanna á sögu og eðli eigin samfélags og stolti þeirra af uppruna þess og afurðum.

Bændamarkaðar í Pakkhúsinu á Hofsósi

Matís í samvinnu við bændur, aðra frumframleiðendur og handverksfólk í Skagafirði, stendur að opnun Bændamarkaðar laugardaginn 30. júní næstkomandi. Markaðurinn verður rekinn einu sinni í viku, á laugardögum milli kl. 13 og 16, í Pakkhúsinu Hofsósi, sem er menningarsögulegt hús frá 1770 í gamla, sögulega kjarna Hofsóss og tilheyrir Húsasafni Þjóðminjasafns Íslands, en gerður hefur verið samningur við safnið um nýtingu hússins til verkefnisins.

Verið velkomin á Bændamarkað á Hofsósi!

Rakel Halldórsdóttir, *ráðgjafi hjá Matís ohf., stofnandi og fyrrum eigandi Bændamarkaðar Frú Laugu, stjórnarmaður í SLOW FOOD Reykjavík, safnafræðingur, listfræðingur og stjórnmálafræðingur.*

LOFT TRAMPÓLÍN



Frábær loft trampólín til að hafa á leiksvæðum við sundlaugar, á tjaldstæðum eða þar sem börn á öllum aldri eru að leik.



Fást í ýmsum litasamsetningum og stærðum frá 33 m².

Vélaval S. 453 8888 - velaval@velaval.is



ÆÐARBÆNDUR

Móttaka æðardúns til hreinsunar er hafin hjá Dúnhreinsuninni efh., við Axarhöfða í Reykjavik.

Við greiðum flutningskostnað til Reykjavíkur.

Hafið samband í síma 892 8080.

Dúnhreinsunin ehf. við Axarhöfða, 110 Reykjavík

Bændablaðið
Smáauglýsingar 56-30-300



Hefur þú brennandi áhuga á vélum og vilt vinna í lifandi og skemmtilegu umhverfi? Vélfang leitar að öflugum og ábyrgum viðgerðamanni í fullt starf á vélaverkstæðið okkar.

Hæfniskröfur:

- Reynsla af vélaviðgerðum nauðsynleg.
- Menntun við hæfi kostur.
- Rík þjónustulund, jákvæðni og hæfni í mannlegum samskiptum.
- Frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum.
- Gott með að vinna í teymi.

Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem allra fyrst.
Öllum umsóknum verður svarað og farið með þær sem trúnaðarmál.

Nánari upplýsingar veitir Eyjólfur í síma 8400 820
Umsóknir sendist á eyjolfur@velfang.is

VÉLFANG -VERKIN TALA
Gylfaflöt 32 • 112 Reykjavík • Sími 580 8200 • velfang.is
Frostagötu 2a • 603 Akureyri • velfang@velfang.is

CLAAS FENDT Kverneland JCB

Vélfang ehf. er sölu- og þjónustuaðili á sviði vinnu- og landbúnaðarvéla.
Vélfang ehf. var valið Framúrskarandi fyrirtæki 2015, 2016 og 2017
Hjá Vélfangi starfar hópur fólks sem hefur það að markmiði
að veita viðskiptavinum sínum framúrskarandi þjónustu.

UTAN ÚR HEIMI



Um sjö af hverjum tíu býflugnabændum í Kanada sögðust í könnun sem gerð var hafa tapað að minnsta kosti 20% af sínum býflugnastofni og um 45% bændanna höfðu tapað að minnsta kosti 50% stofnsins.

Gríðarlegt tap hjá kanadískum býflugnabændum:

Hafa tapað allt að 70% af býflugnastofninum í vetur

Býflugnabændur í Onario-fylki í Kanada greina frá skelfilega miklum býflugnadauða eftir veturinn. Þriðjungur býflugnabænda segist hafa tapað 70% af stofni sínum samkvæmt fréttum frá Ontario Beekeepers' Association (OBA).

Samtök býflugnabænda létu gera könnun meðal 900 býflugnabænda eftir þann kalda vetur sem ríkti í Kanada. Um sjö af hverjum tíu sögðust hafa tapað að minnsta kosti 20% af sínum býflugnastofni og um 45% bændanna höfðu tapað að minnsta kosti 50% stofnsins.

Ef tapið er yfir 50% er hægt að tala um hrun að sögn talsmanna OBA.

Samkvæmt könnuninni kenna 43% bændanna löngum og köldum vetri um ástandið. Um 20% bænda kenna hins vegar mikilli notkun á skordýraeitri um býflugnadauðann.

„Býflugnabúin verða í uppbyggingarfasa í allt sumar ef frjóvgun verður léleg og bændur munu lítið uppskera og tekjur því verða litlar sem engar af hunangsframleiðslu."

Á vefsíðu Farmers Forum er rætt um stöðuna við býflugnabóndann Hugh Simpson í Singhamton í Grey County í Ontario. Hann segir að könnunin virðist gefa nokkuð nákvæma mynd af ástandinu miðað við viðtöl sem hann hafi átt við aðra bændur. Sagði hann að vorið 2017 hafi verið lélegt sem og fyrri hluti sumars. Aðeins þrír af 18 síðustu mánuðum hafi verið hagstæðir fyrir býflugur.

„Þetta kemur mörgum á óvart og þegar ég segist vera vonsvikinn, þá meina ég að ég sé verulega vonsvikinn," segir Simpson.

Tómstundabóndi sem glatar 50% af bústofninum er að tapa 10 til 20 búum. Atvinnubændur sem eru að tapa 50% gætu verið að missa um 1.000 bú.

Samtök býflugnabænda hafa óskað eftir fjárhagsaðstoð til handa býflugnabændum svo þeim auðnist að byggja upp bú sín að nýju. Bændur sem eru með 50 bú eða fleiri eiga rétt á uppskerutryggingu frá Agricorp insurance til að mæta sínu tjóni af völdum veðurs, sjúkdóma og faraldra. Hugh Simpson segir að bændur þekki þó lítið til þessa kerfis og fáir skilji hvernig það virkar. */HKr.*

Samdráttur í tekjum kanadískra bænda

Nettótekjur kanadískra bændabýla dróst saman um 2,5% samkvæmt opinberum tölum. Minnkuðu nettótekjur búanna úr 8,5 milljörðum Kanadadollara 2016 í 8,3 milljarða 2017 (660 milljarðar ísl. kr.). Er þetta í fyrsta skiptið síðan 2013 sem innkoma dregst saman í kanadískum landbúnaði.

Mestur samdráttur varð í Ontario-fylki og í Saskatchewan. Er þetta samfara verulegri kostnaðaraukningu í kanadískum landbúnaði sem fer vaxandi. Heildar rekstrarkostnaður í kanadískum landbúnaði jókst á síðasta ári um 2,4% og nam aukningin 46,2 milljörðum Kanadadollara. Þetta kemur í kjölfar 0,5% kostnaðaraukningar á árinu 2016 og var þetta sjöunda árið í röð sem rekstarkostnaður hækkar. Þá jókst eldsneytiskostnaður á síðasta ári um 11,5%.

Nokkuð misjafnt er milli búgreina hvernig staðan er. Þannig jókst sala á hinni olíuríku jurt canola um 7,3% og velta í þeirri ræktun jókst um 13,2%. */HKr.*



Á FAGLEGUM NÓTUM



Kýr í góðri nyt þarf í kringum 10 fötur af vatni á dag eða um 100 lítra.

Betri nýting vatns í nautgriparækt



Snorri Sigurðsson
snsig@arlafoods.com

Kýr og nautgripir almennt drekka mikið magn af vatni og vatn er jafnframt mikið notað við kúabúskap s.s. við þrif mjaltakerfa. Þá er vatnsnotkun við afurðavinnsluna einnig mikil og segja má að gott aðgengi að vatni sé ein grunnforsendan fyrir því að hægt er að stunda mjólkurframleiðslu.

Við búum við þá einstöku auðlind að hafa aðgengi að góðu drykkjarvatni bæði fyrir menn og kýr um nánast allt land. En vatn er ekki ótakmörkuð auðlind og þó svo að hér á landi sé eftilvill gnótt vatns, er ástæðulaust að nota meira vatn en raunverulega er þörf á. Erlendis hefur vatnsnotkun í nautgriparækt notið vaxandi athygli og auknar áherslur á að draga úr vatnsnotkun í nautgriparækt hefur leitt til stórbættrar þekkingar á vatnsnotkuninni og þróunar á leiðum til betri nýtingar á vatni.

10 fötur af vatni

Hvað sem sagt er um vatn og nýtingu á vatni þá er dagljóst að vatn á ekki að spara þegar kýrnar eru annars vegar. Vatn er mikilvægasta fóðrið sem við bjóðum kúnum okkar upp á og því betra og meira aðgengi sem við gefum kúm að vatni, því betur tryggjum við grunnforsendurnar til mikillar mjólkurframleiðslu.

Kýr í góðri nyt þarf í kringum 10 fötur af vatni á dag eða um 100 lítra, til þess að halda uppi framleiðslunni og hafa þarf sérstaklega hugfast að kýr eru mest þyrstar eftir mjaltir og eftir fóðrun og því þarf að haga staðsetningu drykkjarkerja með þetta í huga. Þá eru kýr almennt latar og drekka einfaldlega minna, og framleiða þá minna af mjólk, ef þær fá ekki nóg vatn þegar þær vilja drekka. Það er því ekki bara nóg að hafa rétta staðsetningu á drykkjarkerjum, heldur þarf að vera nóg pláss fyrir kýrnar svo þær komist að.

Aðrir gripir þurfa einnig gott aðgengi að vatni en vatnsflæðið og aðgengið skiptir hér minna máli. Tryggja þarf þó að allir gripir geti haft val um að drekka á tveimur stöðum, þar sem annar staðurinn getur spillst eða teppst af grip sem er hærra í virðingarröðinni.



Vatn er mikilvægt til að halda uppi hreinlæti í mjólkurfamleiðslu.

Smákálfarnir braggast betur

Vatn er einnig afar mikilvægt smákálfum sem eru fóðraðir á mjólk en ég sé þó enn smákálfastíur þar sem ekki er gott aðgengi að vatni og úr því þarf að bæta. Margir þeirrra bænda sem ég hef verið að vinna fyrir erlendis hafa talið að mjólkurdrykkjan væri einfaldlega nóg fyrir smákálfana. Það er að mörgu leyti rétt en þar sem við viljum ná sem mestum og bestum þroska í kálfana okkar þarf að bjóða þeim upp á aðengi að vatni líka.

Þegar kálfarnir drekka vatn, fer það í vömbina en ekki aftur í vinstur eins og mjólkin, og þar hjálpar vatnið til við að skapa örverum heppilegt umhverfi og vambarstarfsemi kálfanna fer því fyrr og betur í gang. Þegar svo er, geta þeir fyrr tekið til við að éta fóðurbæti og gróffóður og þroskast því betur.

Hreint vatn

Rétt er að minna á mikilvægi þess að drykkjarvatnið sé alltaf af góðum gæðum og hreint og gildir það auðvitað fyrir alla gripi en það er sérstaklega mikilvægt hjá smákálfunum þar sem þeir eru mun viðkvæmari fyrir smiti en eldri gripir. Þá hefur verið sýnt fram á að hin skæða baktería E. coli getur dreifst út frá drykkjarstöðum og því er enn mikilvægara að huga sérstaklega vel að þrifum á þeim. Þegar heitt er í fjósi þarf og á að þrífa alla drykkjarstaði daglega en þegar kaldara er má draga úr tíðninni niður í annan hvern dag.

Mjaltakerfin nota mikið vatn

Mjaltakerfin nota töluvert mikið af vatni bæði til forkælingar á mjólk sem og til kerfisþvottar og þá þarf auðvitað að nota vatn við almenn þrif á mjaltaaðstöðunni. Það er helst á þessum vettvangi sem kúabændur geta sparað vatnsnotkunina og eru nokkrar leiðir færar:

Vatn er ódýrasti og umhverfisvænsti kælimiðillinn sem völ er á fyrir mjólk og til þess að kæla niður einn lítra af mjólk þarf um 2-2,5 lítra af vatni. Á búi sem framleiðir eitt tonn af mjólk á dag þarf því að nota í kringum tvö til tvö og hálft tonn af vatni á dag og þó svo að þetta sé mikið magn af vatni, þá er þetta þó mun minna en það drykkjarvatn sem kýrnar drekka á degi hverjum. Því er upplagt að senda vatnið frá forkælinum inn á brynningarkerfið og t.d. í vatnsforðaker. Frá því má svo leiða lögn í bæði drykkjarkerin eða nýta til þess að spúla mjaltaaðstöðuna. Þessi ker eiga það reyndar til að safna í sig óhreinindum og því er mikilvægt að tryggja að vatnsforðaker séu tæmd



Við búum við þá einstöku auðlind að hafa aðgengi að góðu drykkjarvatni bæði fyrir menn og kýr um nánast allt land. En vatn er ekki ótakmörkuð auðlind og þó svo að hér á landi sé ef til vill gnótt vatns, er ástæðulaust að nota meira vatn en raunverulega er þörf á.

Brúarforss - Mynd / HKr.

daglega eða tryggja það mikla vatnsnotkun að vatnið nái daglega að endurnýja sig í kerinu.

Varðandi kerfisþvottinn má einnig spara vatn með því að nota eingöngu þriggja þrepa þvott þ.e. forskolun, þá basískan eða súran þvott til skiptis og svo skol eftir þvottinn. Þvottur sem þessi, með þeim þvottaefnum sem þekkjast í dag, er nógu öflugur til þess að halda líftölunni niðri og um leið er þetta það þvottakerfi sem notar minnst magn af vatni.

Að síðustu má nefna að þó svo að ekki sé hægt að nýta forskolsvatnið þar sem það inniheldur mjólkurleifar þá má safna saman í ker bæði þvottavatninu og skolvatninu frá kerfisþvottinum. Þetta vatn er svo hægt að nota til þess að spúla mjaltakerfið með og þannig spara vatn. Þeir sem eru með mjaltaþjóna ættu einnig að geta gert þetta og nýtt þannig vatnið betur.

Mikil vatnsnotkun erlendis

Ef við horfum út fyrir landsins steina þá er víða gríðarlega mikil notkun á vatni í nautgriparæktinni. Þannig hefur t.d. verið reiknað út að vatnsnotkun í nautakjötsframleiðslu sé að jafnaði í kringum 15,5 tonn á hvert einasta kíló af nautakjöti, þegar það er komið til neytenda! Er þá allt talið með þ.e. bæði vatn sem þarf til vökvunar á akra og tún vegna gróffóðurframleiðslunnar, drykkjarvatn nautgripanna, vatnið sem notað er við hreinsun í sláturhúsum og kjötvinnslum og þar fram eftir götunum. Þetta eru margir vatnsdropar og því hefur verið lögð á það áherslu að finna leiðir til þess að draga úr þessari miklu vatnsnotkun og það er hægt með því að bændur, afurðastöðvar og vinnsluaðilar kjöts gera það sameiginlega.

Dæmi um þetta má nefna frá Ítalíu þar sem sérstaklega var horft til vatnsnotkunarinnar og reynt að draga úr henni eins víða í framleiðsluferlinu og mögulegt var án þess að draga úr afkastagetunni og með sameiginlegu átaki framangreindra aðila tókst að draga úr vatnsnotkuninni um 25% að jafnaði á hvert selt kíló nautakjöts.

Afurðafyrirtækin leiðandi


Undanfarin ár hafa mjaltatækjaframleiðendur komið með margskonar nýjungar og endurbætur sem spara vatn við notkun mjaltakerfanna og þá sér í lagi dregið úr vatnsnotkun mjaltaþjónanna. Það eru þó afurðafyrirtækin í mjólkurvinnslu í heiminum sem hafa leitt þróunina í nautgriparæktinni þegar horft er til minnkandi vatnsnotkunar.

Vatnsnotkun við afurðavinnslu mjólkur, s.s. vegna þrifa og kælingar, er oft þrisvar til fjórum sinnum meira en mjólkurmagnið sjálft og nýverið kom fram í Bretlandi að oft er þessi vatnsnokun miklu meiri og í raun óþarflega mikil.

Á þeim svæðum í heiminum, þar sem vatn er nú þegar af skornum skammti, hafa afurðastöðvarnar neyðst til að leita leiða til vatnssparnaðar og eru í dag til dæmi um að hægt er að starfrækja afurðastöðvar í mjólkuriðnaði án þess að nota utanaðkomandi vatn! Skýringin felst í margkonar hreinsiferlum og endurnýtingu, en þó aðallega í mjólkinni sjálfri! Langstærsti hluti mjólkur er í raun vatn og þegar mjólkin er unnin fellur hluti af þessu vatni til í afurðastöðinni og eftir síun og hreinsun þess er þá hægt að nota það rétt eins og annað vatn.

Heimildir úr ýmsum áttum

ÍSRÖR



Hjá Ísrör færðu einangruð hitaveiturör frá LOGSTOR


– Stálrör
– Stálfittings og samsetningar

– Pexrör
– Pexfittings og samsetningar

– PexElextra sveiganlegri plaströr
– Pexfittings og samsetningar

Og svo allt annað sem þarf til hitaveitulagna

ÍSRÖR



Nýtt hjá ÍSRÖR

Bjóðum nú kaldavatnslagnir PE-100 og PE-80 ásamt tilheyrandi fittings

Bjóðum einnig snjóbræðslurör PP og PE

Hringhella 12, 221 Hafnarfjörður · Sími 565 1489 · isror@isror.is · www.isror.is

Bændablaðið
Smáauglýsingar
56-30-300
Hafa áhrif um land allt!

Bylting í hreinlæti!
www.i-teamglobal.com

i-mop



i-mop XL gólfþvottavélin auðveldar þrif, sparar tíma og léttir lífið. Hentar fyrir fyrirtæki og stofnanir



i-vac 6 ryksugan er fyrir mikla notkun. Hún er hönnuð með fagfólki sem gerir þessa ryksugu að frábæru vinnutæki

Vesturhrauni 3 - 210 Garðabær
480-0000 - sala@aflvelar.is - www.aflvelar.is
AFLVÉLAR



VÖNDUÐ JEPPADEKK
Á FRÁBÆRU VERÐI

STÆRÐ 315/70R17
49.600,- kr.

STÆRÐ 285/70R17
46.900,- kr.



ARCTIC TRUCKS
EXPLORE WITHOUT LIMITS

ÞÚ FÆRÐ JEPPADEKKIN HJÁ OKKUR!

ARCTIC TRUCKS | KLETTHÁLSI 3 | 110 REYKJAVÍK | 540 4900
WWW.ARCTICTRUCKS.IS

SULKY - NÝTT MERKI!

Jarðvinnsluvélar, áburðardreifarar og sáningarvélar frá Sulky komnar í sölu hjá Vélavali.

Sulky er með söluhæstu tækjum á sínu sviði í vestur Evrópu enda mjög virt og þekkt vörumerki.







Vélaval S. 453 8888 - velaval@velaval.is

UTAN ÚR HEIMI

Kew-grasagarðurinn:

Hitabeltishúsið opnað eftir miklar endurbætur

Hitabeltisgróðurhúsið í Kew-grasagarðinum í London er nú aftur opið eftir að hafa verið lokað í fimm ár vegna endurbóta. Hítabeltishúsið er stærsta gróðurhús í heimi frá Viktoríutímabilinu og endurbæturnar á húsinu þær flóknustu sem gerðar hafa verið á gróðurhúsi til þessa.

Hitabeltishúsið í Kew var opnað almenningi árið 1863 og þótti gríðarlegt undur og hámusteri grasafræðinnar á þeim tíma þar sem almenningur gat gengið um og skoðað margs konar framandi gróður, pálma, bananaplöntur, vanillu og kakótré.

Húsið hafði staðið nánast óbreytt í 150 ár þar til fyrir fimm árum þegar hafist var handa við endurgerð þess. Verkefnið var flókið og þurfti meðal annars að flytja um 10.000 plöntur í geymslu, sinna þeim meðan á endurbótunum stóð og koma þeim aftur fyrir í húsinu að endurbótum þess loknum. Endurbyggja þurfti stóran hluta stálgrindar hússins og skipta um hátt í 15.000 gler.



Gróðurhúsið hafði staðið nánast óbreytt í 150 ár þar til fyrir fimm árum þegar hafist var handa við endurgerð þess. Verkefnið var flókið og þurfti meðal annars að flytja um 10.000 plöntur í geymslu meðan á framkvæmdunum stóð.

Mest einmana tré í heimi

Í húsinu er að finna margar sjaldgæfar plöntur og plöntur sem hafa staðið í húsinu frá því að það var byggt. Þar er meðal annars að finna pálma af tegundinni Encephalartos woodii og kallaður er mest einmana tré í heiminum enda með þeim allra sjaldgæfustu. Tréð þekkist ekki lengur í náttúrunni og öll tré í ræktun eru karlkyns.

Önnur sjaldgæf planta í húsinu kallast Dombeya mauritiana. Tré sem talið var útdautt þar til það fannst í plöntuleitarleiðangri grasafræðinga frá Kew á eyjunni Máritíus út af Madagaskar fyrir fáeinum árum.

Rannsóknir sem tengjast plöntunum í hitabeltishúsinu eru margar hluti af alþjóðlegu samstarfi sem felst í endurheimt gróðurs á svæðum sem eru illa farin af mannavöldum.



Encephalartos woodii fluttur aftur í hitabeltishúsið. Pálminn er kallaður mest einmana tré í heiminum enda með þeim allra sjaldgæfustu. Tréð þekkist ekki í náttúrunni og öll tré í ræktun eru karlkyns.



Hitabeltisgróðurhúsið í Kew-grasagarðinum í London.

Endurreist til fyrri fegurðar

Sir David Attenborough sagði við opnun hússins að það hafi verið endurgert til fyrri fegurðar og að hann hlakkaði til að heimsækja það í framtíðinni. Auk þess sem Attenborough minnti á að Kew-garðurinn væri mikilvægasti rannsóknargrasagarður í heimi og starfið þar ómetanlegt.

Auk þess sem garðurinn er lifandi plöntusafn er þar að finna eitt stærsta safn í heimi af þurrkuðum plöntusýnum. Margar af þurrkuðu plöntunum eru svokölluð frumeintök sem notuð eru þegar kemur að greiningu plantna í tegundir. Þar er meðal annars að finna plöntusafn Darwins sem hann hafði með sér heim eftir að hafa siglt umhverfis jörðina á HMS Beagle.

Plöntur endurnýjaðar

Við endurgerð hússins voru margar af hæstu plöntunum klipptar niður eða ný og lágvaxnari eintök sett í staðinn fyrir þau gömlu. Með þessu fæst meiri birta inn í húsið og auðveldara er fyrir gesti að skoða plönturnar þar sem krónur margra þeirra eldri náðu orðið alveg upp í loft gróðurhússins.

Dýr viðgerð

Upphafleg kostnaðaráætlun gerði ráð fyrir að viðgerðin myndi kosta 34,3 milljónir sterlingspunda. Endanlegur kostnaður var nokkuð hærri, eða 41 milljón sterlingpund, sem jafngildir 5,7 milljörðum íslenskra króna. Viðgerðin var að stórum hluta fjármögnuð með ágóðanum af lottómiðasölu og opinberum fjárveitingum. */VH*




RAUÐSKEGGUR & KOLSKEGGUR FRÁ KJARNHOLTUM 1

Stóðhestarnir Rauðskeggur og Kolskeggur frá Kjarnholtum 1 munu taka á móti hryssum í Kjarnholtum 1 frá og með 10. júlí.

Rauðskeggur hefur hlotið 8,76 í aðaleinkunn, þ.e. 8,68 fyrir sköpulag og 8,80 fyrir kosti.

Kolskeggur hefur hlotið 8,86 í aðaleinkunn, þ.e. 8,74 fyrir sköpulag og 8,94 fyrir kosti.





Heildarverð undir hvorn hest er 150 þús. kr. með vsk. Innifalið er girðingargjald og ein sónarskoðun.

Bókanir fara fram í gegnum netfangið **kjarnholt01@gmail.com** og í síma **862 2847** eða **486 8932**.

SÖGUR & SAGNIR ÚR SVEITINNI

Jarpur Magnúsar Ketilssonar

Bókaútgáfan Sæmundur sendi nýlega frá sér endurútgáfu á bókinni Forystu-flekkur og fleiri sögur sem kom fyrst út árið 1950. Í bókinni er að finna fjölbreytt úrval sagna um menn og málleysingja sem flestar eru frá því um og fyrir aldamótin 1900.

Bændablaðið mun í samvinnu við Bókaútgáfuna Sæmund birta hluta þessara sagna í næstu tölublöðum.

Meðan Magnús sýslumaður Ketilsson (d. 1803) bjó í Búðardal var það vani hans að láta stóðhross sín ganga inni í Saurbæ sumar og vetur. Einu sinni tók hann þaðan úr stóðinu jarpan hest, sex vetra gamlan, og hafði aldrei mannshönd á honum tekið fyrr. Fóru þá vinnumenn að temja hann eins og sýslumaður hafði sagt þeim. Var hann þeim baldinn, en þeir lítt vandaðir, og fluttu þeir einn dag á honum kaupstaðarvöru frá morgni til nóns. Vissi sýslumaður ekkert um meðferðina á hestum sínum. Var þá sprett af hestunum og Jarpi með þeim og þeir reknir út fyrir tún, en fólkið fór inn að snæða.

Rétt á eftir kom stúlka út og sá þá Jarp standa við bæjardyrnar. Hún fór inn og segir það piltunum, en þeir skipuðu henni að reka klárinn út fyrir tún, og það gerði hún. Síðan fór hún inn og út aftur eftir skamma stund og sér þá Jarp á sömu hellunni og áður. Segir hún piltunum frá því, og rekur þá einn þeirra hann út fyrir. En óðara en maðurinn var kominn inn úr bæjardyrunum var Jarpur kominn á sömu helluna og hann var áður.

Sýslumaður var í baðstofuhúsi og hafði heyrt um allt sem við hafði borið. Gekk hann þá út og sagði að Jarpur mundi vilja finna sig. Kallar hann nú á vinnumenn sína og ganga þeir allir út. Rennir þá Jarpur augunum raunalega upp á sýslumann og röltir síðan af stað út á slétta flöt, leggst þar og réttir frá sér höfuð og fætur, og á skammri stundu var hann steindauður. Spyr þá Magnús vinnumenn sína hvað þeir haldi að Jarpur hafi meint, en þeir þögðu. Sagðist hann þá skyldu segja þeim það sjálfur: Jarpur hefði verið að klaga þá fyrir meðferð þeirra á honum. Talaði hann þannig við þá að þeir gengu sumir grátandi á brott.



TINE vill auka sjálfbærni í mjólkurframleiðslunni með því að framleiða eldsneyti á mjólkurflutningabíla úr kúamykju.

TINE í Noregi íhugar að framleiða hauggas úr kúamykju

Mjólkursamlagið TINE í Noregi íhugar að koma á fót eigin fyrirtæki til að framleiða hauggas úr kúamykju til að framleiða eldsneyti og orku fyrir bílaflota fyrirtækisins og mjólkursamlög. Arðsemi og ávinningur fyrirtækisins vegna áætlananna getur verið verulegt að mati ráðgjafafyrirtækisins Rambøll.

„Hauggasmarkaðurinn í Noregi er vaxandi bæði með tilliti til fjölda framleiðenda og aukningar í framleiðslu. Á sama tíma sjáum við aukinn vilja til skuldbindingar bæði hjá hinu opinbera og eins í einkageiranum. Með þeim náttúruauðlindum sem við höfum hér í landi og með okkar virðiskeðju getum við tekið okkur stöðu og hjálpað til við að bæta umhverfið og efnahag fyrirtækisins," segir yfirmaður miðlunar og sjálfbærni hjá TINE Lars Galtung.

Draga úr losun um 30%

Í fyrra hleypti fyrirtækið átakinu #Kúkraftur af stokkunum þar sem hluti bílaflota fyrirtækisins keyrir á hauggasi sem búið er til úr kúamykju í samvinnu við fyrirtækin Skagerak Energi og Greve Biogass.

„Við fáum nú stuðning í nýrri hauggasskýrslu frá ráðgjafafyrirtækinu Rambøll sem mælir með því að fyrirtækið skoði möguleikana á að taka sér stöðu á eigenda- og framleiðsluhliðinni. Þetta sé gert til að afhenda hauggas til eigin mjólkurvöruframleiðslu og til flutninga en einnig sem afhendingaraðili til viðskiptavina utan frá," segir Lars og bætir við:

„Eigin hauggasframleiðsla getur orðið mjög hagstæð, bæði fyrir TINE og umhverfið. Það er einnig mikilvægt fyrir landbúnaðinn að minnka metangaslosun frá matvælaframleiðslunni og þetta getur verið einn liður í því. Á sama tíma minnkum við til muna notkun á jarðefnaeldsneyti eða um 13% af CO2 á hvern lítra af mjólk sem er frábært. Ef okkur á að takast markmið stjórnvalda um að draga úr 30% losun gróðurhúsalofttegunda innan ársins 2030 þá verðum við að koma á framleiðslu sjálf og útbúa stöðvar fyrir fljótandi hauggas. Stjórnvöld verða líka að koma til móts við okkur og íhuga ívilnanir í til dæmis formi minni vegatolla eins og raunin er um rafmagnsbíla í dag." */ehg - Bondebladet*



Hestar geta skapað arðbær störf úti á landi, segir landbúnaðar- og matvælaráðherra Noregs, Jon Georg Dale.

Norðmenn vilja auka vægi hrossaræktar

Hestaíþróttir og -bransinn í heild sinni skapa störf og hefur mikla möguleika á að auka enn meira virði en hann gerir í dag. Í samvinnu við hrossaræktina hefur norska ríkisstjórnin þróað nýjar hestaleiðbeiningar á landsvísu.

„Staða hestsins í Noregi er að breytast og því verðum við að halda vel utanum greinina í heild sinni með fjölbreyttari hætti en gert hefur verið. Hestar geta skapað arðbær störf úti á landi og eru þessar nýju hestaleiðbeiningar meðal annars hugsaðar til þess að auðvelda samvinnu milli sveitarfélaga og hrossaræktarinnar," segir landbúnaðar- og matvælaráðherra Noregs, Jon Georg Dale.

Gera greinina sýnilegri

Nýju hestaleiðbeiningarnar virka sem eins konar alfræðirit og innihalda staðreyndir, tengiliðaupplýsingar, hlekki á gildandi reglur og góð dæmi sem sýna hvernig hægt er að veðja og öðlast árangur.

„Hesturinn hefur ákveðið hlutverk í til dæmis ferðaiðnaði og við ýmiss konar meðferðir. Þrátt fyrir það eru störf innan greinarinnar takmörkuð. Ríkisstjórnin vill leggja áherslu á að landbúnaður er meira en matvælaframleiðsla og hesturinn er einn hluti af viðbótargreinum í landbúnaði. Margir bændur sem eru með í Opnum landbúnaði nota hesta við þá kynningarvinnu og leiðbeiningarnar hjálpa til við að gera þessa grein sýnilegri og að þróa áfram félagslegan ávinning af því að halda hesta," segir Jon Georg og bætir við:

„Í Svíþjóð er hestagreinin stór og var veltan þar um 48 milljarðar sænskra króna árið 2013 en í Noregi á sama tíma var veltan rétt rúmir 7 milljarðar norskra króna. Það eru um 100 þúsund hestar í Noregi og þumalputtareglan segir okkur að hægt sé að skapa eitt starf fyrir hverja tíu hesta og því ætti að vera hægt að gera meira úr þessari grein í Noregi."

/ehg − Norska landbúnaðar- og matvælaráðuneytið

Magnús Leópoldsson lögg. fasteignasali
FASTEIGNAMIÐSTÖÐIN
Hlíðasmára 17, 201 Kópavogur - Sími 550 3000 - Gsm 892 6000
Gott framboð af áhugaverðum jörðum og tækifærum í ferðaþjónustu.
fasteignamidstodin@fasteignamidstodin.is - www.fasteignamidstodin.is
María Magnúsdóttir hdl. lögg. fasteignasali - Sjöfn Ólafsdóttir lögg. fasteignasali

Bílskúrs- og iðnaðarhurðir

• Stuttur afhendingartími
• Hágæða íslensk framleiðsla
• Val um fjölda lita í RAL-litakerfinu
• Vindstyrktar hurðir
Smíðað eftir máli
Iðnaðarhurðir
Iðnaðarhurðir með gönguhurð
Bílskúrshurðir
Hurðir í trékarma
Tvískiptar hurðir
Fyrsta flokks þjónusta og ráðgjöf
VD HURÐIR
Tunguháls 10, 110 Reykjavík, sími 567 3440, vagnar@vagnar.is, vagnar.is

VÍKURVAGNAR EHF.
MIKIÐ ÚRVAL KERRUVARAHLUTA

RAFMAGNSBÚNAÐUR
BREMSUR
BEISLI
DEKK
LJÓS
LED LJÓS
VÍKURVAGNAR EHF.
STYRKUR, ÞJÓNUSTA OG ÁREIÐANLEIKI
Víkurvagnar ehf. – Hyrjarhöfði 8. – 110 Reykjavík
Sími 577-1090 – www.vikurvagnar.is – sala@vikurvagnar.is

VÉLABÁSINN

Ódýr og hagnýtur Dacia Dokker



Hjörtur L. Jónsson
liklegur@internet.is

Í nokkurn tíma hef ég ætlað að prófa litla sendibílinn frá Dacia og þegar ég sá svoleiðis bíl innréttaðan sem húsbíl hjá einstaklingi kom það mér á óvart að svona lítill bíll gæti gagnast sem húsbíll svo ákvað ég að prófa gripinn.

Bíllinn sem ég prófaði var með lokuðu þili á milli ökumannsrýmis og farangursrýmis og því uppsettur sem sendibíll.

Vélin sú sama og í Duster og Logan

Vélin er 1500cc. disel og skilar 90 hestöflum og er sama vélin og í Logan og Duster, en Duster átti ég í 2 ár og var afar ánægður með þann bíl í alla staði þar til kom að kerrudrætti, en 1500cc. dísilvél er ekki vænleg til að vera mikið í kerrudrætti. Hins vegar er þessi diselvél afar sparneytin, en uppgefin eyðsla í blönduðum akstri er 4,5 lítrar af disel á hundraðið. Mér tókst nokkrum sinnum við mismunandi aðstæður að ná eyðslunni á mínum Duster niður í 4,6 á hundraðið.

Eftir prufuaksturinn á þessum litla sendibíl sagði aksturstölvan að miðað við 100 km akstur hefði ég verið að eyða 5,9 lítrum (í hávaðaroki og rigningu), nokkuð gott miðað við veður og að ég væri að keyra bílinn í fyrsta skipti.

Þægilegur í akstri og lítið malarvegahljóð, þrátt fyrir að vera á vetrardekkjum

Ég prófaði bílinn á mjög grófum malarvegi og kom á óvart hversu fjöðrunin var góð á mölinni og veghljóð lítið. Inni í hjólaskálunum að aftan heyrðist aðeins í smærri steinum sem mjúkir hjólbarðarnir skutu upp í innri afturbrettin Hjólbarðarnir undir bílnum voru heilsárs hjólbarðar (ónegld vetrardekk).

Bíllinn er á dekkjastærðinni 185/65/15, en án vandræða er hægt að stækka dekkin um eina stærð til að fá belgmeiri dekk og enn betri fjöðrun.

Varadekk er í fullri stærð og er undir bílnum á stað sem nokkuð þægilegt er að ná undan án mikillar verkfræðiþekkingar.

Prufuaksturinn

Að keyra bílinn er þægilegt, en þrátt fyrir að Dacia séu ódýrir bílar þá mega þeir eiga það að ökumannssæti og sætið þar við hliðina í öllum bílum sem ég hef prófað frá Dacia eru góð og þægileg (aðeins síðri eru aftursæti í Duster og Logan).

Mælaborðin eru einföld og hægt að nálgast allar nauðsynlegar upplýsingar til aksturs, en lítið umfram það nauðsynlegasta.

Hliðarspeglarnir mættu vera stærri og ná lengra út til að fá betri sýn aftur fyrir bílinn, sérstaklega þegar verið er að bakka að einhverju eða í stæði.

Útvarpið fær ekki hjá mér neina stórtónleika einkunn, en dugir vel fyrir þetta litla rými sem er frammi í bílnum.

Verð og aukahlutir

Dacia Dokker kostar frá 2.340.000 (án vsk. 1.887.096), en hægt er að fá ýmsan aukabúnað s.s. dráttarkúlu, en uppgefin dráttargeta bílsins er 1200 kg. Persónulega myndi ég halda að það væri mikið „bílnýð“að draga eitthvað sem er 1200 kg á þessum bíl. Ég myndi halda að 600 kg væri nóg fyrir 1500cc. 90 hestafla dísilvél. Auka álfelgur 15" og 16". Á 16" álfelgum verður bíllinn aðeins stífari og skemmtilegri á malbiki, en síðri á möl).



Dacia Dokker er 3,3 rúmmetrar að innanmáli. Myndir / HLJ



Gott aðgengi til reglulegs viðhalds við vélina er á Dacia.



Nokkur geymsluhólf eru frammi í bílnum, en mættu vera fleiri möguleikar til að hengja af sér yfirfatnað, s.s. úlpuna og fl.



Til að vera löglegur í umferð með afturljósin kveikt verður maður alltaf að muna að kveikja ljósin þegar lagt er af stað.



Alltaf leiðst svona læst eldsneytislok sem alltaf þarf lykil til að opna, en þessu má alveg breyta.



Farangursrýmið er glettilega stórt.

Helstu mál og upplýsingar

Hámarks burðargeta	630 kg
Hæð	1.809 mm
Breidd	1.751 mm
Lengd	4.363 mm

Loka niðurstaða

Sennilega einhver ódýrasti litli sendibíllinn sem er á markaðnum í dag og ódýrasti í rekstri. Verð og gæði fara í flestum tilfellum saman sem er oftast rétt.

Vissulega eru nokkur atriði sem vantar í þennan bíl sem er orðinn staðalbúnaður í sambærilegum bílum, svo sem bakkskynjarar eða bakkmyndavél svo eitthvað sé nefnt.

Maður fær þó ekki allt fyrir ekkert og að mínu mati er hagkvæmt nú í augnablikinu að kaupa þennan bíl gagnvart framtíðinni, vitandi að eftir nokkra mánuði munu svona bílar og aðrir hækka töluvert í verði vegna nýrra mengunarviðmiða.

Allar nánari upplýsingar má nálgast á vefsíðunni www.bl.is.

ÖRYGGI – HEILSA – UMHVERFI

Íslenskir bændur – takk fyrir snyrtilegar sveitir

– Mikið hefur breyst á nokkrum árum svo textinn í lagi Halla Reynis, „Fjúkandi rúlluplast", á vart lengur við



Hjörtur L. Jónsson
liklegur@internet.is

Eflaust hafa margir lent með hugann fastan við laglínu sem er hreinlega föst í huganum í heilan dag eða meira.

Í síðustu viku ók ég hring um landið og í stað þess að keyra hefðbundinn hring sem oftast er nefndur Þjóðvegur 1 tók ég nokkra auka kílómetra um sveitir, annes og fáfarna firði og úr varð 2.200 km rúntur á sjö dögum. Stuttu áður en ég lagði upp í þetta ferðalag sá ég myndband með Halla Reynis og Vigdísi þar sem þau sungu lag eftir Halla sem ber nafnið „Fjúkandi rúlluplast". Daglega alla ferðina kom þessi laglína upp í hugann þegar ég ók um sveitir landsins og sá heyrúllur í stafla.

Mikill munur á ásýnd sveita nú og fyrir örfáum árum

Á hverju ári í nokkur ár hef ég ekið einn eða fleiri hringi í kringum landið ósköp svipaða leið, en samt alltaf farið á staði hluta leiðar þar sem ég hef ekki komið áður. Þó svo að í huga mínum hafi síðastliðna viku alltaf verið þessi laglína um fjúkandi rúlluplast, er ekki þar með sagt að sú hafi verið sýnin sem við mér blasti.

Vissulega sá ég fast í girðingum flaksandi rúlluplast sem betur hefði verið í Endurvinnslunni, en að ferðast nú um landið og fyrir nokkrum árum er stór munur. Ekki er hægt annað en að hæla bændum almennt fyrir mikla snyrtimennsku, séða frá þjóðvegum. Hins vegar þar sem ég sá rúlluplast fast í girðingum var þetta oftar en ekki á nokkrum bæjum í röð, en á öðrum stöðum ók maður í gegnum heilu sveitirnar



Í gamalli þvottavélartrommlu á Langaholti á Tjaldur sér hreiðurstað.



Tjaldsegg í þvottavélatrömlu.

og sá þá hvergi í neinni girðingu rúlluplast í girðingum.

Víða verið að taka til í járnaruslahaugum og annars staðar var ruslinu stillt upp sem skrauti

Einnig hefur járnaruslahaugum sjáanlegum ferðamönnum fækkað en á nokkrum stöðum mátti sjá slíka hauga sem greinilega voru að bíða örlaga sinna, tilbúnir að vera settir í næsta járnagám til endurvinnslu. Ryðguð vinnutæki frá fyrri part síðustu aldar hafa alltaf verið eitthvað sem heillar mig og að sjá svoleiðis tækjasafn snyrtilega raðað og aðgengilegt til að skoða hefur ósjaldan verið tilefni hjá mér til að stoppa og virða fyrir mér þessi fyrrum þörfu tæki, sem þóttu svo ómissandi fyrir um 60–100 árum. Víða má sjá svona tæki í fjarlægð við vegi landsins og ýmislegt annað þar saman við. Með smá vinnu má oft gera það sem virðist rusl og drasl að lystigarði fyrir þá sem hafa gaman af gömlu „ryðguðu dóti" og vilja njóta þess.

Listaverk og blómapottar

Allavega þegar mér var hugsað til síðustu 10 ára er landið alltaf að verða fegurra og skemmtilegra til ásýndar þegar ferðast er. Vil ég almennt þakka bændum fyrir dugnað við að fegra sitt nánasta umhverfi og skreytingar með gömlum munum og tækjum síðustu árin.

Að lokum verð ég að nefna eitt sem vakti athygli mína og ánægju. Það er að í ferðaþjónustunni að Langaholti hefur verið safnað saman ýmsum gömlum munum og gróðursett nytjajurtir í eitt horn við húsið þar sem gestir gjarnan njóta kvöldsólar, Whisky og vindla. Í þessum pottum fann Tjaldur sér hreiðurstæði og nýtur skjólsins þarna í horninu liggjandi á eggjum sínum. Hann gerir sér þó annaðhvort upp mannamun, eða er vandfýsinn á tegund vindla, því að á suma lítur hann varla og liggur sem fastast á eggjunum, en á aðra gellur hann á með skerandi hávaða.



Járnaruslahaugum sjáanlegum ferðamönnum hefur fækkað en á nokkrum stöðum mátti sjá slíka hauga sem greinilega voru að bíða örlaga sinna, tilbúnir að vera settir í næsta járnagám til endurvinnslu. Með smá breytingum væri hægt að gera þetta bara huggulegt minjasafn.

Handknúinn sópur



Cleanfix HS770 sópurinn hentar bæði inni og úti.
Fyrir bílaplön, bílageymslur, íþróttasvæði, o.fl.
Vinnslubreidd 77 cm
Stillanlegur hliðarbursti
32L tankur

cleanfix

Vesturhrauni 3 - 210 Garðabær
480-0000 - sala@aflvelar.is - www.aflvelar.is
AFLVÉLAR

KROSSGÁTA Bændablaðsins



MYND: JÜPPSCHE (CC BY-SA 3.0)

85	SKREIÐAST	VÍRUS	NABBI	TVEIR EINS	MÁL		HVIÐA	SJOKK	MANNA	KK NAFN
FUGL										
VAGN						HÆRRA / VEIÐI				
SKJÖGUR				VERRI / STEINLÍM						
RÍKI Í SV-ASÍU / SJÁ EFTIR					BYLTA / AFGANGUR					GETRAUN
	↓	ÓSKERT	SVELG / TVEIR EINS			MJÖG / BIRTA				
BANA					ELDHÚS-ÁHALD / FJALLSNÖF			STÆKKA	HÖFÐI	
SÍLL				SNÖKT / VINNA			BAKTAL / FUGL			
TVEIR EINS			HÖFÐÝR / VESÆLL			BLÍSTRU / KEYRSLA				
MAKA				FRAM-KVÆMA / NÆÐA		VILJA / ÁVÍTUR				INNVOLS
		SUNDFÆRI / HÝRA				ÓHREININDI / KLAKA	SPENDÝR / GLUFA			
ANGAN					URG			SPRIKL / HOLU-FISKUR		
FRJÁLSA					SORGBITIN / SJÚK-DÓMUR				RÓMVERSK TALA	
PLANTA				SKORDÝR			NOKKRIR			
ÁRANS						DÍNAMÓR				

HÖFUNDUR BH • KROSSGATUR.GATUR.NET

Lausn á krossgátu í síðasta blaði



MYND: HEDWIG STORCH (CC BY-SA 3.0)


84	BARN	VARNA	TRJÁ-TEGUNDAR	SPRIKL	HVIÐA		DÝRA-HLJÓÐ	ÓSKORÐAÐ	BOGI	SKÝLA
SVISS	K	V	E	I	K	J	U	L	Á	S
FLYTJA	R	E	I	Ð	A	SVALL / SPIL	R	A	L	L
RÓL	A	R	K	RAUP / HRAÐAÐ	S	K	R	U	M	Æ
BLAÐRA	K	J	A	F	T	A	KVABB / ORG	S	U	Ð
	F	FLÓN	Í RÖÐ	MANNS-NAFN / FÁLM	K	A	R	L	SKJÁLFA / SKÓLI	N	Ö	T	R	A
RAUÐ-BRÚNI	J	A	R	P	I	BEIN	MARGS-KONAR / ÓLGU	Ý	M	I	S	UTANMÁL	KROT	TVEIR EINS
SKVETTA Á	A	U	S	A	FESTA RÆTUR / SKYLDLEIKI	R	Æ	T	A	URGUR / SÓÐNINGUR	K	U	R	R
TVEIR EINS	L	L	DANS / TALA	T	V	I	S	T	EINHVERJIR / LÉLEGT MÁLAG	S	U	M	I	R
FARFA	L	I	T	VAFI / AFHENDING	E	F	I	LÖGUNAR / RÁÐGERA	F	O	R	M	S	PILLA
	A	OF LÍTIÐ / STAÐ-SETTNING	V	A	N	NÁKOMIÐ	N	Á	I	Ð	HYLLI / SPYRJA	Á	S	T
BIT	G	L	E	F	S	FUGL / SPENDÝR	G	Æ	S	GANGÞÓFI	I	L	SKURÐ-BRÚN	A
VOG	R	E	I	S	L	A	SKAÐI / RÁS	T	J	Ó	N	VAFI / ÆST	E	F
STORKA	Ö	G	R	A	HUGSA	P	Æ	L	A	KLÓ	N	Ö	G	L
ÁTT	S	A	TEYMA	L	E	I	Ð	A	URGA	S	A	R	G	A

HÖFUNDUR BH • KROSSGATUR.GATUR.NET

Bændablaðið
Smáauglýsingar 56-30-300

LÍF & LYST – BÆRINN OKKAR

Mýrdalur 2



Gísli Þórðarson og Áslaug Guðbrandsdóttir búa á bænum Mýrdal 2 í fyrrum Kolbeinsstaðahreppi og reka þar 650 kinda fjárbú.

Býli: Mýrdalur 2.

Staðsett í sveit:
Kolbeinsstaðahreppi sem er nú sameinaður Borgarbyggð.

Ábúendur:
Gísli Þórðarson og Áslaug Guðbrandsdóttir en föðurfjölskylda Gísla hefur búið hér frá 1912.

Fjölskyldustærð (og gæludýra):
Við eigum fjögur börn og fjögur barnabörn.

Stærð jarðar? 2.139 hektarar.

Gerð bús? Sauðfjárbúskapur.

Fjöldi búfjár og tegundir?
650 kindur, 8 hross, 4 smalatíkur, einn músaveiðari, 3 hænur og 2 hanar.

Hvernig gengur hefðbundinn vinnudagur fyrir sig á bænum?
Fer eftir árstíð, á veturna er fyrri gjöf gefin fyrir hádegi og seinni gjöf eftir síðdegiskaffi. Annars enginn dagur eins og hver þeirra sérstakur.

Skemmtilegustu/leiðinlegustu bústörfin?
Skemmtilegast að taka fé inn á haustin og líka að sjá það fara á fjall á vorin. Leiðinlegast að koma þrjósku lambi á spena.

Hvernig sjáið þið búskapinn fyrir ykkur á jörðinni eftir fimm ár?
Svipaðan og vonandi komið betra veður. :-)

Hvaða skoðun hafið þið á félagsmálum bænda?
Erum glöð ef einhver vill standa í þeim vanþakklátu störfum.

Hvernig mun íslenskum landbúnaði vegna í framtíðinni?
Vel, því hann er bestur.

Hvar teljið þið að helstu tækifærin séu í útflutningi íslenskra búvara?
Að selja á dýrari markaði sem lúxusvöru.

Hvað er alltaf til í ísskápnum?
Mjólk frá Hrauntúni, ostur, smjör og egg.

Hver er vinsælasti maturinn á heimilinu?
Léttreyktur ærhryggur og lambakjöt.



Barnabörnin kyrr, öll á sama stað aldrei þessu vant.



Safnið komið heim á smaladegi.

Eftirminnilegasta atvikið við bústörfin?
Þegar Gísli læsti sig fyrir utan bílinn og lét koma með aukalykla, en svo uppgötvaðist að hliðarglugginn var opinn. Einnig þegar hann var að keyra hjólbörur fullar af hrossaskít upp í taðdreifara eftir mjóum planka sem var smá sleipur, skrikaði fótur og lenti með andlitið á kafi í börurnar.

MATARKRÓKURINN

Kjúklingaleggir og -vængir með HM



Bjarni Gunnar Kristinsson
Matreiðslumeistari

Kjúkling má elda á marga vegu og eru vængir og leggir vinsælir yfir sjónvarpinu þegar mikilvægir íþróttaleikir eru sýndir. Nú þegar Heimsmeistaramótið í fótbolta er á næsta leiti er ekki seinna vænna að finna bestu uppskriftina. Gott er að reka endahnútinn á góða kjúklingamáltíð með hollu nammi með fullt af stökkum hnetum í.

Gott er að hluta vængina niður með því að klippa á milli liðamóta og dýfa efri hlutanum í eina gerð af sósu og neðri hlutanum í kryddblöndu eða annars konar sósu. Svo er gott að framreiða með fersku íslensku hráu grænmeti.

Buffaló-sósa:

- 1 msk. ósaltað smjör, brætt
- 1/4 tsk. cayenne pipar
- 1/4 tsk. ferskt malaður svartur pipar
- 1/4 tsk. salt
- 1/4 bolli heit chili sósa (má blanda saman tómatsósu og chilisósu)

Aðferð
Blandið fyrstu fjórum innihaldsefnunum í miðlungsskál; látið standa í fimm mínútur. Hrærið í chili-sósu saman við eftir smekk.

Athugið að hægt er að gera þetta viku fram í tímann. Geymt í kæli.

Engifer-soja gljái:

- 1/4 bolli hunang
- Tvær msk. sojasósa
- 3 stór hvítlauksrif, marin eða söxuð fínt



- Tvisar sinnum eins sentimetra stykki af engifer, skrælt og sneitt niður

Aðferð
Öllum hráefnum blandað saman ásamt 1/4 bolla af vatni, látið sjóða í litlum potti. Hrærið til að leysa hunangið upp. Lækkið hitann alveg niður á minnsta straum, látið malla og hrærið öðru hvoru þar til vökvinn hefur minnkað í 1/4 bolla í um 7–8 mínútur. Setjið í skál. Látið sitja í 15 mínútur svo þetta þykkni aðeins.

Athugið að þetta er hægt að gera fimm daga fram í tímann. Setjið plastfilmu yfir svo ekki myndist skán.

Vængir:

- 1 pakki kjúklingavængir, endinn fjarlægður („kjuðaðir") og efri vængir teknir í sundur og kryddaðir úr hvorri kryddblöndunni
- 2 msk. jurtaolía
- 1 msk. salt
- 1/2 tsk. ferskur malaður svartur pipar

Aðferð
Hitið ofninn að 200 gráðum. Setjið grind með bökunarpappír inn í ofn og bakka undir fyrir umfram safa. Setjið hvorn kryddlög hvorn í sína skálina. Dreifðu vængjunum á bökunarplötuna svo þeir festist ekki saman og bakist rétt og jafnt.

Bakið vængina þar til þeir eru full eldaðir og stökkir – gæti tekið 45–50 mínútur. En það þarf að snúa þeim og hugsa vel um að gljáinn brenni ekki.

Gott er að pensla með engifersósunni eða olíu og baka aðrar 8–10 mínútur.


Penslið helminginn aftur með buffalósósu. Berið fram strax (engin þörf á að baka aftur).

Hægeldaðir kjúklingaleggir með sætchili- og hnetusósu:

Sæt chili- og engifersósa á einstaklega vel með með kjúklingi og auðvelt er að gera góðan asískan kjúklingarétt með slíkri sósu á stuttum tíma.

- 2/3 bolli af sætri sojasósu
- 2/3 bolli Thai sætri chilisósu
- 2 tsk. fiskisósa eða ostrusósa
- Smá af ferskri engiferrót, skrælð og hökkuð
- 2 pakkar kjúklingaleggir
- Ferskur saxaður kóríander, til að skreyta með (valfrjálst)
- Saxaðar hnetur, til að skreyta með (valfrjálst)

Aðferð
Í stórt ílát er sett sojasósa, sæt chilisósa, fiskisósa og engifer. Setjið kjúklinginn ofan í og blandið saman. Setjið það í kæli og látið kjúklinginn liggja í kryddinu í um þrjár klukkustundir eða yfir nótt. Þegar tilbúið er að elda, látið þá í ofn í um 150–170 gráður og látið bakast í gegn um klukkustund.



Penslið með ögn meiri sósu úr dallinum og stráið söxuðum hnetum, kasjú- eða salthnetum. Setjið grillið í gang í um þrjár mínútur á hvorri hlið og snúið einu sinni og penslið yfir með meiri sósu. Takið úr ofninum og skreytið með kóríander og meiri söxuðum hnetum, ef þess er óskað.

Gott að bera fram með þunnsneiddu grænmeti og radísum.

Poppkorn með súkkulaði, kókosolíu og hnetum:

Það getur stundum verið erfitt að lifa heilbrigðum lífsstíl en hægt að velja aðeins hollara millimál en bland í poka. Eftirfarandi poppuppskrift er auðveld og góð.

- 100 g lífrænn poppmaís
- 3 msk. lífræn kókosolía
- 1 stk. ósykrað súkkulaði eða annað gott súkkulaði
- 3 msk. ljóst agave sýróp eða ögn hrásykur
- 1 msk. hnetu Nutella
- 2 msk. ósykraður rifinn kókos eða blandaðar hnetur (valfrjálst)

Aðferð
Hitið ofninn í 150 gráður

Poppaðu poppmaís í örbylgjuofni eða í potti með loki (ef settur er hrásykur rétt áður en maísinn er settur í pottinn þarf að hafa hröð handtök í að sturta innihaldinu á bökunarplötu áður en karamellan brennur).

Setjið kókosolíu, súkkulaði, agave og vanillu á steikarpönnu og setjið í ofninn meðan það er forhitað.

